

SHALDOR
skoðun 18



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



Finnskir tangótónar

Fimm í tangó treður upp með
tónlist í Menningarmiðstöðinni
Gerðubergi.
allt 3



FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

7. janúar 2011
5. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Seldi 30 þúsund plötur
Plötur frá Kidda í Hjálmmum
og félagum seldust grimmt
á síðasta ári.

fólk 42

Generalprufa fyrir HM
Ísland spilar æfingaleiki
við Þýskaland í dag og á
morgun.

sport 36




Á nýjum stað

Páll Ragnar Pálsson leggur
stund á doktorsnám í
tónsmíðum í Eistlandi.

föstudagsviðtalið 16


veðrið í dag



VONSKUVEÐUR verður víða á
landinu fram eftir degi. Snjócoma
norðanlands og sums staðar stór-
hríð þar um tíma en úrkomulítið
eða úrkomulaust sunnan til. Það
dregur úr frosti í dag.

VEÐUR 4

Fréttablaðið er nú með **187%**
meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.

Svandís rannsakar mengun

Umhverfisstjórnir lítur díoxínmengunarmálið alvarlegum augum og mun láta kanna málið ofan í kjölinn. Allir sem höfðu aðkomu að málinu, frá sorpbrennslu til ráðuneytis, falla undir rannsóknina.

UMHVERFISMÁL „Ég mun láta fara fram ítarlega rannsókn á málinu öllu. Það er fullt tilefni til að taka málið til rækilegrar skoðunar frá upphafi til enda. Annað væri ólíandi frá hendi stjórnvalda,“ segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisstjórnari um mál sorpbrennslunnar Funa í Skutulsfirði og annarra fyrirtækja þar sem díoxínmengun hefur mælst langt yfir viðmiðunarmörkum. „Markmiðið er að leiða í ljós mögulega ábyrgð í þessu máli en fyrst og fremst að draga lærdóm af því sem hefur gerst og leita tækifæra til úrbóta.“

Svandís mun leita til óháðs aðila til að skoða málið og telur hún háskólastofnun best til þess

fallna. Rannsóknin mun ná aftur til þess tíma að undanþágu frá reglum EES um sorpbrennslu var óskað árið 2003 og til dagsins í dag.

„Þar vil ég fá upp á borðið með hvaða hætti var óskað eftir undanþágum, hvaða rök voru færð fyrir málinu og hvernig var komist að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld ættu yfirhöfuð að óska eftir þeim,“ segir Svandís.

Hún telur jafnframt mikilvægt að fram komi hvort skilyrðum undanþágunnar hafi verið framfylgt. „Það á meðal annars við um mælingar frá sorpbrennslunum. Eins hvað gerðist svo árið 2008 þegar niðurstöður lágu fyrir úr

Það er fullt tilefni til að taka málið til rækilegrar skoðunar frá upphafi til enda. Annað væri ólíandi frá hendi stjórnvalda.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
UMHVERFISRÁÐHERRA

díoxín mælingunum frá þessum gömlu sorpbrennslum. Ég spyr hver viðbrögð stjórnsýslunnar voru og hvaða ákvarðanir voru teknar, á hvaða forsendum og hvernig þeim var framfylgt.“

Svandís segir að skoðunin nái til allra sem komu að málinu með einhverjum hætti og greint verði

hverjar skyldur sveitarstjórna, eftirlits- og rekstraraðila, heilbrigðiseftirlita, Umhverfisstofnunar og umhverfisstjórnuneytis voru. „Ég vil vita hvort hagsmuna almennings hafi verið gætt, sem og hvort réttur almennings til upplýsinga hafi verið tryggður með fullnægjandi hætti,“ segir Svandís.

Hún segir nauðsynlegt að óháður aðili fari ofan í saumana á málinu.

„Hér er um stjórnsýslu í umhverfismálum að ræða þar sem farið er með mikilvæga hagsmuni náttúru og almennings og því er verulegt tilefni til að rýna í hvort þeir hagsmunir séu tryggðir.“ - sh



DÁGÓÐUR DÚETT Ólafur Stefánsson tók lagið með Páli Óskari á karaóki-maraboni sem Björk Guðmundsdóttir stendur fyrir í Norræna húsinu. Markmiðið er að vekja athygli á undirskriftasöfnun þar sem þess er krafist að þjóðin fái að kjósa um hvort auðlindir landsins verði í höndum þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ellefu íslenskar myndir frumsýndar í ár þrátt fyrir niðurskurð á fjárframlögum:

Aldrei fleiri frumsýningar

FÓLK Þrátt fyrir yfirlýsingar kvikmyndagerðarmanna um að árið 2011 yrði þeim erfitt verða ellefu íslenskar kvikmyndir frumsýndar á árinu samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Það þýðir að árið í ár verður metár.

„Tölurnar segja ekki allt,“ segir Ólafur Jóhannesson, sem frumsýnir tvær kvikmyndir á árinu. Hann bendir á að kvikmyndagerðarfólk hafi lagt mikið á sig við að koma kvikmyndum sínum á koppinn og meirihlutinn hafi verið fjármagnaður eftir óhefðbundnum leiðum eða með erlendu fjármagni. Kvikmyndagerðarmenn hafa kvartað mikið undan þrjátíu prósentu niður-



SPENNANDI BÍÓÁR Okkar eigin Osló, fyrsta mynd Reynis Lyngdal, er ein ellefu myndir sem frumsýndar verða á árinu.

skurði á starfsemi Kvikmynda-
miðstöðvar.

Rokland eftir Marteini Þórsson sem byggð er á samefndri bók

Hallgríms Helgasonar ríður á vaðið 14. janúar. Meðal annarra mynda má nefna Okkar eigin Osló og Eldfjall en þetta eru fyrstu kvikmyndir leikstjóranna Reynis Lyngdal og Rúnars Rúnarssonar í fullri lengd. Baltasar Kormákur frumsýnir einnig nýja mynd á árinu, Djúpið, sem byggð er á ótrúlegu sundafreki Guðlaugs Friðþórssonar árið 1984 þegar hann synti í land eftir að Hellið VE sökk.

Þá fá börnin einnig eitthvað fyrir sinn snúð því fjölskyldu-
myndin L7 hrafnar, sóleyjar og myrra verður frumsýnd í febrúar. Þá verður teiknimyndin Þór frumsýnd á árinu. - fgg / sjá síðu 34

Forsetafrúin brýtur blað:

Dorrit í nýjum sjónvarpsþætti

FÓLK Dorrit Moussaieff forsetafrú verður aðstoðarkona Sólveigar Eiríksdóttur í nýrri sjónvarpsþáttaröð.

Tökur á þáttunum hefjast í dag en þá fara þær stóllur í Gnúperja-hrepp og heim-sækja býlið Skaftholt, sem þykir vera í fremstu röð þegar kemur að lífrænni ræktun og sjálfbærni.

Sólveig var að vonum himinlifandi með aðstoðarkonuna. „Dorrit er virkilega klár og skemmtileg kona sem hefur alltaf haft mikinn áhuga á hollum mat og heilbrigðum lífsstíl.“

- fgg / sjá síðu 42



DORRIT MOUSSAIEFF

Enn drepast dýr í hrönnum:

Tugþúsundir dauðra krabba rak að landi

NÁTTÚRA Þúsundum dauðra krabba hefur skolað á land við borgina Kent á Sudaustur-Englandi. Er þar um að ræða enn eitt tilfellið sem ratar í heimsfréttir um dýr sem drepast í hrönnum af einkennilegum ástæðum.

Yfir 40 þúsund krabbar, af tegund sundkrabba, fundust í fjöru í nágrenni borgarinnar ásamt dauðum krossfiskum, humrum, svömpum.

Sérfræðingar telja að krabbarnir hafi drepist úr ofkælingu enda var nýliðinn Desembermánudagur sá kaldasti í Bretlandi í um 120 ár. Auk þessa atviks hafa dauðir fuglar fallið af himnum ofan í Bandaríkjunum og Svíþjóð og hundruðum þúsunda dauðra fiska hefur skolað á land í Bandaríkjunum, Brasilíu og Nýja-Sjálandi.

- sh / sjá síðu 4



Róbert, verður þetta alvöru handboltaorokk?

„Já, en ekki í hefðbundnum skilningi þess orðs.“

Róbert Örn Hjálmtýsson, forspraki hljómsveitarinnar Eg, frumflytur nýtt stuðningslag fyrir handboltalandsliðið í þætti Loga Bergmanns í kvöld.

Uppreisnarforingi sja í Írak: Sneri aftur til Íraks úr útleögð

ÍRAK, AP Muqtada al-Sadr, einn helsti leiðtogi sjíamúslima í Írak, hefur snúið aftur til landsins eftir fjögurra ára sjálf-skipaða útleögð í Íran.



MUQTADA AL-SADR

Hann var leiðtogi Mahdi-hersins, sem barðist ákaft gegn bandaríska hernum í Írak, og nýtur enn mikils fylgis í landinu, meðal annars á þinginu.

Hann kom til landsins á miðvikudag og lét það verða sitt fyrsta verk að heimsækja hina helgu mosku Alis í borginni Najaf, þar sem hann á heimili.

Ekki var ljóst hvort hann ætlaði að staldra stutt við í Írak að þessu sinni eða væri alkominn úr útleögðinni.

- gb

Iðnaður á Suðurnesjum:

Kísilverksmiðja í sjónmáli syðra

IÐNAÐUR Framkvæmdir við kísilverksmiðju gætu hafist í Helguvík í vor og gætu þar skapast um 150 störf á framkvæmdatímanum næstu tvö ár. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að samningaviðræður væru á lokastigi og standa vonir til þess að þeim yrði lokið fyrir mánaðamót.

Verksmiðjunni, sem þarf 65 MW af raforku, er ætlað að framleiða 50.000 tonn af hrákísil á ári, en sú vara er einkum nýtt til framleiðslu á sólarrafhlöðum.

Um 90 framtíðarstörf gætu skapast með tilkomu verksmiðjunnar, en á Suðurnesjum er mest atvinnuleysi á landsvísi.

- þj

Forstjóri 365 hafnar tilboði RÚV um kaup á sýningarréttinum á HM í handbolta sem hefst í næstu viku:

Segir tilboðið alltof seint fram komið

FJÖLMIDLAR RÚV bauðst í gær til að kaupa sýningarréttinn að HM í handbolta af 365 á sama verði og 365 greiddi fyrir hann, auk 20 prósentu álags fyrir undirbúningskostnað. Í tilboðinu fólst einnig að 365 mætti sýna leikina samhliða.

Ari Edwald, forstjóri 365, var fljótur að hafna tilboðinu og kallaði það sprell til að spilla stemningunni fyrir mótið. Í samtali við Fréttablaðið sagði Ari að tilboðið væri allt of seint fram komið til að svigrúm væri til að vinna úr því, enda tækju viðræður um framsal af þessu tagi



PÁLL MAGNÚSSON



ARI EDWALD

við seljanda réttarins langan tíma. „Ég á því ekki heldur að venjast þegar menn gera viðskiptatilboð í alvöru að þau berist að manni með

einhverju fjölmíðlaáhlaupi,“ bætir hann við.

Páll hafnar því að tilboðið sé sprell. „Þetta tilboð er lagt fram í fúlustu alvöru og af einlægum áhuga á að Íslendingum öllum verði gert kleift að horfa á handboltalandsliðið í heimsmeistarakeppninni,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Tilboðið sé ekki seint á ferðinni enda hafi ekki komið í ljós fyrr en í vikunni að menntamálaráðuneytið myndi ekki skikka 365 til að hafa leikina í opinni dagskrá, eins og tölkist á Norðurlöndum.

Ari hafnar því einnig að það felist aðgangstakmarkanir í því að þurfa að greiða fyrir áhorfið. Mánadarskrift að Stöð 2 sport sé ódýrari en miði á einn leik úti í Sviþjóð og auk þess hafi íþróttaviðburðir á stöðinni hlotið mjög mikið áhorf til þessa.

Ari furðar sig jafnframt á því að RÚV hafi efni á að bjóða í keppnina. „Les hann ekki ársskýrslurnar okkar?“ spyr Páll. Sú síðasta sýni 200 milljóna hagnað og RÚV sé því í raun betur í stakk búið til að kaupa réttinn en 365.

- sh

Ráðhúsvörður leitaði horfins borgarfulltrúa

Aðstoðarmaður borgarstjóra hljóp í skarðið þegar einn borgarfulltrúa Besta flokksins fannst ekki. Tær byrjendamisök, segir Eva Einarsdóttir sem beið eins og hún gat á borgarstjórnarfundi en varð loks að bregða sér á snyrtinguna.

REYKJAVÍKURBORG „Mér hefur dálítið verið strítt fyrir þetta,“ segir Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi, sem missti næstum af atkvæðagreiðslu á borgarstjórnarfundi vegna salernisferðar.

Eva var kjörin borgarfulltrúi Besta flokksins í vor en hefur þar til nýlega verið í fæðing- arorlofi. Því er hún tiltölulega óreynd í starfinu. Á fundi borgarstjórnar á þriðjudag var á dagskrá tillaga Besta flokksins og Samfylkingarinnar um úttekt á stjórnarsýslu borgarinnar í aðdraganda bankahrunsins.

Eva útskýrir að á meðan ekki sé beinlínis verið að greiða atkvæði geti borgarfulltrúar brugðið sér stuttlega frá, til dæmis til að svara símtölum, án þess að kalla verði inn yaramenn.

„Ég sem ný manneskja vildi alls ekki víkja úr sal heldur heyra allt og beið þangað til ég gat ekki beðið lengur,“ segir Eva, sem kveður félagi sína í Besta flokknum hafa sagt vera í lagi fyrir hana að skreppa fram. Hún hafi hins vegar ekki gert sér grein fyrir að umræðunum um málið var að ljúka á þeim tímamarki og ekki annað eftir en að greiða atkvæði.

„Þetta voru bara byrjendamisök í sinni tærustu mynd. Þegar ég kom fram aftur var vörður að leita að mér. Það var frekar vandræðalegt,“ lýsir Eva.

Vegna þess að hún var ekki í borgarstjórnarsalnum þegar ganga átti til atkvæða var Eva skráð út af fundinum og S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra og nífundi maður á lista Besta flokksins, skráður inn sem varamaður í hennar stað.

En ég kom síðan hlaupandi inn og rétt náði að rétta upp hönd.

EVA EINARSDÓTTIR
BORGARFULLTRÚI BESTA FLOKKSINS



EVA EINARSDÓTTIR OG S. BJÖRN BLÖNDAL Aðstoðarmaður borgarstjóra afsalaði sér 20.228 krónum sem hann átti rétt á fyrir að vera varamaður í eina mínútu.

„En ég kom síðan hlaupandi inn og rétt náði að rétta upp hönd,“ segir Eva. Tillagan var í tveimur liðum og Eva náði að taka þátt í að afgreiða síðari lið hennar.

Varamenn, aðrir en 1. varamaður borgarfulltrúa, eiga rétt á 20.228 króna greiðslu fyrir að taka sæti á borgarstjórnarfundum. Samkvæmt upplýsingum úr Ráðhúsinu afsalaði

S. Björn Blöndal sér þessari þóknun. Hann var skráður á fundinn í eina mínútu.

Síðar á borgarstjórnarfundinum fór fram atkvæðagreiðsla um að Eva tæki við formennsku í íþrótt- og tómstundaráði af Diljá Ámunda- dóttur. „Þá passaði ég mig á að sitja inni í sal,“ segir Eva, reynslunni ríkari.

gar@frettabladid.is



GÓÐAR GJAFIR Lionsmenn afhentu BUGL tvo bíla til eignar og munu einnig sjá um rekstur þeirra í þrjú ár. MYND/LSH

Höfðinglegar gjafir Fjörgynjar: Lionsmenn gefa BUGL tvo bíla

SAMFÉLAGSMÁL Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL) fékk höfðinglega gjöf á dögum þar sem félagar í Lionsklúbbnum Fjörgyn afhentu deildinni tvo bíla til eignar.

BUGL hefur nýtt bílana fyrir starf með börnum og unglingum á legudeild og fyrir vettvangs- teymi göngudeilda. Fjörgyn mun jafnframt standa undir árlegum rekstrarkostnaði bílanna í þrjú ár, meðal annars í samvinnu við N1, Sjóvá og Bifreiðar og landbúnaðarvélur.

Við sama tækifæri afhenti Fjörgyn BUGL tölva, skjávarpa og sýningartjald að gjöf.

- þj

Iðnaðarráðuneytið brotlegt:

Dómstólar fjalli um bótaábyrgð

STJÓRNARSÝSLA Iðnaðarráðuneytið stóð ekki rétt að ráðningu starfsmanns verkefnisstjórnar annars áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, að mati umboðsmanns Alþingis.

Vildi ráðuneytið ekki ráða umsækjanda vegna skoðana hans í umhverfismálum og umræðum um þau á opinberum vettvangi.

Umboðsmaður kemst að þeirri niðurstöðu að annmarkar við ráðningarferlið eigi ekki að leiða til ógildingar ráðningar ráðuneytisins á öðrum umsækjanda. Umboðsmaður fjallaði ekki um bótaábyrgð og vísar til þess að slíkt sé hlutverk dómstóla.

- þj

Bendir til íkveikju á Akureyri:

Kveikt í húsi á Eiðsvallagötu

LÖGREGLUMÁL „Það leikur sterkur grunur á því að um íkveikju hafi verið að ræða,“ segir Gunnar Jóhannsson, lögreglufulltrúi á Akureyri.

Fimm ungmenni um tvítugt búa í húsinu við Eiðsvallagötu 5, þar sem kviknaði í snemma á sunnudagsmorgninum síðastliðnum. Eldur kviknaði í kjallara hússins nálægt glugga en það var nágranni, sem átti leið hjá fyrir tilviljun, sem vakti íbúa hússins og bjargaði þar með lífi þeirra.

Enginn er grunaður um verknadinn og lýsir lögreglan enn eftir vitnum.

- sv

Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.



Hallinn 73 milljarðar króna í stað 105 milljarða:

Afkoma ríkisins betri en ætlað var

EFNAHAGSMÁL Greiðsluhalli ríkisins fyrstu ellefu mánuði nýliðins árs er heldur minni en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Í þeim var gert ráð fyrir rúmlega 105 milljarða króna halla, en þess í stað reyndist handbært fé frá rekstri neikvætt um 72,7 milljarða króna. Árið áður var hallinn á sama tíma 122,8 milljarðar, að því er fram kemur í nýjum tölum fjármálaráðuneytisins.

Fram kemur að tekjur ríkissjóðs fyrstu ellefu mánuði ársins 2010 hafi verið 44,2 milljörðum króna hærrí en á fyrstu ellefu mánuðum fyrra árs um leið og gjöld hafi dregist saman um 12,6 milljarða. Alls námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 411,8 milljörðum, sem

er 43,9 milljarða króna aukning frá árinu áður og 22,2 milljörðum meira en ráð var fyrir gert.

„Hið jákvæða frávik stafar einkum af hagnaði vegna svonefnds Avenssamkomulags, sem ekki var reiknað með í fjárlögum. Þá voru skatttekjur og tryggingagjöld 1,1 milljarði króna yfir tekjuáætlun fjárlaga og námu 361,2 milljörðum króna frá janúar til nóvember,“ segir í tilkynningu fjármálaráðuneytisins.

Bókfærður tekjuskattur einstaklinga var 80,4 milljarðar króna, tekjuskattur lögaðila 12,7 milljarðar og virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam 110 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins.

- óká

Frumskýning á 60 ára
afmælisútgáfu LC 150



TOYOTA

STÓRSÝNING

Um helgina - Breytt landslag



Verðlækkun

Verðlækkun*

Verðlækkun

Verðlækkun*

Verðlækkun

Verðlækkun



Verðlækkun*

60th Anniversary

60 ára afmælisþakinn er að
verðmæti 265 þús. krónur.

Það er breytt landslag á íslenskum bifreiðamarkaði í kjölfar breytinga á vörugjöldum bifreiða.

Toyota blæs af því tilefni í lúðra og heldur stórsýningu í Kópavogi, Reykjanesbæ, á Selfossi og Akureyri, laugardag, á milli 12 og 16.

Markmið breytinga á vörugjöldum bifreiða er að draga úr útblæstri CO₂ og skapa umhverfsvænna Ísland. Við fögnum þessum breytingum því að Toyota hefur um árabil lagt mikla áherslu á að framleiða umhverfsvænni bíla og draga úr útblæstri CO₂.

Þess vegna getum við boðið margar af vinsælustu tegundum Toyota bifreiða á mun hagstæðara verði en áður.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota

* Eftirfarandi tegundargerðir lækka ekki í verði: Land Cruiser VX, bensín / Auris 1.6i Sol AT og Terra AT / Avensis EXE 2.0i SD/WG og 2.0i dísel SD/WG

GENGIÐ 06.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	116,61	117,17
Sterlingspund	180,54	181,42
Evra	152,71	153,57
Dönsk króna	20,49	20,61
Norsk króna	19,696	19,812
Sænsk króna	17,149	17,249
Japanskt jen	1,4018	1,4100

SDR 178,49 179,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4684

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MAÐUR ÁRSINS Þórður tekur við blómvendi úr hendi Þorgeirs Ástvalds-sonar. Með þeim á myndinni eru Ívar Guðmundsson, Rúnar Róbertsson, Bragi Guðmundsson og Hermann Gunnarsson.

Maður ársins á Bylgjunni: Verðlaunaður fyrir hetjudáð

FÓLK Björgunarsveitarmaðurinn Þórður Guðnason var á gamlársdag valinn maður ársins á Bylgjunni, en hann hlaut yfirburðakosningu á Vísir.is. Þórður hlýtur þessa viðurkenningu fyrir hetjudáð sína þegar hann hætti lífi sínu til að bjarga sjö ára gömlum dreng úr þrjátíu metra djúpri jökulsprungu í upphafi árs.

Á nýju ári heimsótti Þórður Bylgjuna og tók við blómvendi úr hendi Þorgeirs Ástvalds-sonar. Auk þess fékk hann gjafabréf frá Kringlunni og Flugfélagi Íslands. Þórður verður aðalgestur Hemma Gunn í þætti hans á sunnudaginn.

Þórður var sömuleiðis kjörinn maður ársins á Rás 2, hetja ársins hjá DV og Vestlestingur ársins hjá Skessuhorni. - þj

LEIÐRÉTTING

Skipalestir frá Bandaríkjunum til Sovétríkjanna á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, sem sagt var frá í frétt blaðsins í gær, voru ekki á vegum Sovétríkjanna heldur Vesturveldanna.

Milljónum dauðra fiska skolar á land í Bandaríkjunum, Brasilíu og Nýja-Sjálandi:

Fiskar og fuglar drepast enn í stórum stíl

NÁTTÚRA Milljónum dauðra fiska skolar á land víða um heim á síðustu dögum. Tilvik hafa verið tilkynnt í Maryland og Arkansas í Bandaríkjunum, Brasilíu og Nýja-Sjálandi.

Tveimur milljónum dauðra fiska skolar á land í Chesapeake-flóa í Maryland í vikunni. Á þriðjudag fundust hundruð dauðra karfa á Coromandel-strönd á Nýja-Sjálandi og voru margir af fiskunum án augna. Talið er að fiskarnir við Nýja-Sjáland hafi drepist úr kulda.

Um 100 tonnum af sardínunum og fleiri fisktegundum hefur skolar á land í brasilískum fiskiþorpum á síðustu dögum og er ekki vitað hvað olli því að þeir drápust í svo stórum stíl.

Fyrsta tilvik á heimsvísu var tilkynnt í Arkansas rétt upp úr áramótum, þar sem um

100 þúsund fiskum skolar á land í Arkansas-á, um 150 kílómetra frá bænum Beebe, þar sem um þrjú þúsund svartprestir féllu dauðir af himnum ofan á nýársdag. Fleiri tilvik um dauða hundraða spörfugla hafa verið tilkynnt í Kentucky og Louisiana í Bandaríkjunum og í bænum Falköping í Svíþjóð. Sænskur vörubílstjóri sagðist á miðvikudag hafa keyrt yfir fuglana og hefur dýralæknir staðfest að fuglarnir drápust af miklum innvortis meiðslum eftir ytri áverka. - sv

DAUÐAR KRÁKUR Í SVÍÞJÓÐ Fram hefur komið að vörubílstjóri hafi keyrt niður um 100 krákur í Svíþjóð og hefur dýralæknir úrskurðað að fuglarnir hafi drepist af innvortis meiðslum eftir ytri áverka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Tíu ár í endurreisn hjá millitekjufólki

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, segir langt þar til kaupmáttur millitekjufólks ná góðærisstigi. Kaupmáttur láglanafólks var varinn í síðustu samningum. Gylfi segir þörf á traustara efnahagsumhverfi og gjaldmiðli.

KJARAMÁL Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), segir að áratugur geti liðið áður en kaupmáttur meðaltekjufólks ná sama stigi og á góðæris-tímanum fyrir hrun.

Eins og fram hefur komið í fréttum blaðsins er aukinn kaupmáttur launafólks eitt helsta atriðið í nýhöfnum kjaraviðræðum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA).

Í nýlegri grein á vef SA er mælt með hóflegum launahækkunum og vísað til þess að á árabílinu 2005 til 2009 hafi laun á Íslandi hækkað um 32 prósent á meðan þau hækkuðu um rúm tíu prósent að meðaltali í OECD-löndunum. Laun hafi svo haldið áfram að hækka á síðasta ári.

Forsvarsmenn ASÍ vísa hins vegar til hækkunar á vísitölu neysluverðs og rýrnunar kaupmáttar hjá þorra landsmanna.


Kaupmáttartölur frá ASÍ sýna með glöggum hætti ris og fall efnahagslífsins frá ársbyrjun 2005 og fram til nóvember 2010. Kaupmáttur á Íslandi hefur rýrnað mikið frá góðærinu sem náði hámarki sumarið 2007. Tölurnar hafa verið á uppleið síðustu mánuði, en kaupmáttur hefur enn ekki náð því sem hann var í janúar árið 2005.

Segir Gylfi að samkvæmt skýrslu Alþjóðavinnuálagstofnunar hafi launamenn sennilega hvergi í heiminum farið verr út úr hruninu en Íslendingar, hvað varðar kaupmáttarrýrnun. Það megi að mestu leyti skýra með gengishruni.

„Það er því miður þekkt stað-

Próun kaupmáttar á Íslandi 2005-2010

Breyting á kaupmátti Íslendinga frá janúar 2005



RÝR KAUPMÁTTUR Kaupmáttur á Íslandi hefur rýrnað mikið frá hruni. Forseti ASÍ segir að áratugur geti liðið þar til kaupmáttur millitekjufólks ná sama stigi og fyrir kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

reynd að hrun krónunnar hefur þurrkað upp 15 prósent af dagvinnulaunum og því til viðbótar er svo samdráttur í atvinnu þannig að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa

minnkað um rúman fimmtung.“

Gylfi bætir því við að þótt kaupmáttur hinna launalægstu hafi verið varinn í síðustu kjarasamningum sé langt í land með að millitekjufólk ná sömu hæðum.

„Það mun taka okkur áratug að endurreisa stöðu þeirra hvað varðar kaupmátt.“

Gylfi segir efnahagsumhverfið hér á landi þó geta staðið í vegi fyrir raunverulegum kjarabótum fyrir almenning.

„Það er engin launung að það efnahagsumhverfi og gjaldmiðill sem byggt verður á þarf að vera eitthvað traustara en það sem tíðkast hefur hingað til svo að tryggt verði að það sem vinnst hverfi ekki aftur tíu árum seinna.“

thorgils@frettabladid.is

Aldarafmæli Háskólans: Ný stefna HÍ á afmælisári

MENNTUN Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, opnar í dag dagskrá afmælishátíðar háskólans, en hann fagnar aldarafmæli hinn 17. júní.

Á kynningunni, sem hefst klukkan 11, mun menntamálaráðherra opna nýjan afmælisvef og rektor gerir grein fyrir dagskrá afmælisársins. Þar má meðal annars nefna að þekktir fræðimenn halda fyrirlestra í skólanum auk þess sem fjölbreyttar upptökur verða úti um allt land og aldarsaga háskólans kemur út.

Í dag verður einnig kynnt ný framtíðarstefna háskólans til næstu fimm ára. - þj



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR

Færri einkahlutafélög skráð: Skráningum fækkar um 37%

VÍÐSKIPTI Alls voru 1.483 ný einkahlutafélög skráð á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs, sem er 37 prósentu fækkun frá sama tímabili árið 2009. Þetta kemur fram í samantekt Hagstofu Íslands.

Alls voru 117 ný einkahlutafélög skráð í nóvember í fyrra, sem er 44 prósentum minna en í nóvember árið 2009.

Á sama tíma hefur gjaldþrotum fyrirtækja fjölgað. Fyrstu ellefu mánuði nýliðins árs urðu 877 fyrirtæki gjaldþrota, sex prósentum fleiri en á sama tímabili árið áður. Í nóvember varð 101 fyrirtæki gjaldþrota, 26 prósentum fleiri en í nóvember árið 2009. - þj

Heilbrigður lífsstíll

Ofþyngd – hugræn atferlismeðferð



Valgerður Margrét Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur
Helma Rut Einarssdóttir sálfræðingur

Leiðbeinendur hafa lokið sérnámi í hugrænni atferlismeðferð

Næsta námskeið hefst fim. 20. janúar

Nánari upplýsingar í s: 695-5288, 691-3949 og vmm@internet.is
Skráning í Heilsborg, s: 560-1010, heilsborg.is

Námskeið þar sem kenndar eru aðferðir byggðar m.a. á hugrænni atferlismeðferð

Farið er í hagnýtar aðferðir þar sem unnið er með hugsun, hegðun og líðan sem tengist ofþyngd með það að markmiði að taka upp heilbrigðari lífsstíl


VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

STORMUR gengur vestur yfir landið í dag og verður víða vonskuveður. Það lægir þegar líður á daginn, fyrst austan til. Búast má við stórhrið á Norðurlandi um tíma en ofankoman fer minnkandi síðdegis og í kvöld.

Á MORGUN Hvasst með SA-ströndinni, annars hægari.

SUNNUDAGUR Fremur hægur vindur víða um land.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	4°
Berlín	3°
Billund	1°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	22°
London	9°
Mallorca	18°
New York	4°
Orlando	18°
Ósló	-8°
París	11°
San Francisco	11°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÚTSALA



GERÐU FRÁBÆR KAUP!

**ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
250-3000 KR.**

það gerist varla betra...

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Styður þú upptöku vegtolla á leiðum sem liggja að höfuðborgarsvæðinu?

Já	14,5%
Nei	85,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að fylgjast með HM í handbolta?

Segðu skoðun þína á vísir.is



6

Tekjutenging afsláttar af aukatímum í leikskólum veldur áhyggjum minnihlutans:

Óttast þyngri róður hjá fjölskyldum

SVEITARSTJÓRNIR Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði Hafnarfjarðar segjast hafa miklar áhyggjur af fyrirhuguðum breytingum og tekjutengingu leikskólakjalda í bænum.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu ákvað meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna í bæjarstjórn að afnema afslátt til einstæðra foreldra og námsmanna vegna vistunar leikskólakjalda umfram átta stundir á dag. Hins vegar á að veita afslátt til þeirra tekjulægstu. Breytingin tekur gildi 1. mars en aðferðin við



GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON

tekjutenginguna hefur ekki verið útfærð.

„Þetta veldur óvissu og áhyggjum í hópi foreldra og starfsfólks enda umtalsverða breytingu á kjörum og afkomu þessara hópa að ræða. Nú þegar fara tekjutengingar vaxandi í skattkerfi og velferðarkerfi landsmanna og róðurinn þyngist sífellt hjá þeim fjölskyldum

í Hafnarfirði sem ná að auka við sig vinnu til að ná endum saman,“ bóka sjálfstæðismenn í bæjarráði sem vilja að óvissunni sé eytt.

Fulltrúar meirihlutans segja að nú sé horfið frá því að miða afslátt við ákveðna þjóðfélagshópa. Í staðinn ráði tekjur fjölskyldna hvort þær njóti afsláttarkjara. „Þannig er þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru beint til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda. Þetta teljum við réttlátara fyrirkomulag,“ bóka fulltrúar meirihlutans og upplýsa að verið sé að leggja lokahönd á viðmiðunarreglur.

- gar

Hræringar í jökli:

Frostbrestir en ekki skjálftar

NÁTTÚRA Nokkurra hræringa varð vart í Eyjafjallajökli í gær og komu þær fram á mælum Veðurstofu Íslands. Ekki var þó um jarðskjálfta að ræða og þaðan af síður fyrirboða um upphaf eldsumbrota.

Samkvæmt frétt Vísis var um frostbresti í jöklinum að ræða, en þeir mældust allt að 3 stig á Richter-mælikvarðanum.

Mikill kuldi var á svæðinu í gær og olli það því að jökullinn sprakk með þessum afleiðingum.

- þj

Fjárhagur Reykjanesbæjar:

Gert ráð fyrir rekstrarafgangi

REYKJANESBÆR Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar gerir ráð fyrir um 120 milljóna rekstrarafgangi bæjarsjóðs á árinu. Afgangur samstæðu er talin verða tæpar 400 milljónir.

Eignir bæjarins á hvern íbúa eru áætlaðar um 2,5 milljónir og skuldir á hvern íbúa eru rúmar 2 milljónir.

Í tilkynningu segir að reynt hafi verið að skerða ekki grunnþjónustu við bæjarbúa og hagsmunir barna og unglinga hafi verið hafðir að leiðarljósi.

„Gjaldskrárhækkunum er stillt í hof og er enn frítt í sund fyrir börn og eldri borgara sem og frítt í strætó. Leikskólagjöld er með þeim lægstu í samanburði við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Reykjavík,“ segir þar.

- þj

DÓMSMÁL

Ákærður fyrir nefbrot

Lögreglustjórnir á Suðurnesjum hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir að nefbrjóta mann. Atvikið átti sér stað í febrúar 2008 á Hafnargötu í Reykjanesbæ. Maðurinn er ákærður fyrir að kyla og sparka í andlit fórnarlambins sem gerir kröfu um ríflega 400 þúsund krónur í miskabætur.

LÖGREGLUFRETTIR

Alvarlega slösuð eftir bílslys

Kona á sjötugsaldri var flutt alvarlega slösuð með sjúkraflygúlf frá Sauðárkróki til Reykjavíkur í gær. Konan var í bíl sem lenti í árekstri við strætisvagn. Ökumaður strætisvagnsins slapp ómeiddur. Mikil ísing var á veginum og er það talið hafa orsakað slysið.

Brennum frestað

Hátíðarhöldum í tengslum við þrettándann sem halda átti í höfuðborginni í gær var öllum frestað vegna veðurs. Lögregla mun endurmeta í dag hvort leyfi verður gefið fyrir brennum.

Geta fryst sóknargjöld berist reikningar ekki

Sautján kirkjusóknir hafa ekki skilað ársreikningum hálfu ári eftir skilafrest. Fimm enn eru ónothæfir. Nýjar reglur kveða á um að frysta megi greiðslur sóknargjalda þar til reikningar berist. Margar sóknir eru í fjárhagserfiðleikum.

ÞJÓÐKIRKJAN Kirkjuráð Þjóðkirkjunnar getur ákveðið að svipta sóknir tekjum sínum ef þær skila ekki ársreikningum. Reglur þessa efnis tóku gildi um áramót. Sóknargjöldin eru þá lögð inn á biðreikning þar til reikningnum hefur verið skilað.

Ríkisendurskoðun birti í gær yfirlit yfir ársreikninga sókna. Frestur þeirra til að skila reikningum til Biskupsstofu, sem síðan á að skila þeim áfram til Ríkisendurskoðunar, rennur út 1. júní ár hvert. Í yfirlitinu kemur hins vegar fram að sautján sóknir af 273 hafa enn ekki skilað reikningum og fimm til viðbótar skiluðu svo ófullkomnum gögnum að þau voru ónothæf.

„Það er gengið eftir þessum skilum með bréfum og símtölum en það hefur ekki dugað í öllum tilfellum þótt langflestar sóknir skili auðvitað eins og vera ber,“ segir Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Biskupsstofu. Þess vegna hafi kirkjuþing í nóvember ákveðið að setja fyrrgreinda reglu.

Ríkisendurskoðun mælir með því í skýrslu sinni „að kirkjuþing kanni hvort tímabært sé að það beiti sér fyrir frekari sameiningu sókna í hagræðingarskyni“.

Sigríður Dögg segir að það sé ekki stefna kirkjuþings. „Það hefur verið litið þannig á að frumkvæðið að því eigi að koma frá sóknunum sjálfum,“ segir hún. Hins vegar hafi kirkjuþing ákveðið að stuðla að frekara samstarfi sókna, einkum með það í huga að tryggja að þjónusta sem smærri sóknir geta ekki haldið úti standi þá til boða í þeim stærri. Slíkt samstarf kunni að leiða til sameininga síðar meir.

Sigríður Dögg segir að af 273 sóknunum séu 125 með færri en 100 sóknarbörn yfir sextán ára aldri,



BISKUPSSTOFA Fjármálastjóri Biskupsstofu segir að sameiningar sókna séu ekki á dagskrá. Frumkvæðið eigi að koma frá sóknunum sjálfum.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



Það er verulega farið að kreppa að hjá mörgum sóknunum, sérstaklega fámennum, þar sem sóknargjöldin duga vart fyrir daglegri starfsemi...

SIGRÍÐUR DÖGG GEIRSDÓTTIR
FJÁRMÁLASTJÓRI BISKUPSSTOFU

sem greiði sóknargjöld, og þar af 70 með færri en fimmtíu gjaldendur. „Svona fámennar sóknir eru ekki hagkvæmar rekstrareiningar,“ segir hún.

Þá kemur fram í yfirliti Ríkis-

endurskoðunar að sóknir landsins skuldi samtals um fjóra milljarða króna. Sigríður bendir á að eignir á móti séu metnar á um 24 milljarða. Hlutfall skulda á móti eignum sé því um sextán prósent. „Ég held að það sé ekkert óeðlilegt hlutfall,“ segir hún.

Hins vegar standi margar sóknir illa fjárhagslega. „Það er verulega farið að kreppa að hjá mörgum sóknunum, sérstaklega fámennum, þar sem sóknargjöldin duga vart fyrir daglegri starfsemi eins og að greiða organista fyrir að spila í messum. Svo eru margar sóknir sem eru skuldugar og þá bitnar það auðvitað á starfinu.“

stigur@frettabladid.is

MÝKIR OG VERNDAR

INFLUDRINK

Bragðgóður sítrónudrykkur við kvefi og flensu.

Blandað í heitt vatn

20%
afsláttur

Inniheldur m.a. C vítamín, Ginseng, Guarana og Sólhatt

NÝTT

Fæst í apótekum

Lyf & heilsa
við hústum!

ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT

NICOTINELL FRUIT

er ódýrara!*

* Fruit er ódýrasta Nicotinell lyfjatyggingummið



Apótekarinn+

lyf á lægra verði

Magn díoxíns í mjólk frá Efri-Engidal var 3,92 píkógrömm í nóvember 2010:

Var 32 prósentum yfir mörkum

UMHVERFISMÁL Magn díoxíns í mjólkursýni frá Efri-Engidal í Skutulsfirði var 3,98 píkógrömm í grammi af fitu (pg/g) en leyfilegt magn er þrjú píkógrömm díoxíns í hverju grammi. Mjólkursamsalan á Ísafirði lét gera mælinguna á bænum, sem stendur 1,5 kílómetra frá sorpbrennslustöðinni Funa í Skutulsfirði.

Til samanburðar hefur Matvælastofnun fengið upplýsingar í gegnum RASFF-hraðviðvörðunarkerfi Evrópu um díoxínmengun í þýsku fóðri sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. Mengunin stafar frá iðnaðarolíu sem notuð var til fóðurgerðar frá nóvember síðastliðnum og hefur fundist í svínakjöti, eggjum og alifuglum

auk fóðurs. Hæsta gildi díoxíns mældist í eggjum tólf píkógrömm í hverju grammi fitu.

Á vegum Matvælastofnunar fer nú fram rannsókn á díoxíni í kjötafurðum frá kindum í Skutulsfirði og einnig verða tekin ný sýni úr mjólk og fóðurrúllum frá Efri-Engidal. Gera má ráð fyrir að mánuður líði frá því að sýnin eru send þar til niðurstöður liggja fyrir.

Haldinn var fundur á þriðjudag í stjórnskipaðri samstarfsnefnd um sóttvarnir vegna díoxínmengunar.

Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni hafa læknar ekki orðið varir við einkenni af völdum díoxíns eða annarra eitrana meðal íbúa á Ísafirði.

- há



INNÍHÉLDU MIKIÐ EITUR Píkógramm er einn billjónasti úr grammi. Lágmarkið er til vitnis um hversu alvarlegum augum díoxínmengun er litin.

„Það er líka sterkur vilji ... að aðstoða Ísland við uppbygginguna.“

-Rannveig Rist, forstjóri **Rio Tinto Alcan á Íslandi**, *Viðskiptablaðið* áramót 2010-2011.

Sýnið viljann í verki!



Fyrir tæpum þremur árum samdi **álverið í Straumsvík** við erlent skipafélag um állflutninga til Evrópu. Erlenda félagið gerir út skip undir hentifána mönnuð áhöfnum á smáarlaunum. Nú þegar **Rio Tinto Alcan** býður verkið út öðru sinni hafa aðstæður á Íslandi snúist mjög til hins verra.

Íslenskir sjómenn eiga undir högg að sækja. Sótt er að atvinnuöryggi Íslendinga. Það eru 12-15 þúsund manns á atvinnuleysisrá og árið 2009 fluttu 10.612 manns úr landi. Daglega flýja nokkrar fjölskyldur land.

— Við skorum á **Rio Tinto Alcan** —

AÐ SEMJA VIÐ SKIPAFÉLAG SEM TRYGGIR ÍSLENSKUM SJÓMÖNNUM VINNU.

Ef **Rio Tinto Alcan** beinir viðskiptum sínum til skipafélags með íslenska sjómenn í áhöfn tryggir það **32 íslenskum sjómönnum** pláss og á annað hundrad manns fyrirvinnu.

Það munar um minna!

Úr sídareglum **Rio Tinto Alcan**:

„Við vinnum náið með þeim samfélögum sem við störfum í, virðum lög þeirra og venjur og tryggjum þeim sanngjarna hlutdeild í ávinningi og tækifærum.“

Rio Tinto Alcan er aðili að **Epikos**:

Epikos er íslensk fræðslu- og rannsóknarmiðstöð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja innan Global Compact sem er vettvangur innan Samcinudu þjóðanna með þátttöku yfir fjögur þúsund fyrirtækja um allan heim.



VM Félag véltáttara og málmáskrinamanna

Brýnt að ný raforkulög nái í gegn á þingi

Hrun krónunnar varð til þess að misræmi varð til í gjaldskrá Landsnets til stórnótenda. Jafna þarf út um sex milljarða króna á næstu gjaldatímabilum. Frumvarp til raforkulaga með ráðum til úrbóta bíður annarrar umræðu á Alþingi.

IDNADUR Forsvarsmenn orkumála og -dreifingar eiga fundi með iðnaðarráðherra eftir helgi þar sem fara á yfir þær brotalamir sem leitt hafa til þess að tafist hefur að endurreikna gjaldskrá Landsnets. Þá hefur ráðuneytið ákveðið að kalla eftir úttekt í samstarfi við erlenda sérfræðinga á regluverki og skilvirkni raforkumarkaðarinnar.

Í umfjöllun Kastljóssins síðustu daga hefur því verið haldið fram að Landsnet hafi oftekið gjöld fyrir rafmagnsflutning, bæði af stórnótendum og almenningi.

„Þetta er bara rangt,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets. Hann bendir á að á sama tíma og orkufyrirtæki hafi hækkað mjög gjaldskrár sínar til almennings hafi Landsnet ekki nýtt tekjuheimildir sínar.

Undir þetta er tekið í tilkynningu iðnaðarráðuneytisins í gær og áréttað að gjaldskrá Landsnets fyrir flutning raforku til almennings hafi að öllu leyti verið innan tekjumarka Orkustofnunar.

Þórður bendir hins vegar á að þar sem árið 2007 hafi verið ákveðið að miða gjaldskrá stórnótenda við Bandaríkjadal hafi við hrun gjaldmiðilsins hér myndast gengishagnaður sem leiðrétta þurfi. Þessi hagnaður er talinn nema um sex milljörðum króna.

Guðni A. Jóhannesson orku-



TVEGGJA TURNA TAL Hér getur að líta háspennumöstur á Hellsisheiði, austan við virkjun Orkuveitu Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

málastjóri bendir á að innheimtu-kerfi flutningsgjalda raforku sé jöfnunarkerfi þar sem ýmist sé tekið of eða van. „Kerfið gerir ráð fyrir því að menn geti safnað upp og tekið minna á næsta tímabili,“ segir hann, en í nýjum raforkulögum sem bíða annarrar umræðu á Alþingi er jöfnunartími sem draga á úr sveiflum í orkuverði lengdur úr þremur árum í tíu.

Í nýju lögunum er einnig gert ráð fyrir að bæði eignagrunnurinn sem liggur til grundvallar og gjaldskrá Landsnets verði í Bandaríkjadöllum og þar með fjarlægð hættan á að gengismunur myndist. Frumvarpið hefur verið

til umfjöllunar hjá Alþingi síðan í apríl í fyrra. Þórður og Guðni áréttu báðir mikilvægi þess að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi, en það er einnig gert í tilkynningu iðnaðarráðuneytisins.

Þá viðurkennir Guðni að töf hafi orðið á endurúrteikningi tekjugrunns Landsnets þar sem hlutur stórnótenda hafi aukist á kostnað almennra notenda. „Sú vinna er nú á lokastigi. Reynist ný skipting hagstæðari almennum notendum, eins og allt bendir til, munu notendur njóta þess í lægri gjaldskrá á næstu árum,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.


olkr@frettabladid.is

Pssst!

Ertu með
GSM hjá
Símanum?

Þá færðu
Netið í símanum
á 0 kr. í dag.*

*Notkun á Íslandi, 100 MB innan dagsins.



Frábærir föstudagar
með Símanum

Það er Síminn

siminn.is

Greiða þarf mánaðargjald fyrir GSM áskrift eða fylla á Frelsi skv. verðskrá.

ENNEKUR / SÍA / NIK44651



VN: 9621 401751
Merino ull
NÆRBOLUR
VERÐ: 6.890 KR.

VN: 9621 401781
Merino ull
NÆRBUXUR
VERÐ: 6.790 KR.



LITIR:



VN: 9616 K2 2009
Vattfóðraður
KULDAGALLI
VERÐ: 14.990 KR.

KULDAFATNAÐUR Á HAGSTÆÐU VERÐI

LITIR:



VN: 9613 AM576
HÚFA
VERÐ: 1.990 KR.

LITIR:



VN: 9616 K2 JX6943
KULDAJAKKI
VERÐ: 7.990 KR.

LITIR:



VN: 9616 K2 BX6023
KULDABUXUR
VERÐ: 9.990 KR.

Janúar ÚTSALA



Tak ljósakróna
Verð 45.900 kr.
Tilboð 22.000 kr.



Tak loftljós, svart og hvítt
Verð 16.900 kr.
Tilboð 8.500 kr.

Toledo ljósakróna
Verð 78.900 kr.
Tilboð 40.000 kr.



Kaya loftljós
Verð 34.900 kr.
Tilboð 15.000 kr.



Donnabella loftljós
Verð 39.900 kr.
Tilboð 25.000 kr.



Roseline góflampi
Verð 79.900 kr.
Tilboð 40.000 kr.



Amore loftljós
Verð 25.900 kr.
Tilboð 14.000 kr.



Cube veggljós
Verð 12.900 kr.
Tilboð 7.000 kr.



Simple loftljós
Verð 24.900 kr.
Tilboð 15.000 kr.




Loftljós
Verð 89.900 kr.
Tilboð 30.000 kr.



Borðlampi
Verð 16.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.




Borðlampi
Verð 8.990 kr.
Tilboð 4.000 kr.



Spegill með ljósum
Verð 34.900 kr.
Tilboð 18.000 kr.



Teris loftljós
Verð 69.900 kr.
Tilboð 45.000 kr.



Útiljós
Verð 10.900 kr.
Tilboð 6.000 kr.



Spot loftljós
Verð 13.900 kr.
Tilboð 6.000 kr.



Skilanefnd Landsbankans selur fyrri eigendum danska glæsihótelid D'Angleterre:

Ætlar ekki að standa í rekstri

VIÐSKIPTI „Við erum mjög sáttir við verðið,“ segir Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans, sem samþykkt hefur tilboð fjölskyldufyrirtækisins Remmen's Stiftung von 1986 í danska hótelið D'Angleterre í Kaupmannahöfn. Nýir eigendur taka við hótelinu um mánaðamótin.

Hótelið, sem þykir á meðal þeirra glæsilegustu á Norðurlöndunum, komst í eigu Íslendinga þegar fjárfestingarfélagið Nordic Partners keypti það ásamt öðrum hótelum og veitingastöðum í sept-



HÓTEL D'ANGLETERRE Íslendingar keyptu D'Angleterre-hótelið í Kaupmannahöfn síðla árs 2007 á uppsprengdu verði.

ember árið 2007. Seljendur þá voru þeir sömu og kaupa hótelið af skilanefndinni. Skilanefndin tók hótelið

yfir í janúar í fyrra þegar Nordic Partners fór í þrot.

Talið er að Nordic Partners hafi greitt á bilinu 15 til 20 milljarða króna fyrir hótelið og aðrar eignir á sínum tíma. Hótelið er selt eitt og sér.

Lárentsínus segir marga fjárfesta hafa sýnt hótelinu áhuga en skilanefndin hafi ákveðið að halda í það þar til betra verð fengist. Búið er að koma rekstrinum á réttan kjöl en fram undan er kostnaðarsamt viðhald sem skilanefndin ætlar ekki að standa í, að hans sögn.

- jab

Pssst!

Ertu með heimasíma hjá Símanum?

Öll símtöl úr heimasíma til útlanda eru á 0 kr. frá klukkan 19 til 24 í kvöld.

Sama hvort hringt er í erlendan heimasíma eða farsíma.



Frábærir föstudagar með Símanum

Það er Síminn

siminn.is

Greidd þarf mánaðargjald skv. verðskrá. Gildir ekki um símtöl í erlend símatölg.

Banaslys hlutfallslega fæst á Íslandi í fyrra

Átta manns létust í umferðinni í fyrra, sem er átta of mikið segir innanríkisráðherra. Í Danmörku er talið að kostnaður við hvert banaslys sé um 350 milljónir. Meðalökumhraði á vegum landsins er nú um 93 kílómetrar á klukkustund.

SAMGÖNGUR Banaslys í umferðinni voru hlutfallslega færri á Íslandi en í hinum Norðurlöndunum á síðasta ári. Meta á að nýju kostnaðinn við banaslys á Íslandi, en í Danmörku kostar hvert mannslíf í umferðinni samfélagið upphæð sem jafngildir um 350 milljónum íslenskra króna.

Þetta var meðal þess sem fram kom á fundi um umferðaröryggismál sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og umferðaröryggisráð stóðu fyrir í gær.

„Á síðasta ári létust átta manns í banaslysum, það eru átta manns of mikið,“ sagði Ögmundur við fjölmiðlafólk. „Takmarkið á að vera að í umferðinni látist enginn maður. Þetta hefur verið kölluð núll-lausn.“

Ögmundur sagði að á næstu tveimur árum yrði unnin mikilvæg undirbúningsvinna til að freista þess að ná þessu takmarki.


„Þetta veltur meðal annars á vegagerðinni og hvernig við stöndum að henni, og það veltur á okkur sjálfum, á því hvernig við högum okkur í umferðinni,“ sagði Ögmundur.

Hann sagði landsmenn nú veita öryggi í umferðinni meiri athygli en áður, sem vonandi væri að skila sér í færri alvarlegum slysum.

Til stendur að uppfæra tölur yfir kostnað samfélagsins af banaslysum, sagði Ögmundur. Stjórnvöld í Danmörku hafa nýlega uppfært sín viðmið, og telja nú að hvert banaslys kosti um 350 milljónir króna.

„Við erum að tala um mikla peninga, og peningum sem varið er til

Fjöldi dauðsfalla á hverja 100 þúsund íbúa



22.160

fengu sekt fyrir hraðakstur á síðasta ári eftir að brot þeirra sáust í sjálfvirkum löggæslumyndavélum.

öryggismála er vel varið,“ sagði Ögmundur.

Eitt af því sem getur átt þátt í fækkun banaslysa er lækkandi hraði á vegum landsins. Meðalökumhraði bíla á tíu stöðum á þjóðvegum var 93,4 kílómetrar á klukkustund á síðasta ári, en árið 2009 var meðalhraðinn 97 kílómetrar á klukkustund, samkvæmt

upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu.

Lögregla notar myndavélar til að skrásetja brot ökumanna á nokkrum stöðum á vegum landsins. Í fyrra voru alls 22.160 brot skráð með myndavélunum. Að meðaltali fékk því um 61 ökumaður sekt fyrir of hraðan akstur á hverjum degi í fyrra eftir að hafa ekið framhjá myndavél lögreglu.

Hraðamyndavélar skrásettu 974 færri hraðakstursbrott í fyrra en 2009. Ástæðuna má trúlega að hluta rekja til þess að nýjar myndavélar voru settar upp á Suðurlandsvegi síðla árs 2009. Það virtist koma mörgum ökumönnum í opna skjöldu og voru óvenju margir staðnir að verki með þessum hætti síðustu mánuði þess árs. brjann@frettabladid.is

Hvíta húsið vill finna óánægða starfsfólkið sem gæti lekið ríkisleyndarmálum:

Vilja ekki fýlupúka í trúnaðarstörfum

BANDARÍKIN, BBC Hvíta húsið í Washington hefur fyrirskipað að gerðar verði áætlanir til að meta hugsanlega hættu innanhúss í opinberri þjónustu. Að sögn BBC er markmiðið að finna þá óánægðu starfsmenn sem gætu lekið ríkisleyndarmálum.

„Aðgerðin kemur í kjölfar þess að þúsundum bandarískra trúnaðarskjala var lekið til Wikileaks,“ segir BBC sem kveður stjórn Baraks Obama vilja koma í veg fyrir fleiri vandræðalegar afhjúpanir.

„Leyniþjónustumenn eru hvattir til að finna leiðir til að sjá út breytingar á hegðun þeirra starfsmanna sem kunna að hafa aðgang að trúnaðargögnum,“ segir BBC sem kveður ýmsar aðferðir við þetta vera nefndar í ellefu síðna minnisblaði frá starfsmönnum leygniþjónustunnar. Meðal annars eigi sálfræðingar og félagsfræðingar að mæla „hlut-



WIKILEAKS-LIÐAR Julian Assange og félagar í Wikileaks valda miklum usla í bandarískri stjórnsýslu með birtingu trúnaðarskjala. Stjórn Obama freistar þess að hindra frekari leka á gögnum.

NORDICPHOTOS/AFP

fallslega hamingju“ og „örvæntingu“ og „fúllyndi“ til að meta hvort viðkomandi starfsmaður sé trausts verður.

Í minnisblaðinu, sem sent var yfirmönnum allra stofnana sem fara

með trúnaðargögnum, er meðal annars spurst fyrir um hvort stofnanirnar noti lygamæla og hvort þær fylgist með því hvort starfsmenn þeirra ferðist óeðlilega oft til útlanda eða hafi mikil erlend sambönd.

- gar

VETRAR DAGAR



**NOTAÐIR
VÉLSLEÐAR
OG FJÓRHJÓL
Á FRÁBÆRU VERÐI!**

**GERÐU GÓÐ
KAUP!**



LYNX ski-doo can-am



CAN-AM OUTLANDER MAX 400
Árgerð 2008

1.490.000 kr.



CAN-AM
OUTLANDER 800 LTD
Árgerð 2007

2.200.000 kr.



CAN-AM OUTLANDER MAX XT
Árgerð 2008

2.200.000 kr.



CAN-AM OUTLANDER 800 LTD
Árgerð 2009

2.490.000 kr.



LYNX RAVE 800
Árgerð 2006

1.090.000 kr.



LYNX YETI TUV 1300
Árgerð 2007

1.680.000 kr.



LYNX RE 600 HO
Árgerð 2007

990.000 kr.

**30%
AFSLÁTTUR AF
SCOTT VÖRUM**



**ÁRGERÐ
2011
ER KOMIN!**

CAN-AM OUTLAND
800R MAX LTD
3.490.000 kr.

CAN AM RENEGADE
XXC 800EFI
3.390.000 kr.

SKI-DOO RENEGADE
BACKCOUNTRY X
2.830.000 kr.

MX Z SKI-DOO RENEGADE X
1200 4-TEC
2.730.000 kr.

LYNX RAVE RE
800R E-TEC
2.895.000 kr.



Ríkisendurskoðun hefur enn ekki fengið alla þjónustusamninga ríkisins í hús:

Fá fleiri samninga en ætlast var til

STJÓRNSÝSLA Allir gildandi þjónustusamningar sem ráðuneytin tólf hafa gert verða til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun á næstunni. Ráðuneytin hafa þó enn ekki skilað öllum samningunum í hús, en þeir eru um 150 talsins.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir ástæðuna fyrir töfnni líklega liggja í því að ráðuneytin séu einnig að safna saman samningum við aðila sem Ríkisendurskoðun hafi ekki ætlað sér að skoða í upphafi.

„Við ætlum fyrst og fremst að beina sjónum okkar að þeim

samningum sem ríkið hefur gert við aðila um að veita tiltekna þjónustu sem þeir hefðu að öllu óbreyttu þurft að annast sjálfir,“ segir Sveinn. „Auðvitað eru til stærri stofnanir sem hafa gert sérstaka samninga um afmörkuð verkefni og ríkið kaupir þau af þeim aðilum. Það var ekki ætluð okkar í upphafi að skoða slík atriði.“

Ríkisendurskoðun óskaði eftir samningunum í kjölfar úttekta á fjármálum Menntaskólans Hraðbrautar og fréttaplutnings af meðferðarheimilinu Árbót. Sveinn



SVEINN ARASON

segir að lítið sé byrjað að vinna úr gögnum varðandi Árbót, sökum stórra verkefna sem þurfti að klára í lok síðasta árs. Mikið af gögnum varðandi meðferðarheimilið og aðrar sambærilegar stofnanir liggja fyrir þar sem ákveðið var að skoða mál Árbótar aftur til ársins 1996.

- 5V

Pssst!

Ertu með Internetið hjá Símanum?

Þá getur þú hlustað á Bestu lögin í tölvunni á 0 kr. í dag.

Þú finnur Bestu lögin á bestulogin.siminn.is



Frábærir föstudagar með Símanum

Það er **Síminn**

siminn.is

A ekki við um 3G nettengingu með netlyklum. Greiða þarf mánaðargjald fyrir nettengingu skv. gjaldskrá.



KJÖRGÖGNUM DREIFT Nota þurfti þylur til að flytja kjörgögn til afskekktustu þorpanna, eins og sést á þessari mynd þar sem rykið þylrast upp þegar þylran tekur á loft á ný.

NORDICPHOTOS/AFP

Íbúar í Suður-Súdan kjósa um sjálfstæði

Íbúar í Suður-Súdan ganga um helgina til þjóðaratkvæðagreiðslu um stofnun nýs ríkis, sem verður eitt hið vanþróaðasta í heimi en með gnægtir olíuauðlinda. Hið stríðshrjáða Darfúr-hérað tilheyrir áfram norðurhluta landsins.

FRÉTTASKÝRING

Verður Suður-Súdan sjálfstætt ríki? Allt bendir til þess að ríkjum heims fjölgi um eitt í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu í Suður-Súdan, sem hefst nú um helgina og stendur í viku.

Valkostirnir hafa verið settir fram fyrir kjósendur með myndrænum hætti. Á kjörseðlunum eru tvær myndir og eiga kjósendur að merkja við aðra þeirra. Önnur myndin er af einni hendi og táknar stofnun sjálfstæðs ríkis en hin er af tveimur höndum tengdum handabandi og tákna þær áframhaldandi sambúð norður- og suðurhlutans.

Kosningarnar eru haldnar samkvæmt ákvæðum friðarsamkomulags frá 2005, sem Omar al-Bashir forseti gerði við uppreisnarsveitir Frelsishers súdönsku þjóðarinnar. Þetta samkomulag batt enda á tveggja áratuga samfellda borgarastyrjöld, sem kostaði um tvær milljónir manna lífið og hrakti fjórar milljónir burt frá heimkynnum sínum í suðrinu.

Átökin bitnuðu harðast á suðurhlutanum, þótt bardagar hefðu geislað víða um landið.

Ríkisstjórn landsins hefur aðsetur í norðurhlutanum, þar sem arabískir múslimar eru í miklum meirihluta en í suðrinu búa fjölmargir afrískir ættbálkar við mikla fátækt.

Í suðurhlutanum búa líklega um níu milljónir manna og teljast 90 prósent þeirra undir fátæktarmörkum. Í norðurhlutanum búa 35 milljónir manna og er helmingur þeirra undir fátæktarmörkum.

Suðurhlutinn býr hins vegar svo vel að þar eru miklar olíuauðlindir í jörðu. Ágreiningur um olíuna gæti sem hægst orðið til þess að borgarastyrjöld brjótist út að nýju milli norður- og suðurhlutans þótt al-Bashir forseti hafi heitið því að virða niðurstöður kosninganna.

Bashir var yfirmaður í her landsins árið 1998 þegar hann gerði ásamt félögum sínum í hernum uppreisn gegn þáverandi forsætis-



FLYTUR HEIM Þúsundir manna hafa síðustu vikur flutt aftur til Suður-Súðans eftir að hafa hrakist þaðan í borgarastyrjöldinni.

NORDICPHOTOS/AFP

ráðherra. Hann hefur verið ákærður af Alþjóðlega sakadómstólum í Haag fyrir þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni vegna framferðis lausahers á vegum stjórnarinnar gegn íbúum í hinu stríðshrjáða Darfúr-héraði undanfarna ár, þar sem blóðug borgarastyrjöld braust út um svipað leyti og ró var að færast yfir í Suður-Súdan.

Darfúr-hérað tilheyrir eftir sem áður norðurhluta landsins og staða þess breytist ekkert þótt stofn- að verði sjálfstætt ríki í Suður-Súdan, þar sem norðurhlutinn verður áfram undir stjórn Omars al-Bashir.

Nærrí fjórar milljónir hafa undanfarna mánuði skráð sig á kjörskrá fyrir kosningarnar. Kjörgögnum hefur verið dreift á meira en 2.600 kjörstaði í höfuðborginni Júba, smærri borgum og þorpum og allt út í afskekktar kofapýrpingar hirðingja sem engir vegir liggja til. Ljóst þykir að sumir kjósendur þurfa samt að ganga nokkurra klukkutíma leið til að komast á kjörstað.

Mikil herferð hefur verið í gangi til að kynna íbúum í suðrinu kosningarnar og um hvað þær snúast. Helstu leiðtogar og jafnvel embættismenn í Suður-Súdan hafa meðal annars tekið upp á því að heilsast með því að rétta upp hendur og smella saman lófum í staðinn fyrir að takast í hendur, allt í því skyni að vekja athygli á merkingu myndanna á kjörseðlinum.

Atkvæðagreiðslunni lýkur 15.

KOSNING Í SÚÐAN

Omar al-Bashir forseti segist ætla að virða niðurstöður kosninganna. Ágreiningur um olíuauðlindir gæti þó hrundið af stað nýrri borgarastyrjöld.



1 Suður-Súdan: Kosid 9. jan
2 Abyei: Kosningu frestað
3 Suður-Kordofan: Álitskönnun meðal íbúa
4 Bláa Níl: Álitskönnun meðal íbúa

Heimild: Fréttastofur © GRAPHIC NEWS

janúar og verða atkvæði talin á hverjum kjörstað. Útkoman fyrir hvern kjörstað verður síðan birt jafnóðum á netinu, en ekki er reiknað með endanlegum heildartölum fyrr en í lok janúar.

Sjálfstæði Suður-Súðans getur tekið gildi strax 9. júlí þegar friðarsamkomulagið frá 2005 rennur út, en áður þarf að ná samkomulagi um skiptingu olíutekna, endanleg landamæri og ýmis réttindi íbúanna.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Aldrei sést ódýrara

49.900

AGS-900GIH Háfur
Glæsilega hannaður háfur með bogadregnu glerskyggni og halogen lýsingu.
✓ 870 m³ sogafköst/klst
✓ Verð áður kr 89.900

PÚ SPARAR
40.000

Eyjuháfur



AIO-859 Ofn
Ofn í stáli með ekta heitum blæstri, undir- og yfirhita ásamt grilli
✓ Stafræn klukka
✓ Prefalt gler í hurð
✓ Verð áður kr 84.900

PÚ SPARAR
35.000

EKC-30F
Helluborð
Keramik helluborð með snertitökkum og 4 high light hraðheilm
✓ Barnalæsing
✓ Verð áður kr 64.900

PÚ SPARAR
15.000



PÚ SPARAR
30.000

Með rakaskynjara

PÚ SPARAR
25.000

Verð pr. stk.

TAE-67 Þurrkari
Þurrkari með rakaskynjara og þurrkerfum
✓ Tekur 6 kg af tau
✓ 11 þurrkerfi
✓ Tímaskjár
✓ Verð áður kr 79.900



PÚ SPARAR
15.000

KGC-160/40 Kæli/frystisk.
✓ Kæli 115 lítrar og frystir 40 lítrar
✓ Orkuflokkur A
✓ Sjálfvirk affrýsing í kæli
✓ HxBxD: 123x50x58 cm
✓ Verð áður kr 64.900

WM-1006 Þvottavél
1000 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhröð
✓ Hraðval og ullarkerfi
✓ 15 þvottakerfi
✓ Tekur allt að 6 kg af tau
✓ Framstíllt ræsing möguleg
✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni & þvottagæði
✓ Verð áður kr 79.900

PÚ SPARAR
30.000

GSP-7012
Uppþvottavél
Uppþvottavél með 3 þvottakerfum og hitastig 40-65°C
✓ 3xA einkunn
✓ Hraðkerfi
✓ HxBxD: 85x59x58 cm
✓ Verð áður kr 79.900

SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

ÚTSALA

OPIÐ ALLA HELGINA

Belgískar vöflur



Verð nú **4.990**
AFSLÁTTUR 45%

Vöflujárn sem bakar 2 þykkar belgískar vöflur
Áður 8.990



Verð nú **3.990**
AFSLÁTTUR 20%

Stálbrauðist fyrir 2 sneiðar
Áður 4.990

STÁL TÆKI



Verð nú **8.990**
AFSLÁTTUR 35%

3,5 lítra djúpsteikinga-pottur sem hægt er að taka í sundur til að þvo.
Áður 13.990

Malar ís
Glerkanna



Verð nú **5.990**
AFSLÁTTUR 43%

500W stál-blandari með glerkönnu
Áður 10.490

Á ÚTSÖLU

Salt & piparkvörn fyrir rafhlöðu. 2 saman í setti
Áður 5.990



Verð nú **7.990**
AFSLÁTTUR 28%

Mínútagrill með riffluðum grillfleti.
Áður 10.990

*****TRISTAR**
SZ-1910 Ryksuga
1800W ryksuga með stillanlegu stálskaftri og sogkrafti. Verð áður kr 14.990

50% AFSLÁTTUR



Verð nú **7.490**
PÚ SPARAR 7.500

ZANUSSI

ZRB-940PW Kæli- og frystiskápur
✓ Kæli 285 lítrar og frystir 92 lítrar
✓ Orkuflokkur A+
✓ HxBxD: 200x59,5x60 cm
✓ Verð áður kr 139.900



2,00 m

29%

Verð nú **99.900**
PÚ SPARAR 40.000

exquisit

GT-261 Frystikista
✓ 205 lítra frystikista í A+ orkuflokki
✓ Hitastíllir og aðvörunarljós
✓ 1grind fylgir
✓ HxBxD: 82x95x56 cm
✓ Verð áður kr 84.900



A+

205 lítrar

Verð nú **64.900**
PÚ SPARAR 20.000

Electrolux

ESF-66814X Uppþvottavél
Draumauppþvottavél með stálframhlíð án sýnilegs stjórnbórðs. Afar vönduð innrétting og nánast hljóðlaus. Ný byltingarkennd þvottatækni.

✓ Aðeins 45 dB(A)
✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. AUTO, hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
✓ 3xA einkunn fyrir orku/þvott og þurrkun
✓ Sveigjanleg innrétting með niðurfellanlegum diskastöðum og hækkanleg/lækkanleg efri karfa
✓ Kámfritt stál
✓ Verð áður kr 169.900



Verð nú **139.900**
PÚ SPARAR 30.000

3xA

45 dB

Toppmódel

Electrolux

EWF-146310 Þvottavél
Mest selda þvottavélin okkar. Ótúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.

✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
✓ Tekur allt að 6 kg. af tau
✓ Hraðval
✓ Framstíllt gangsetning 0-20 klst
✓ Stórt 30 cm hurðarop
✓ Öflugt handþvottakerfi
✓ Tímaskjár
✓ Einföld og þægileg í notkun
✓ A+/A einkunn fyrir orku og þvottahæfni
✓ Verð áður kr 124.900

Verð nú **89.900**
PÚ SPARAR 35.000

6 KG

1400 SN

28%

Rafha

Opið virka daga 10-18
laugardag 11-17
sunnudag 12-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500

www.rafha.is

ÚTSALA

ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

19" SJÓNVÖRÞ FRÁ 34.990

22" SJÓNVÖRÞ FRÁ 49.990

TÖKUVÉLAR FRÁ 24.990

JVC

Panasonic

TOSHIBA

HLJÓMTÆKI MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

PHILIPS

JVC

Panasonic

harman/kardon

BÍLGRÆJUR MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI

JBL

KENWOOD

JVC

MP3 SPILARAR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

MIKIÐ ÚRVAL - VERÐ FRÁ 3.990

PHILIPS

GRUNDIG

SanDisk

INTENSO

KENWOOD

PHILIPS

JVC

Panasonic

GRUNDIG

Dantax

UNITED

INTENSO

JBL

harman/kardon

OLYMPUS

tasco

Nikon

SanDisk

enox.

ÚTSALA

ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

32" SJÓNVÖRP FRÁ 69.990

42" SJÓNVÖRP FRÁ 99.990

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 36% AFSLÆTTI

Nikon

OLYMPUS

CASIO

Panasonic

JBL IPOD/IPHONE VÖGGUR FRÁ 14.990

FERÐATÆKI MEÐ GEISLASPILARA FRÁ 5.990

SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

OPIÐ LAUGARDAG 10 -18

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

Ekki bein leið heldur bugðótt

Páll Ragnar Pálsson, fyrrum gítarleikari hinnar vinsælu rokkhljómsveitar Maus, hefur síðustu árin búið í höfuðborginni Tallinn í Eistlandi þar sem hann leggur stund á doktorsnám í tónsmíðum við eistnesku Tónlistarakademíuna. Í samtali við *Kjartan Guðmundsson* segir hann frá árunum í rokkinu, klassíkinni og nýja sálminum sem frumfluttur verður í Dómkirkjunni á sunnudag.

Mitt tónlistarlega uppeldi fór að miklu leyti fram á meðan ég var meðlimur í rokkhljómsveit. Á þeim tíma þróaði ég með mér hugmyndir og alls kyns þælingar sem ég er í raun að reyna að fara lengra með núna, ég finn það vel. Fyrir mér hefur þetta verið mjög eðlileg leið, en þó ekki alveg bein heldur dálítið bugðótt. Ég lærði á píanó sem barn, svo varð ég unglingur og vildi fara að rokka og gerði það í mörg ár, og svo ákvað ég að fara í nám til að þróa kunnáttu mína áfram," segir Páll Ragnar Pálsson, sem einnig er líklega enn þekktur sem Páll í Maus, þrátt fyrir að sú vinsæla rokkhljómsveit hafi ekki komið fram síðan árið 2004.

Síðustu árin hefur Páll búið í Tallinn, höfuðborg Eistlands, þar sem hann leggur nú stund á doktorsnám í tónsmíðum við eistnesku Tónlistarakademíuna. Meðal nýlegra verka hans er sálmurinn Við skírnarfontinn, sem Páll samdi við ljóð séra Hjálmar Jónssonar, og verður hann frumfluttur í Dómkirkjunni á sunnudag.

Stoltur af árunum með Maus

Páll var á sínum tíma gítarleikari hljómsveitarinnar Maus, sem vakti

fyrst athygli þegar hún varð hlutskörpust í Músiktilraunum Tónabæjar vorið 1994 og naut mikilla vinsælda næsta áratuginn eða svo, eins og áður sagði. Hljómsveitin hefur þó aldrei gefið út opinbert dánarvottorð og því liggur beint við að spyrja hvort rokkið sé alfarið horfið úr lífi tónskáldsins.

„Við tókum aldrei neina ákvörðun um að hætta, en við fluttum allir hver í sína áttina og einhvern veginn atvikaðist þetta svona," segir Páll.

„Ég gæti trúað því að í blálokin hafi verið komin ákveðin þreyta í okkur, en við tölum alltaf um að við séum bara í pásu og það er engin leið að segja til um hvað gerist í framtíðinni. Af og til höfum við rætt um að koma saman aftur en það hefur aldrei hent þá stundina, þannig að það verður ekkert „kómmback“ á næstunni í það minnsta. Ég hef unnið dálítið markvisst að því að leita á önnur mið síðan.“

Hann bætir við að árin tólf með Maus hafi haft mikla vinnu í för með sér. „Við unnum alveg eins og brjálaðir, allt lífið snerist um hljómsveitina allan þennan tíma, en þetta var frábær tími sem ég er mjög stoltur af. Við gáfum út fimm stórar plötur, þróuðumst mikið sem hljómsveit á milli platna og það er auðvitað ómetanlegt, en ég er mjög



FJÓLSKYLDAN Páll ásamt unnustu sinni, Tui Hír, og syninum Eirík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sáttur við að hafa haldið í aðrar áttir," segir Páll.

Huga mest um nútímatónlist

Um svipað leyti og Maus hóf sitt langvarandi hlé hóf Páll BA-nám við Listaháskóla Íslands, fyrst á svokallaðri nýmiðlabraut þar sem áherslan er lögð á samþættingu sjónlista og tónlistar ásamt nýrri tækni í tónsköpun og flutningi. Hann segist þó hafa fundið sig betur í klassískum tónfræðum og sneri sér því að almennum tónsmíðum.

„En þó algjörlega á þeim forsendum að einbeita mér að nútímatónlist," útskýrir hann. „Ég hef áhuga á þróun tónlistar eins og hún leggur sig, en í dag hugsa ég mest um tónlist síðustu fimmtíu ára eða svo. Ég skil þessa tónlist að mörgu leyti betur eftir að hafa stúderað eldri tónlist. Að sama skapi hljómar sú gamla gjarnan allt öðruvísi í eyrum þeirra sem hafa kynnt sér þá nýlegri.“

Að BA-námi loknu innritaðist Páll svo í eistnesku Tónlistarakademíuna, en í þeim skóla hefur flest af þekktasta tónlistarfólki Eista numið sín fræði. Nefna má tónskáldin Arvo Pärt og Erkki-Sven Tüür sem dæmi, en sá síðarnefndi er í sérlega miklum metum hjá Páli.

Líkt hverju öðru námi

Hann lýkur doktorsnámi sínu frá akademíunni eftir tvö ár og segir alls ekki óalgennt að fólk inni hann eftir því í hverju námi í tónsmíðum felist fyrst og fremst.

„Þegar ég hóf námið á sínum tíma vissi ég varla sjálfur hvað ég var að fara út í," segir Páll og hlær. „En tónsmíðanámið gengur í raun þannig fyrir sig að ég læri eins mikið og ég get um það sem gert hefur verið í gegnum tíðina og hvernig það hefur verið gert. Ég sem líka mína eigin tónlist og svo veg ég salt milli þess sem ég hef lært og minnar eigin sannfærningar í þessum efnunum. Fyrir þá sem ákveða að fara þessa háskólaleið er þetta í raun eins og hvert annað nám; sambland fræðimennsku og upplifunarinnar, sem er auðvitað alltaf mikilvægasti þátturinn. Hvort samin sé skemmtilegri tónlist fyrir vikið er annað mál og að

sjálfsögðu þýðir ekki að velja sér of mikið upp úr því. Ef fólk tekst að finna sína eigin tónlistarrödd hlýtur það að vera að gera eitthvað einstakt, því við erum öll ólík.“

Í Tallinn sækir Páll tíma í píanóleik en flytur þó ekki tónlist sína sjálfur. Hann segist fremur kjósa að kúpla sig út úr þeim málum og sitja úti í sal þegar verk hans eru flutt.

„Eistneska tónlistarakademían var stofnuð árið 1919 og byggir mjög á tónlistarhefðum þessa heimshluta. Skólinn heldur í heiðri hefðir án þess þó að vera gamaldags. Kannski mætti segja að hann sé gamaldags á jákvæðan hátt," segir Páll.

Á mörkum austurs og vesturs

Hann segist hafa ákveðið að halda til Eistlands í nám til þess að öðlast nýja reynslu, að lifa í samfélagi sem væri gjörólíkt því sem hann er vanur.

„Eistland er ekkert voðalega langt frá Íslandi landfræðilega séð, en kannski er það töluvert fjær í huga margra. Þar fæ ég það iðulega mjög sterkt á tilfinninguna að vera staddur á mörkum austurs og vesturs," segir Páll. „Ég hef mjög gaman af því að upplifa að vera hluti af samfélagi sem er svona ólíkt Íslendingum. Sagan er svo frábregðin og einnig lífssýnin.“

Páll hittir Tui, eistneska unnustu sína, fyrst á sumarnámskeiði á vegum tónlistarakademíunnar og svo kynntust þau betur síðar þegar Tui söng í kór sem flutti verk eftir Pál.

„Þetta var eitt af fyrstu verkunum sem ég samdi úti og verkið heitir Tímamót, svo þetta var bara eins og í rómantískri gamanmynd," segir hann og skellir upp úr, en Tui lærði söng og tónlistarfræði til MA-gráðu við akademíuna. Saman eiga þau eins árs gamlan son, Eirík, sem ber eftirnafnið Hírý eins og móðirin.

„Ég og Tui höfum unnið töluvert mikið saman, sérstaklega upp á síðkastið, og flutt nokkur verk eftir mig, yfirleitt á tónleikum eða tónlistarhátíðum tengdum skólanum. Núna er á dagskránni hjá okkur að skipuleggja okkar eigin tónleika þar sem flutt verða verk eftir mig og fleiri. Við erum hægt og bitandi

að samstillta okkur með það að markmiði að geta unnið meira saman, því það er bara svo gaman," segir Páll, en Tui söng með hinum virta Fílharmóníukammerkór Eistlands fram að barneignarleyfi og mun í framhaldinu einbeita sér að eigin ferli.

Kirkjutónlist á öðrum forsendum

Á sunnudag, nánar tiltekið í messu Dómkirkjunnar klukkan 11, verður frumfluttur nýr sálmur sem Páll samdi við ljóð séra Hjálmar Jónssonar, Við skírnarfontinn. Tildrög-in voru þau að Páll og Tui settu sig í samband við Hjálmar síðastliðið sumar í þeim tilgangi að skíra soninn Eirík á Íslandi.

„Tui var aldrei skírð þegar hún var lítil því þá var Eistland undir Sovétríkjunum og ekki mátti skíra fólk, ekki frekar en nokkuð annað trúarlegs eðlis. Hún ákvað því að láta skíra sig um leið og Eirík í Dómkirkjunni," segir Páll. „Við það tilefni sýndi séra Hjálmar mér sálm sem hann hafði áður samið og af öðru tilefni og spurði mig hvort ég vildi ekki semja tónlist við ljóðið. Það myndaðist strax mikill vinskapur milli okkar og eitt af því sem Tui reynir að koma við alltaf þegar við komum í heimsókn er að syngja í Dómkirkjunni. Hún hefur nú sungið þar nokkrum sinnum og mun syngja nýja sálminn á sunnudaginn.“

Aðspurður segist Páll vera trúaður og að honum líði ávallt vel innan veggja kirkjunnar. „Það að hafa búið í landi þar sem allt sem viðkom trú var lengi vel bannað setur hlutina í samhengi. Mér hefur þótt umræðan um íslensku þjóðkirkjuna upp á síðkastið ósköp kjánaleg, það verður bara að segjast, og ein-kennast af óþarfa sefasýki.“

Spurður hvort hann gæti hugsað sér að semja fleiri verk fyrir kirkjur segir hann hiklaust svo vera. „Kirkjutónlist á það til að vera íhaldssöm fyrst og fremst. Þegar það hefur hent að tónskáld stíga út úr þessum íhaldssama ramma kemur það oft afar vel út, eins og í tilfelli franska tónskáldsins Olivier Messiaen. Hann samdi alveg brjálæðislega fallega og magn-brungna tónlist fyrir kirkjur, en á öðrum forsendum en áður hafði verið gert.“



FULLORÐINSFRÆÐSLA HAFNARFJARÐARKIRKJU

DAGSKRÁ AÐ PÁSKUM 2011.

ÖLL NÁMSKEIÐ BYRJA KL. 20.00.

LEIÐBEINANDI ER SR. ÞÓRHALLUR HEIMISSON
- NEMA Á MEÐVIRKNINÁMSKEIÐINU.

20. JANÚAR: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - HINDÚISMI I

27. JANÚAR: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - HINDÚISMI II

3. FEBRÚAR: HJÓNANÁMSKEIÐ

10. FEBRÚAR: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - BÚDDISMI I

17. FEBRÚAR: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - BÚDDISMI II

24. FEBRÚAR: HÁMINGJUNÁMSKEIÐ

3. MARS: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - KÍNA OG JAPAN I

10. MARS: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - KÍNA OG JAPAN II

17. MARS: MEÐVIRKNI

24. MARS: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - TÁKN OG TALNASPEKI I

31. MARS: TRÚARBRAGÐASKÓLINN - TÁKN OG TALNASPEKI II

7. APRÍL: HJÓNANÁMSKEIÐ

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR Á THORHALLUR33@GMAIL.COM

Útsalan er hafin í Sony Center - frábær verð á Sony raftækjum



KDL-40EX402

40" Full HD Sony BRAVIA LCD sjónvarp

- Full HD 1080x1920, USB Media Player, Ljóssemi, Scene Select
- Tengir: 4x HDMI, 2x SCART, VGA, USB, LAN, Component, Video
- Mál: 99,2 x 59,9 x 10,0cm 13,9kg

Listaverð: 199.990,-

Útsöluverð: 159.990,-



Sparaðu
50.000,-

AIR-SA20PK

Sony dokka fyrir iPod
iPod nano - iPhone
2 þráðlausir hátalarar
Útlarp AM/FM
Hægt að fjölga hátölurum
AV tengi fyrir sjónvarp

Listaverð: 89.990,-
Útsöluverð: 39.990,-



Sparaðu
15.000,-

DSC-HX5V

Sony Cyber-shot myndavél
EISA verðlaunahafi
25-250mm 10x aðdráttur
Hágæða G-linsa
10 rammur á sekúndu
Exmor-R CMOS myndflaga
GPS innbyggt
Full HD Vídeó
Sweep Panorama

Listaverð: 79.990,-
Útsöluverð: 64.990,-



Sparaðu
50.000,-

5
ÁRA
ÁBYRGÐ

KDL-32EX500

32" Sony BRAVIA LCD
Full HD 1080x1920
Motionflow 100 Hz
BRAVIA Internet Video
BRAVIA Engine 3
4x HDMI
VGA tengi fyrir tölvur
• Mál: 99,2 x 59,9 x 10,0cm
• 13,9kg

Listaverð: 179.990,-
Útsöluverð: 129.990,-



Sparaðu
50.000,-

5
ÁRA
ÁBYRGÐ

KDL-40EX710

40" Sony BRAVIA LED
Full HD 1080x1920
Motionflow 100 Hz
BRAVIA Internet Video
BRAVIA Engine 3
4x HDMI
VGA tengi fyrir tölvur
• Mál: 95,2 x 58,1 x 7,4cm

Listaverð: 249.990,-
Útsöluverð: 199.990,-



Sparaðu
40.000,-

5
ÁRA
ÁBYRGÐ

KDL-46EX500

46" Sony BRAVIA LED
Full HD 1080x1920
Motionflow 100 Hz
BRAVIA Internet Video
BRAVIA Engine 3
4x HDMI
VGA tengi fyrir tölvur
• Mál: 112,7 x 67,6 x 10,1cm
• 18,7kg

Listaverð: 269.990,-
Útsöluverð: 229.990,-

Í Sony Center í Kringlunni færðu 5 ára ábyrgð
á sjónvörpum - án aukakostnaðar!

Sony Center

Sameining ráðuneyta gengur gegn sérhagsmunum atvinnugreina og stjórnámálanna.

Atvinnubótaráðuneyti

Hugmyndir um sameinað atvinnuvegaráðuneyti, sem taki við hlutverki sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyta, hafa átt fylgi að fagna í öllum fjórum stærstu stjórnámálflokkunum á undanförunum árum og ratað inn í stefnu þeirra allra; Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Vinstri grænna. Talsmenn allra þessara flokka hafa talað fyrir hugmyndinni á Alþingi.

Rökin fyrir slíkri sameiningu hafa verið býsna augljós. Þau eru í fyrsta lagi hagræðing í rekstri stjórnarráðsins. Í öðru lagi yrði til stórt og öflugt ráðuneyti sem hefði burði til að standa faglegar að stjórnarsýslu. Í þriðja lagi myndi breytingin stuðla að því að ráðherra atvinnuveganna hætti að líta á sig sem sérhagsmunagæzlumann einnar atvinnugreinar, eins og tíðkæpt hefur lengi, og einbeitti sér fremur að því að skapa atvinnulífi landsmanna hagstæð, almenn starfsskilyrði.

Það er dálítið merkilegt að fólk skuli nú sjá allt mögulegt annað út úr áformum núverandi ríkisstjórnar um að sameina atvinnuvegaráðuneytin. Sumir sjá út úr þeim samsæri um að klekkja á Jóni Bjarnasyni, núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, jafnvel þótt hans eigin flokkur hafi tekið hugmyndina upp á sína arma talsvert áður en flestum gat dottið í hug að Jón yrði ráðherra.

Sumir sjá líka út úr áformunum lævíslega aðferð til að veikja stöðu sjávarútvegs og landbúnaðar í aðildarviðræðunum við ESB – jafnvel þótt allir flokkar hafi sett hugmyndina fram löngu áður en Ísland sótti um aðild. Væntanlega bera stjórnvöld og samningamenn líka hagsmuni allra atvinnuvega á Íslandi fyrir brjósti við samningaborðið, alveg burtséð frá skipulagi stjórnarráðsins.

Hagsmunasamtök í sjávarútvegi og landbúnaði hafa lengi verið á móti sameiningu ráðuneyta atvinnuveganna og ekki viljað missa „sitt“ ráðuneyti. Nú virðast Samtök iðnaðarins hafa bætt í hópinn, en þau studdu áður sameiningu ráðuneytanna. Kannski hafa forsvarsmenn SI áhyggjur af því að atvinnustefna Vinstri grænna leggist eins og dauð hönd yfir iðnaðinn ef af sameiningu verður, en líklega er búið að semja um að VG fái nýja ráðuneytið í sinn hlut. Svo gæti líka verið að þeir hafi komist að sömu niðurstöðu og hagsmunaaðilar í landbúnaði og sjávarútvegi; að það sé miklu þægilegra fyrir sérhagsmunagæzlu öflugra samtaka að hafa lítið og veikburða ráðuneyti og ráðherra sem þarf ekki að taka tillit til hagsmuna annarra greina.

Sameining atvinnuvegaráðuneyta höfðar til þeirra sem vilja horfa á almannahag, en er eitur í beinum sérhagsmunum. Það eru frekar meðmæli með því að breytingin verði gerð en hið gagnstæða. Stjórnámálamenn virðast sömuleiðis líta sameiningu jákvæðum augum þegar þeir horfa til skynsamlegs skipulags stjórnarráðsins, en eru minna hrifnir ef þeir eru haldnir þrá eftir ráðherrastól. Þá eru sem flest og minnst ráðuneyti auðvitað eftirsóknarverð – eins konar atvinnubótaráðuneyti.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. **STJÓRNARFORMADUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur P. Stephensen **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **steinunn@frettabladid.is**
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. **ISSN 1670-3871**

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur

Sendir öllum velunnurum sínum bestu óskir um gleðilegt ár ásamt innilegu þakklæti fyrir allan stuðninginn á liðnu ári.

Greinilegt er að á erfiðum tímum er íslenska þjóðin ein stór heild og sýnir stuðning, hver og einn eftir bestu getu.

Guð blessi ykkur öll.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stærsta vandamálið

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, skrifaði mergjaðan pistil á bloggsíðu sína á miðvikudag um skort þjóðarinnar á sjálfs gagnrýni. Guðmundur segir meðal annars: „Stærsta vandamál Íslendinga er án nokkurs vafa yfirþyrmandi skortur á aga, auðmýkt og sjálfs gagnrýni. Afsakanir skortir ekki. Betur og betur er að koma í ljós að við vorum sjálffhverfar smásálar, ófærar um að líta í eigin barm.“

Einstaklega markviss

Þetta er tímabær hugvekja hjá Guðmundi, enda uppsker hann þakklæti lesenda í athugasemdakerfinu. „Einstaklega markviss og vel skrifaður pistill“, skrifar einn. „Flott grein“, er mat annars og flestir virðast á sama máli: „Mjög góður pistill“, „Frábær pistill“, „Góð og þörf sjálfsrýni“ og „Fin greining“ er meðal einkunnanna sem Guðmundur fær fyrir skrifin.



Hvílík tilviljun

Pistill Guðmundar kallast skemmtilega á við annan pistil, háðsádeilu Bakþankahöfundarins Bergsteins Sigurðssonar sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudag. Pistill Bergsteins hefst á þessum orðum: „Stærsta vandamál Íslendinga er án nokkurs vafa yfirþyrmandi skortur á auðmýkt og sjálfs gagnrýni. Betur og betur er að koma í ljós að Íslendingar eru ótrúlega sjálffhverfar smásálar, sem eru ófærar um að líta í eigin barm.“ Það er varla annað hægt en að vera sammála þeim báðum. Eða þá hvorugum.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



... en það geri ég ekki

Stjórnámál

 Kolbeinn Óttarsson Proppé
 kynningarfulltrúi BSRB

Þegar ég var ungur oflátungur í menntaskóla datt einhver okkar félaganna niður á eitt eintak úr hinna stórgóðu ritröð Íslenzk myndni. Þar mátti finna margan gullmolann, sem reyndar brutu margir í bága við heiti bókarinnar. Þóttu í það minnsta ekki jafn myndnir við lestur þeirra og þegar þeir voru saman settir. Einn þeirra lögðum við þó á minnið og hann var sagður daglega í einhver ár. Þá og aðeins þá varð hann myndinn. Hann er svohljóðandi: „Maður nokkur kemur á bæ og spyr hvort bónda vanti ekki vinnumann. Bóni játti því. Bóni spyr mann hvað hann kunnir til verka. Maður svarar: Slegið get ég ekki. Rakað get ég í þurru, en það geri ég ekki.“ Undanfarið hefur þessi gamli brandari sótt æ fastar á hugann. Engum blöðum er um það að fletta að íslensk þjóð gekk í gegnum efnahagslegar hamfarir. Síðan eru liðin bráðum tvö og hláft ár og íslenskt samfélag sem heild hefur það, jú takk fyrir, bara ágætt miðað við margar aðrar þjóðir. Með þessu er á engan hátt verið að gera

lítið úr skelfilegri stöðu sem fjöldi fólks býr við, fólk sem glímir við atvinnuleysi til lengri eða skemmri tíma, heimilismissi, eða þarf að norpa í biðröð til að geta séð sér og börnum sínum farborða. Þetta er óumdeilt og þetta eru vandamál sem þjóðin þarf að takast á við; þjóðin öll. En því hefur brandarinn miður myndni leitað á huga minn að síðan kreppan varð er eins og við sem þjóð höfum verið lost-in eldingu barlóns. Við höfum endurtekið daglega að ástandið sé skelfilegt, allt sé að fara til fjandans og ekkert verði okkur til bjargar nema bara akkúrat eitthvað annað en það sem verið er að gera. Og líkt og brandarinn varð myndinn okkur menntskælingum forðum tíð, hefur barlómurinn orðið íslenskri þjóð bjargfastur sannleikur. Hættum þessum barlómi. Tökum saman höndum og hjálpu þeim sem virkilega þurfa á hjálpu að halda og einhendum okkur síðan í að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Samstaða, trú á okkur sjálf og það að ástandið verði betra fleytir okkur áfram.

Bíllinn í stofunni



Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Tíu ára drengur lést af völdum skotárásar í Kringlunni í dag. Hann var ekki í skotheldu vestu. Lögreglan vill brýna fyrir foreldrum og forráðamönnum að senda börn sín aldrei ein út úr húsi og láta þau ávallt klæðast herhjálmi og hlífðarvesti þegar þau eru utandyra. Sérstaklega er bent á svokölluð tvöföld vesti sem samanstanda bæði af gróft og fínt ofnu lagi silíkonþráða og geta, séu þau notuð rétt, varið börn jafnvel fyrir byssukúlum, hnífstungum sem og árásum með sýktum sprautunálum.“

Passið ykkur!

Fíllinn í stofunni þegar kemur að umferðaröryggismálum er bíllinn.

Þeir gangandi og hjólandi vegfarendur sem deyja eða slasast í umferðinni deyja vegna þess að bíll keyrir á þá. Það deyr enginn vegna þess að hann klæðist dökkri úlpu. Samt er alltaf reynt að snúa þessu á hvolf. Ef menn kjósa að klæðast ekki skærum trúðsfötum í skammdeginu til að öllum sjá þá eru þeir að biðja um að á þá sé ekið. Ef menn hjóla hjálmlausir þá geta þeir sjálfir sér um kennt ef þeir slasast. Ef barn hleypur út á götu og verður fyrir bíl er við barnið að sakast.

Hér er ekki beðið um að gangandi fái undanþágu frá lögum og almennri skynsemi, en aðstöðumunur milli bíla og manna er samt auðvitað gríðarlegur. Bíll er tuttugfalt þyngri en maður. Hann fer tuttugu sinnum hraðar. Bílar eru hættulegir, gangandi vegfarendur eru það ekki. Það deyr enginn eða lamast þegar maður með göngustaf rekst utan í hann. Engu að síður er áherslan í umferðaröryggismálum helst á að hindra för gangandi vegfarenda. Reisa grindverk, lengja biðtíma á gatnamótum og skikka þá til að klæðast hallærislegum öryggisbúnaði.

Það þurfa allir alltaf að passa sig á filnum í stofunni. Börn mega ekki fara í stofuna ein því fíllinn gæti trampað á þeim. Allir þurfa að tala lágt til að styggja ekki fíllinn. Ekki má taka fína stellið úr skápnum því fíllinn gæti brotið það. Hvernig væri að einhver spyrði frekar: „Hvað í ósköpunum er þessi fíll að gera í stofunni hjá mér?“

Meðvirkar stofnanir

Því miður eru flestar stofnanir

samfélagsins meðvirkar í þeim hugsunarhætti að miða allt út frá filnum. Gangandi bóða lengi eftir græna kallinum svo fílahjörðin þurfi ekki að nema staðar að öþörfu.

Græna ljósið logar það stutt að ungir og gamlir komast ekki yfir. Til að geta athafnað sig í umferðinni sem gangandi þurfa menn raunar að vera í frábæru formi og með skörp skilningarvið. Það sést best á því að yfir helmingur þeirra gangandi sem slasast alvarlega í umferðinni er eldra fólk.

Við lestur á lögregluskýrslum og skýrslum Rannsóknarnefndar umferðarslysa kemur oft þessi bílmiðaði, eða filmiðaði, bjagi. Tökum nokkur dæmi.

Keyrt í veg fyrir hjólreiðamann. Niðurstaða: Hjólreiðamaðurinn var ekki með hjálm. Keyrt á gangandi vegfarenda úr innkeyrslu í götu með 30 km hámarkshraða. Niðurstaða: Gangandi vegfarendinn hefði mátt passa sig betur.

Fíllinn í stofunni þegar kemur að umferðaröryggismálum er bíllinn.

Ekið á konu á gangbraut. Niðurstaða: Konan var dökkklædd og með iPod.

Hjólreiðamaður keyrður niður á þjóðvegi. Niðurstaða: Hjólreiðamaðurinn var ekki í nógu ljósum fötum.

Dópasti keyrir á barn og stingur af. Niðurstaða: Foreldrar þurfa að passa að börn leiki sér ekki nálægt vegum. Gangandi vegfarendi nær ekki að komast yfir á grænu ljósi og verður fyrir bíl sem fer af stað. Niðurstaða: Gangandi vegfarendinn hefði mátt sýna meiri aðgát.

Til að gæta sanngirni er ekki í öllum þessum tilfellum allri skuld skellt þá mjúka vegfarendur. En tilhneigingin til að kenna hinum óakandi um eigin ófarir er til staðar. Þeir sem fara út á akbraut geta sjálfir sér um kennt.

Öll áherslan í umferðaröryggismálum ætti að vera á það að minnka þá hættu sem bílar valda fólki, og hvetja fólk til að spara óþarfar bílferðir og fara um eftir öðrum leiðum. Þess í stað dynur á okkur áróður um hve hættulegt sé að vera labbandi. Þeir klikkhausar sem það kjósa þurfa að merkja sig í bak og fyrir og klæðast hlífðarbúnaði. En umfram allt þurfa menn að passa sig. Á filnum.

AF NETINU

Ríkisstjórn á skilorði



Niðurstaðan af þingflokksfundum Vinstri grænna í [fyrradag] er mjög skýr. Ríkisstjórnin starfar á eins konar skilorði. Líf hennar veltur á því hvernig hún hegðar sér á næstunni. Fram hefur komið að fundarhöldum sé fráleitt lokið og að niðurstaðan varðandi stuðning við ríkisstjórnina fari eftir því hvað þær umræður leiði í ljós. Enn er sami ágreiningurinn um málefni, svo sem grundvallarmál á borð við sjálfa efnahagsstefnuna og ESB.

Fram kom svo í fréttum Bylgjunnar í hádeginu [í gær] að ekki hafi einu sinni verið hægt að afgreiða tillögu um stuðning við ríkisstjórnina á þingflokksfundinum [í fyrradag].

Auðvitað sætir það stór tíðindum að í stjórnarflokki þurfi að bera upp tillögu um stuðning við ríkisstjórnina, sem flokkurinn á aðild að. Það gefur til kynna að óvissa sé um afstöðu þingflokksins til stjórnarsamstarfsins. Slíkt er í sjálfu sér stórfreitt.

Hitt er ennþá athyglisverða að málið var hins vegar ekki afgreitt. Það var ekki talið tímabært fyrr en línur hefði skýrst um afstöðu flokksins til þýðingarmikilla mála. Með öðrum orðum. Að óbreyttu var ekki hægt að kreista fram stuðning stjórnarflokksins VG við ríkisstjórnina. Að minnsta kosti ekki með öllum atkvæðum.

Þannig er ennþá allt í hers höndum. Að sinni hefur ríkisstjórnin fengið eins konar skilorðislausn, en ekkert má út af bregða svo hún þurfi ekki að taka út harðari refsingu. Til þess að sleppa við hana þarf hún að uppfylla tiltekin skilyrði sem þremmenningarnir setja henni. Sagan heldur áfram.

ekg.blog.is Einar K. Guðfinnsson

EINFALDLEGA FRÁBÆR TÆKI Á FÍNU VERÐI!

OLYMPUS FE 4050



Verð: 18.900 kr.

12 milljón pixlar · 4x wide aðdráttur · Linsa 27-108mm · Skjár LCD 6,9cm (2.7") · 14 handhægar tókustillingar · Face Detection · Videoupptaka með hljóði · Lithium hlebslu rafhláa í vel

OLYMPUS MJU TOUGH 3000



Verð: 29.900 kr.

12 milljón pixlar · 3,6 x aðdráttur · Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III) · 19 handhægar tókustillingar · Höggheld 1,5m · Vatnsheld 3m dýpi · Frostþoln 10° · Videoupptaka með hljóði · Hristvörn · Macro stilling · 1GB innra minni · Lithium hlebslu rafhláa

OLYMPUS E-PL1



Verð: 84.900 kr.

12,3 milljón pixlar · Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus · 3,0 ramma á sekúndu – allt að 5 myndir í RAW á buffer · Sjö upplausnar-möguleikar á mynd · Hristvörn í vel · "Dust Reduction System" ryktfrjár myndir · HD upptaka 720 p · HDMI tengi · Lithium rafhláa og hlebslutæki fylgir · 14-42 mm linsa fylgir

CASIO EX-Z350



Verð: 22.900 kr. Verð: 27.900 kr.

12,1 milljón pixlar · 4x aðdráttarlinsa (27-108mm) · Stór 6,9cm (2.7") LCD skjár · 23 myndstillingar · Auto bestshot · Videoupptaka með hljóði · Hlebslutæki og hlebslu rafhláa fylgir

CASIO EX-H5



Verð: 35.900 kr.

12,1 milljón pixlar · 10x aðdráttarlinsa (27-240mm) · Super Gear 2.7" TFT LCD skjár · 14 myndstillingar · Hristvörn · Videoupptaka með hljóði · 16:9 · Hæskeru upplausn (1280x780) · Lithium rafhláa endist allt að 1000 myndir · Hlebslutæki og hlebslu rafhláa fylgir

SAMSUNG R530-JA06SE



Verð: 89.900 kr.

VÖNDUÐ FARTÖLVA Á MJÖG FINU VERÐI

15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harðd: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home

SCOTT RX19RD



Verð: 7.900 kr. Verð: 9.900 kr.

VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP

VEKJARAKLUKKA Verð: 4.990 kr. CMX118

SHARP XL-UH1H HLJÓMTÆKJASTÆÐA



Verð: 28.900 kr.

Geislasplari · Spilar MP3, CD-RW · Magnari: 2x10 W RMS · AM/FM útvarp/RDS/40 stöðva minni · Vekjaraklukka · USB tengi

Pioneer DCS-202K

5,1 rása með DVD splara · USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 splurum o.fl. · Karaoke möguleiki · FM útvarp með RDS

HEIMABÍÓKERFI með öllu - þau gerast ekki betri!

Verð: 69.900 kr.

DMTECH LW19LE-HD/B



Verð: 59.900 kr. Verð: 69.900 kr.

19" LCD-SJÓNVARP með innbyggðum DVD splara og DVB-T móttakara · FULL HD 1920x1080

SCOTT FRÁBÆR FERDATÆKI



Verð frá: 10.900 kr.

CD-R/RW, Audio CD · FM útvarp

Verbatim VE47512



Verð: 15.900 kr. Verð: 18.900 kr.

FÍN FLAKKARI 1 TB geymslumi · USB 2 · Nero backup hugbúnaður fylgir

Verbatim VE47540



Verð: 39.900 kr.

SJÓNVARPS-FLAKKARI MEÐ UPPTÖKU · 1TB

Nintendo SNERPA-SPENNA-SNILLD



Verð: 39.900 kr.

Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGID HEFUR ÖLL SÖLUMET

ORMSSON

- | | | | | | | | |
|--------------------------------|--------------------------------------|--|--------------------------------|-------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|--|
| ORMSSON KEFLAVÍK SIMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SIMI 431 3333 | ORMSSON PRISTUR-ISAFIRÐI SIMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SIMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SIMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SIMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NEKAUPESTAÐ SIMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SIMI 480 1160 |
|--------------------------------|--------------------------------------|--|--------------------------------|-------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|--|

Nú mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!

BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

Morgunhanarnir Heimir og Kolla vakna eldhress í bitíð með fjölbreyttan dægurmálþátt á léttum nótum. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálum, íþróttum og öllu hinu strax í bitíð.



ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



BORÐUM ÁVEXTI DAGLEGA



ANANAS
249 kr/kg.



BLÁBER
398 kr/pk.



SALATBLÖNDUR
299 kr/pk.

- ÍTALSKT SALAT
- Kletta- og Radicchio salatblanda
 - Spínat
 - Klettsalat



VATNSMELÓNUR
229 kr/kg.

Borðum ávexti daglega!

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum. Það er mikið af andoxunar-efnum í ávöxtum og grænmeti, en þau búa yfir þeim eiginleikum að hindra myndun skaðlegra sindurefna í frumum líkamans sem talin eru tengjast framgangi ýmissa sjúkdóma.

SKORNIR
ÁVEXTIR
359 kr/pk.



FERSKIR ÁVEXTIR einfalt, þægilegt og hollt!

Spennandi salatbar



Sjáðu úrvalið!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

- Vorrúllur
- Marínarað svínakjöt
- Rifinn kjúklingur
- Ferskir ávextir
- Pasta
- Ferskar salatblöndur



TILBOÐ
HYDROXYCUT
HARDCORE
7.999 kr/pk



TILBOÐ
PRÓTEIN
STYKKI
189 kr/stk



TILBOÐ
HEILSUBRAUD
NÝBAKAD
229 kr/stk



HAFRÁTTIS
199 kr/stk



TILBOÐ
EAS BURNER
500 ML
279 kr/stk



TILBOÐ
EAS MYOPLEX
CARB SENSE
299 kr/stk



TILBOÐ
FLORIDANA
HEILSUSAFI
199 kr/stk



LATABÆJARSKÁL FYLGIR
HVERJUM KEYPTUM 518g
CHERRIOS PAKKA

Léttur réttur

TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

HOLTA
KJÚKLINGALUNDIR

1.931 kr/kg.

Merkt verð 2.758.-

MARRAKESH KJÚKLINGALUNDIR

fyrir 4 að hætti Rikku

msk	ólífuolía	1 stk	kanilstöng	5 stk	þurrkaðar apríkósur, skornar í bita
30 g	möndlufögur	200 ml	vatn	¼ tsk	múskat
700 g	kjúklingalundir	10 stk	gráfíkjur, skornar í fjóra bita	handfylli af söxuðu fersku kóríander	
1 stór	laukur, sneiddur	1 stk	rifinn börkur af appelsínu	1 msk	sesamfræ
1 tsk	ferskt engifer	1 msk	appelsínusafi		
1 tsk	kóríanderduft	½ tsk	kanill		
¼ tsk	saffrankrydd	1 msk	hunang		
¼ tsk	svartur pipar				
½ tsk	salt				
1 tsk	turmeric				

Hitið olíuna á pönnu og steikið möndlurnar þar til þær verða brúnar. Bætið kjúklingnum og lauknum út í og steikið þar til kjötið er brúnað. Setjið engifer, kóríanderduft, saffran, pipar, salt, turmeric og kanilstöng út í og bætið vatninu saman við og látið malla í 15–20 mínútur. Bætið öllu nema kóríander og sesamfræjum út í og látið malla áfram í 10 mínútur. Stráið kóríander og sesamfræjum yfir og berið fram með hrísgrjónum eða cous cous.

Kcal: 600 / 30% LDS
Prótein: 26,8 g / 54% LDS
Fita: 32 g / 50% LDS
Kolvetni: 53,3 g / 18% LDS
Trefjar: 5,5 g / 22% LDS
Fosfór: 368 mg / 37% LDS
Sínk: 1,5 mg / 10% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) er miðaður við 2.000 kcal (hitaeininga) orkupörf.



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

299 kr/kg.
Merkt verð 398.-

Kjúklingavængir ferskir



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

659 kr/kg.
Merkt verð 878.-

Kjúklingaleggir ferskir



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

4% fita

1.424 kr/kg.
Merkt verð 1.898.-

Ungnautahakk 4% fita



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

1.874 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

Lambasteik úrbeinað læri



TILBOÐ

HNETUBARINN
30%
afsláttur v/kassa



TILBOÐ

THE BERRY COMPANY SAFAR
379 kr/stk

TILBOÐ

FERSKT PIZZADEIG
299 kr/stk



TILBOÐ

FERSKT SPELT PIZZADEIG
339 kr/stk



TILBOÐ

RISA SAMLOKUBRAUÐ
199 kr/stk



LÍFRÆNT HÝÐIS HRÍSGRJÓN
439 kr/pk



LÍFRÆNT SPELT GRÓFT OG FÍNT
399 kr/pk



ORKUDRYKKUR VERÐ FRÁ
108 kr/stk

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Brot úr náttúrunni er yfirskrift sýningar á verkum listmálarans Eiríks Smith sem verður opnuð í Hafnarborg á morgun. Sýningin er önnur í sýningaröð Hafnarborgar á verkum Eiríks þar sem gefur að líta abstraktverk eftir málarann frá árunum 1957 til 1963. Nánar á hafnarborg.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



ÚTSALAN HAFIN

30%-50% afsláttur af útsöluvörum

 Vertu vinur á Facebook

Flott fót fyrir flottar konur, **belladonna** Staðir 40-60.

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Marta María Jónasdóttir lumar á uppskrift að ljúffengum rauðrófusafa

Dúndurgóður djús

ÚTSALA



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999

Skór frá GULL Í GRJÓTI
Skólavörðustíg 4

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI AÐPREYING

 Deildu Vísir með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísir á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

 Fáðu Vísir í símann og iPad!

VÍSIR.IS

Hann er rosalega hollur þessi, enda alveg uppfullur af vítamínum.“ Marta María Jónasdóttir, aðstoðarráttgjafi Pressunnar, fær sér sopa af fallega lituðum rauðrófusafa sem hún hefur útbúið í eldhúsinu heima, og bætir brosandí við: „Svo er hann dúndurgóður og lætur manni líða vel.“

Marta María hefur drukkið ávaxta- og grænmetisafa í heilsu- bótarskyni í mörg ár. „Ég drakk til dæmis mikið rauðrófusafa þegar ég gekk með báða strákana mína, enda eru rauðrófur járnríkar og þannig tókst mér að koma í veg fyrir járnskort.“ Hún getur þess að safarnir henti líka þeim vel sem búa við stöðugan tímaskort. „Það er þægilegt að geta hent í safa hafi maður ekki tíma til að útbúa morgunverð og fá þannig helstu

næringu úr safapressunni. Ég tek oft með mér flösku í vinnuna og er svo að súpa af henni fram undir hádegi.“

Marta María kveðst almennt hugsa um það sem hún lætur ofan í sig. Hins vegar komi fyrir hjá henni eins og öðrum að villast út af hinni beinu braut hollustu og heilbrigðs líferniss. „Ég er alls ekki heilög, borða til dæmis súkkulaði þegar mig langar í. Fyrir mér snýst þetta allt um að nýllstilla líkamann og hafi ég „farið að heiman“ hollustulega séð, eins og um jólin, tek ég mig bara á. Þessi rauðrófusafi er ágætis byrjun á því,“ segir hún og getur þess að í meðfylgjandi uppskrift hafi hún bætt við agúrku, lime og engifer til að slá á „moldarbragðið“ af rófunum sem sumir þykjast finna.

road@frettabladid.is

GÓMSÆTUR RAUÐRÓFUSAFI



- 1 rauðrófa
 - 1 agúrka
 - 4 selleristonglar
 - 3 cm engiferrot
 - 2 límónur
 - 1 epli
- Allt skorið niður, brytjað og pressað í djúsvél og drukkið með „det samme“.

Heilsuréttir Nings

Stór hluti viðskiptavina Nings er íþróttafólk og þá sérstaklega líkamsræktar fólk sem er vel upplýst og vill fá góðan og hollan mat. Heilsuréttimír okkar eiga það sameiginlegt að innihalda ferskt grænmeti, svo til enga fitu, mikið af próteini, ekkert salt, engan sykurl og hæfilegt kolvetnismagn.

TRANS FAT **MSG**

NING'S

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

Rannveig Kramer Margfaldur Íslandsmeistari í fitness og vaxtarækt kvenna Styrkir kroppinn með heilsuréttum frá Nings og kroppurinn blómstrar





Samvera á sunnudögum

Barnastarf kirkjunnar hefst á sunnudag en þar geta foreldrar og börn átt notalegar samverustundir.

Barnastarf kirkjunnar hefst að nýju næstkomandi sunnudag þegar sunnudagaskólarnir í kirkjum landsins taka til starfa. Þar er leitast við að hafa þægilega stemmingu og boðið upp á sögur, söng og leiki.

Sunnudagaskólinn er hugsaður fyrir börn á öllum aldri en þar geta þau átt gæðastundir með foreldrum sínum, öfum, ömmum, systkinum og vinum. Í flestum kirkjum er einnig boðið upp á sérstakt starf fyrir 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára. Þátttakan er ókeypis og eru allir velkomnir en upplýsingar um starfseminna í einstaka söfnuðum er að finna á kirkjan.is/vefir.



Börnin í sunnudagaskólanum í Brautarholtskirkju hafa tekið þátt í söfnun fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

Gengið um garðinn

Innan um formfagra legsteina í finnsku borginni Pori tók listamaðurinn Björg Þorsteinsdóttir ljósmyndir sem hún sýnir í anddyri Norræna hússins frá og með morgundeginum fram til 19. janúar.

„Ég er málari og graffiker og ætlaði að vatnslita en veðrið var svo gott og sólskin alla dagana að það var ekki hægt annað en að vera úti. Því greip ég til myndavélarinnar.“ segir Björg Þorsteinsdóttir, sem var staðarlistamaður borgarinnar Pori í Finnlandi í júlí síðastliðnum þar sem vel var gert við hana. „Ég fékk litla íbúð og þegar ég kom var ísskápurinn fullur af mat, rauðvínsflaska á borði og blómstrandi blóm í glugga.“ lýsir hún.

Allar myndirnar sem Björg sýnir í Norræna húsinu eru teknar í kirkjugarði borgarinnar. „Garðurinn er margbreytilegur og mér þótti gott að vera þar undir skuggsælum trjám. Finnar hafa líka svo mikið formskyn að þetta var eins og að ganga um í lista-safni.“ Sem dæmi nefnir Björg tvo háa legsteina yfir leiði hjóna



Bekkurinn er meðal muna í afmörkuðu plássu umhverfis eitt tvöfalda leiðið. MYND/BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR

og umhverfis það um þrjátíu fermetra pláss girt af með keðju en innan við hana voru bekkur, stólar og borð. „Það hefði eiginlega verið hægt að halda þarna ágætis partí,“ segir hún gládlega. „Svo var mikil umferð af ættingjum um garðinn þannig að þarna var eiginlega bara líf og fjör og alltaf eitthvað nýtt að sjá.“

Sýningin nefnist Gengið um garðinn og stendur frá 8. til 19. janúar frá klukkan 12 til 17 daglega. „Hún er ták þess að mig langaði að gefa til baka af því sem ég naut,“ segir Björg. - gun

ÚTSALA

Sendum frítt úr vefverslun www.lindesign.is

25% afsláttur af öllum dúnsængum & koddum

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Hátíðartónleikar Rótarý í Salnum

Rótarý heldur stórtónleika í Salnum í kvöld.

Stórtónleikar Rótarý verða haldnir í Salnum í Kópavogi í kvöld. Listamennirnir sem koma fram eru Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran, Peter Máté píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari, Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari, Guðni Franzson klarinettuleikari. Jónas Ingimundarson setur efni tónleikanna saman í samráði við stjórn Tónlistarsjóðs Rótarý.

Stjórn Tónlistarsjóðsins hefur að undanförmu unnið að því verkefni sínu að velja árlegan styrkþega Rótarý á tónlistarsviðinu, en 21 umsókn barst að þessu sinni og verður tilkynnt um niðurstöðuna á tónleikunum. Margrét Friðriksdóttir, umdæmisstjóri Rótarý, mun þá afhenda styrkinn og tónleikagestir í kjölfarið fá að njóta listar styrkþegans.

Miðasala fer fram milli 14-18 en



Sigríður Ósk Kristjánsdóttir hefur upp raust sína í kvöld við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara.

tónleikarnir hefjast klukkan 20. Þar sem um hátíðartónleika er að ræða eru gestir hvattir til að mæta þrúðbúnir.

Í tilefni 10 ÁRA afmælis okkar, bjóðum við alla vinsæla rétti á

999 kr.

Tilboðið gildir frá 7 til 9 janúar 2011
Föstudagur til Sunnudags (frá 11:30 til 23:00)

SHALIMAR

PAKISTANI & INDIAN RESTAURANT/TAKE AWAY
AUSTURSTRÆTI 4, 101 REYKJAVÍK

Sími: 551-0292 www.shalimar.is

Föstudagur, nafn sem vísar til föstuhalds þennan dag í kaþólskum sið. Dagurinn hét áður frjádagur, sennilega kenndur við aðra hvora gyðjuna, Freyju eða Frigg.

www.almanak.hi.is/rim.html

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 7. janúar 2011



TELMA ÞORMARSDÓTTIR HEFUR STARFAÐ SEM FYRIRSÆTA Í FIMMTÁN ÁR
Áramótakjöllinn • Nýr borðbúnaður frá Aurum • Helgarráðin



FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Aspire 5736Z-453G32Mn

- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár 1366x768
- Intel GMA X4500 skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

Kr. 97.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS



@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* ekki missa af



LJÚFIR TÓNAR Ný geislaplata hljómsveitarinnar Amiinu hefur fengið glimrandi dóma víða og þykir tónlistin vera falleg og fingerð. Platan ber heitið Puzzle og er gott eintak að eiga í plötusafninu.

blogg vikunnar



Hönnuðurinn

Íslensk stúlka að nafni Hildur Yeoman hefur greinilega næmt auga fyrir fegurð en hún heldur úti blogginu hilduryeoman.blogspot.com. Hildur er hönnuður, tísu-teiknari og af blogginu að dæma hefur hún brugðið sér í stílstahlutverk með ljósmyndararnum Sögu Sig. Á blogginu má finna flottar og litríkar myndaseríur og teikningar eftir Hildi sjálfa. Lifandi blogg með skemmtilegum myndum.

Íslendingur í Svíþjóð

Elísabet Gunnarsdóttir er öllum hnútum kunnug í tískuheiminum og deilir þekkingu sinni á því sviði á bloggi sínu elisabetgunnars.tk. Elísabet er búsett í Svíþjóð ásamt manni sínum og barni og á blogginu má finna myndir af þeim ásamt því að hún mælir með flíkum frá sænskum verslunarkeðjum sem vert er að gefa gaum. Skemmtilegt blogg fyrir tískuáhugafólk.



Nýtt íslenskt matarstell frá Aurum:

EINFALT EN FLOTT

Guðbjörg Ingvarsdóttir, skartgripahönnuður Aurum, hefur hannað fallett matarstell í samstarfi við finnska hönnunarteymið Elinno. Stellið er framleitt úr hágæða postulíni og er þar af leiðandi sterkara og endingarþetta en venjulegt postulín.

„Ég leitaði samstarfs við Elinno á sínum tíma þar sem ég sá ákveðna samlíkingu með verkum okkar. Postulínið heillaði mig þar sem hægt er að vinna það þynnra en það heldur samt styrkleika sínum og verður finlegra. Innblásturinn að mynstrinu kemur frá tvemur skartgripalínunum mínum, Heklu og Dögg, og einfaldleiki mynstranna gerir það að verkum að auðvelt er að blanda settunum saman og nota þau við ýmis tækifæri,“ útskýrir Guðbjörg og bætir við að við vörurnar eigi að geta átt sér langa ævi og gengið kynslóða á milli.

Að sögn Guðbjargar hafa viðtökurnar verið góðar og seldist nokkuð af vörunum fyrir jól. „Viðtökurnar hafa verið virkilega góðar. Ég varð vör við að fólk var að kaupa hluta úr borðbúnaðinum fyrir jól með það í huga að halda áfram að bæta í stellið með árunum.“

Að svo stöddu fæst matarstellið aðeins í Aurum en Guðbjörg útilokar ekki að vörurnar verði einnig fáanlegar erlendis innan skamms.

- sm



Falleg hönnun Guðbjörg Ingvarsdóttir skartgripahönnuður hefur hannað sérstaklega fallett matarstell í samstarfi við finnska hönnunarteymið Elinno. Stellið er fáanlegt með tvemur mynstrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



**30-50%
afsláttur
af öllum
vörum**

MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073



www.fjordur.is



Doppött sumar Skemmtilegur doppöttur skokkur með slaufu frá Westwood.

NORDICPHOTOS/GETTY



Mikilfenglegt Röndóttur og íburðarmikill sumarkjól í pastellitum.

Litaglöð hönnun Vivienne Westwood:

Doppur og rendur

Nú fer daginn að lengja og fólk getur farið að hlakka til sumarsins. Okkur er því óhætt að byrja að skoða vor- og sumarlínur tísukúsanna og sjá hvað sumarið fram undan ber í skauti sér. Vor- og sumarlína pönkdrottningarinnar Vivienne Westwood boðar litríkt sumar þar sem úir og grúir af alls kyns mynstri: doppum, röndum og öðru.

- sm

augnablikið



MYNDARLEG Leikkonan Penélope Cruz skemmtir sér á körfuboltaeik ásamt eiginmanni sínum. Cruz ber þeirra fyrsta barn undir beltí og er bumban orðin nokkuð myndarleg.

NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon og Álfurún Pálsdóttir Forsiðumynd Elísabet Davíðsdóttir Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is sími 512 5432 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Útsala



50%

VERD ÁÐUR: 8.990-
NÚ: 4.495-



VERD FRÁ: 390-



VERD-ÁÐUR: 14.900-
NÚ: 8.940-

40%



40% BORDSTOFUBORD VERD ÁÐUR: 59.900- NÚ: 35.940-
BORDSTOFUSTÓLL VERD ÁÐUR: 16.900- NÚ: 10.140-



40%

VERD NÚ FRÁ: 894-



50%

VERD ÁÐUR: 49.900- NÚ: 24.950-



VERD ÁÐUR: 15.900-

NÚ: 9.540- 40%



30-40%

VERD FRÁ: 2.394-



20-80%

the PIER

SNYRTIVARA
3 FYRIR 2

SMÁRATORG 522 7860 • KORFUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Sjóuð fyrirsæta Telma hefur búið og starfað í New York í næstum áratug. Hún hefur meðal annars setið fyrir hjá tiskurisum á borð við Versace, Armani og D&G.

FYRIRSÆTA Í FIMMTÁN ÁR

Pegar Telma Þormarsdóttir byrjaði að vinna sem fyrirsæta var ekkert internet og hún fékk kassettur með íslenskri tónlist sendar í pósti. Eftir 15 ár í bransanum lumar Telma á mörgum góðum sögum. Henni hefur verið bjargað af Naomi Campbell og orðið fyrir móðgun frá Miuccia Prada.

Viðtal: Álfur Pálsdóttir

Myndir: Elísabet Davíðsdóttir

Stílisti: Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir

Fatnaður: AFTUR

Pegar ég hugsa til baka núna geri ég mér grein fyrir að ég var ótrúlega ung þegar ég fór fyrst út í fyrirsætubransann," segir Telma Þormarsdóttir en hún hefur

starfað sem fyrirsæta síðan hún var 15 ára og er enn að. Hún hefur unnið með mörgum af stærstu nöfnunum í tiskuheiminum og ferðast út um allan heim til að sitja fyrir. „Öll ferðalögin sem fylgja starfinu heilluðu mig í byrjun og fengu mig til að halda áfram.“

Í dag býr Telma í New York en þar hefur hún verið í tæp tíu ár og unnið sem fyrirsæta. „Ég held alltaf að þetta sé að verða búið, að ég eigi bara hámark tvö ár eftir. En svo er alltaf ný vinna og á meðan mér finnst þetta gaman ætla ég að halda áfram,“ segir Telma hlæjandi.

UPPGÖTVUÐ Á FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐI

„Þegar ég var 13 ára fékk vinkona mín fyrirsætu- og framkomunámskeið í gjöf og ég álpaðist með henni. Ég vissi í raun ekkert hvað þetta var en í einum tímanum kom þangað maður frá ítalskri umboðskrifstofu og fylgdist með okkur. Daginn eftir voru foreldrar mínir og ég kölluð á fund og hann og Kolbrún Aðalsteinsdóttir vildu bjóða mér út það sumar en

foreldrum mínum þótti ég heldur ung þá og vildu kynna sér málin betur og það varð úr að ég fór út ári seinna,“ rifjar Telma upp. „Mamma og pabbi hafa alltaf stutt mig en sómuleiðis verið ströng og þau geta örugglega ekki beðið eftir að þetta taki enda og ég komi heim,“ hlær Telma.

Fyrirsætuferillinn hjá Telmu byrjaði árið 1995 og þá fór hún út ásamt átta öðrum íslenskum stelpum. Á þessum tíma var ekkert net og engir farsímar. Telma hlustaði á kassettur og handskrifaði bréf til sinna nánustu. „Pabbi gaf mér farsíma sem ég kallaði Keikó því hann var svo stór – hlunkur með þvílíku loftneti og maður þurfti að öskra í símann til að heyra eitt-hvað fyrir suði. Mamma hringdi öll kvöld til að tryggja að ég væri komin örugg heim eftir daginn, ég hugsa hún hafi sofið lítið fyrstu árin. Ég var alltaf að skrifa bréf og ná í pakka með nammi frá fjölskyldunni. Ég man sérstaklega eftir spólunum frá vinkonunum en þær tóku stundum upp útvarpsþáttinn Rólegt og rómantískt fyrir mig. Það var hughreystandi

að hlusta á það þegar maður varð einmana í útlöndum,“ rifjar Telma upp og gerir sér um leið grein fyrir hversu langt er síðan. „Nú þakka ég fyrir Skype, Facebook og msn. Miklu auðveldara að halda sambandinu við vini og ættingja.“

UNNIÐ MEÐ ÞEIM BESTU

Ítalski umboðsmaðurinn sem uppgötvaði Telmu á fyrirsætunámskeiðinu í Reykjavík var Dejan Markovic, eigandi Women-umboðsskrifstofunnar, og hann er enn þann dag í dag umboðsmaður Telmu. „Hann og Kolla voru í góðu sambandi við foreldra mína og ekki síst hugsuðu þau vel um mig úti.“

„Ég var mjög heppin að lenda strax á svona góðri skrifstofu enda hefðu foreldrar mínir aldrei tekið annað í mál þó þau hafi örugglega verið með áhyggjur,“ segir Telma en hún hefur unnið með mörgum af stærstu nöfnunum í fyrirsætubransanum, Sem dæmi má nefna stjórnljósmyndarana Mario Testino og Steven Meisel, hún hefur sýnt fyrir Chanel, Burberry, Givenchy, Marc Jacobs,

Prada og tekið þátt í herferðum H&M og Topshop.

Telma þvertækur fyrir að hún hafi nokkurn tímann orðið vör við að fyrirsætubransanum fylgi eiturlyf og partílíf. „Auðvitað er það til en þetta er spurning um að gefa ekki færi á sér. Ef maður hefur ekki áhuga er manni ekki boðið. Það er að minnsta kosti mín reynsla.“

Foreldrar hennar lögðu henni lífsreglurnar áður en hún fór út og sögðu henni að sýna ávallt að hún hefði bein í nefinu. „Ég tók því mjög alvarlega enda ég er einmitt með smá útstætt bein í nefinu. Það var ekki annað hægt en taka þessum ráðleggingum bókstaflega,“ hlær Telma en bætir við að þessi útlitsbransi sé vissulega ekki fyrir hvern sem er og hún hafi búið sér til ótrúlega þykkar skráp með árunum. „Ég man eftir einu atviki þegar ég var að fara að ganga mína fyrstu sýningu fyrir Prada. Ég var örugglega rétt tæplega tvítug og vissi að þessi sýning var mér mjög mikilvæg. Miuccia Prada stóð fyrir framman mig að næla utan á mig fötin og segir við aðstoðarkonu sína að ég væri nú með aðeins of breitt mitti

myndaalbúmið



„Auglýsingaherferð fyrir D&G. Tekin upp í New York af Mario Testino með Naomi Campbell í aðalhlutverki. Ég var tæplega tvítug og myndatakan mikil reynsla.“

„Þessi mynd er niundi áratugurinn í hnotskurn. Ég og Rakel systir með slöngulokka í pífukjólum. Þess má geta að við vorum brúðarmeyjar fyrir vinafólk mömmu, Betu og Silla. Okkur fannst geggjað að vera í svona finum kjólum og fara í hárgreiðslu.“



„Það má eiginlega segja að ég hafi byrjað í fyrirsætustörfum við fæðingu. Þetta er mynd af mér nýfæddri og voru notaðar



Telma hefur starfað sem fyrirsæta í fimmtán ár. „Ég held alltaf að þetta sé að verða búið og að ég eigi bara hámark tvö ár eftir.“

og mjaðmir. Hún hafði náttúrulega ekki hugmynd um að ég talaði ítölsku og skildi hvert orð sem hún sagði. Ég hélt andliti og lét á engu bera,“ rifjar Telma upp og vill meina að oftast sé best að láta gagnrýni sem vind um eyru þjóta. Maður þarf að vera reiðubúinn til að kyngja ýmsu. „Ég hef þurft að heyra margt og hef lært að hjá þessu fólki skiptir mestu máli að fötin komi sem best út. Þá gleymist stundum mannlega hliðin.“

Telma fullyrðir að hún hafi aldrei tekið það inn á sig og kannski sé hún þess vegna svona vel til þess fallin að starfa í hringið útlitsdýrkunar. „Maður þarf stöðugt að minna sig á að vera hógvær og jarðbundinn.“

BJARGAÐ AF NAOMI CAMPBELL

Telma vann öll sumur annaðhvort í Milanó, París eða New York þangað til hún komst á menntaskólaaldurinn. Hún tók þá eitt ár í frí frá skóla og fór út að vinna en kom svo aftur heim og settist á skólabekk. „Ég fór í MH og líkaði vel. Fór samt út að gera verkefni ef mér bauðst eitthvað gott og eftir á að hyggja var ég alltaf með annan fótinn úti,“ segir Telma en þegar kennaraverkfallið skall á árið 2001 tók hún þá ákvörðun að flytja út. „Ég flutti til New York 6. október 2001. Bara þremur vikum eftir árásina á Tvíburaturnana og það var mjög skrytinn tími í New York en á sama tíma yndislegur. Andrúmsloftið var sérstakt og allir fullir af náungakærleika.“

Þegar hún kom til New York var Telma svo heppin að hönnuðurinn Anna Sui tók ástfóstri við hana og kynnti hana fyrir fatahönnuðinum Marc Jacobs. „Hann réð mig í sínar sýningar og það er þannig að ef þú hefur gert sýningu fyrir Marc Jacobs ertu í góðum málum. Þá hefurðu öðlast virðingu og eftirtekt hjá öðrum.“ Boltinn fór að rúlla og Telma gerði til að mynda auglýsingaherferð fyrir Versus,

Emporio Armani og ítalska merkið D&G sem var skotið af Mario Testino með ofurfyrirsætunni Naomi Campbell.

„Það var mjög stórt verkefni og þegar ég kom var mér sagt að ég ætti bara að vera að vinna annan daginn en tókur stóðu yfir í tvo. Svo seinni daginn var ég í makindum mínum að slæpast upp á hótélherbergi þegar skrifstofan hringdi í mig brjáluð yfir því að ég væri ekki mætt upp í stúdíó. Ég fékk svitakast og hentist af stað. Maður er ekki seinn í tókur hjá Mario Testino. En þegar ég mætti voru allir biðstöðu því Naomi var auðvitað ekki mætt. Hún kom ekki fyrr en tveimur tímum seinna og enginn tók eftir að ég hafði verið sein. Það má því eiginlega segja að Naomi hafi bjargað mér þarna.“

✿ „Maður þarf stöðugt að minna sig á að vera hógvær.“

NÁTTÚRULÆKNINGAR OG SKARTGRIPAGERÐ

Telma gerir sér grein fyrir að nú sé farið að síga á seinni hlutann í þessu starfi en hún hefur mikinn áhuga á að læra náttúrulækningar og verða hómopati. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á óhefðbundnum læknávisindum en langafi minn, Guðmundur Ari Gíslason, var fyrsti hómopatin á Íslandi með leyfi frá landlækni svo það má kannski segja að ég vilji feta í hans fótspor,“ segir Telma en einnig á hún hlut í skartgripaframleiðslu systur sinnar, Rakelar. „Það gerir óneitanlega búsetuna í New York skemmtilegra að hafa Rakel hjá mér. Við erum bestu vinkonur og gerum allt saman.“

Aðspurð hvort Telma ætli einhvern tímann að koma heim svarar hún játandi „Já, ætli ég segi ekki bara eins og alltaf, ég gef þessu hámark tvö ár í viðbót.“

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Borðstofuhúsgögn Nýjar sendingar

Hvíldarstólar Nýjar sendingar
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

Sófar Nýjar sendingar
Hornsófar Nýjar sendingar
Sófasett Ný sendingar
Svefnsófar frá Ítalsofa

Útsala
afsláttur af öllum vörum
í versluninni
Komdu og gerðu frábær kaup!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

www.valhusgogn.is

RAW

Magnus Carlsen
World No.1 Ranked Chess Player
Photographed by Anton Corbijn

G-STAR RAW

Liv Tyler
Actress
g-star.com

Útsalan er hafin 30-50% afsláttur !

LAUGAVEGUR 86-94, 101 REYKJAVÍK ICELAND, S: 511-2007



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragnildur Gísladóttir söngkona

„Hefur lifað tímana tvenna í tísku en alltaf komið á óvart með frjálsllegu, frumlegu og töff útliti sínu. Svo virðist sem hún hafi gert samning við djöfulinn um að eldast ekki.“ - Ellen Loftsdóttir

„Það er óhætt að fylgja henni í blindni þar sem hún tekur vart feilsþor. Hún hefur sinn eigin stíl sem er einlægur, kraftmikill og jafn litríkur og hann er dökkur.“ - Stefán Svan Aðalheiðarson.

Hvernig myndir þú lýsa þínum persónulega stíl?

„Hann er „allt er leyfilegt“ stíllinn. Ég blanda ólíkum hlutum og stílum saman, mér líkar sérstaklega vel við 50's og 60's stíllinn sem og föt með japönsku elementum.“

Spáir þú mikið í tískuna yfirleitt eða klæðistu bara því sem þér þykir fallegt óháð straumum og stefnum?

„Ég á ekki mikið af fötum og fer rosalega vel með það sem ég á. Ég tek gjarnan fram föt sem ég hef geymt lengi og set þau í nýtt hlutverk. Ég blanda einnig kven- og karlmansfötum saman og gæti þess vegna verið í flikum frá Ellingsen, Byko og Guðsteini á sama tíma. Stundum rissa ég á blað einhverja línu og læt sauma fyrir mig eða geri það sjálf. Ég læt gjarnan sauma nokkrar flikur eftir sama sniðinu og þá úr ólíkum efnum.“

Áttu þér uppáhaldshönnuð? „Ég fylgist nokkuð vel með því sem er í gangi í fatahönnun en er langt frá því að vera tískuþræll og er ekki komin það langt að ég leggi sérstaklega á minnið nöfn hönnuða.“

Áttu þér þína eigin tískufyrirmynd? Og hvað finnst þér um það að vera sjálf orðin að tískufyrirmynd?

„Ég hef aldrei séð mig sem tískufyrirmynd en geri kannski ráð fyrir því að einhverjir fleiri fíli það sem ég sé í speglinum. Að klæða sig er sköpun á einhvers konar listaverki og það er gaman.“

Ertu að glíma við ofþyngd eða offitu?

Heilbriggt líf - Heilsulausn 1

Fyrir ungt fólk, 16-25 ára, sem glímur við ofþyngd, offitu og/eða einkenni frá stoðkerfi (3 mán og eftirlit í eitt ár)



Léttara líf - Heilsulausn 3

Hentar þeim sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki (3 mánaða námskeið með eftirliti í eitt ár) Að námskeiðinu standa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, næringarfræðingar og sálfræðingar auk íþróttarfræðinga og einkaþjálfara



Námskeiðin hefjast 10. janúar

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Ertu að glíma við verki frá stoðkerfi?

Betra líf - Heilsulausn 2

Hentar þeim sem glíma við einkenni frá stoðkerfi svo sem bakverki, eftirstöðvar slysa eða gigt.



Að námskeiðinu standa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, næringarfræðingar og sálfræðingar auk íþróttarfræðinga og einkaþjálfara



Námskeiðin hefjast 10. janúar

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is

HEILSUBORG

Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

2



Svala Björgvinsdóttir söngkona

„Svala er alveg með á hreinu hvað er í tísku og prófar sig áfram með góðum árangri. Kann að blanda saman klassík með tískubólum.“ - Stefán Svan Aðalheiðarson

Brynja Nordquist flugfreyja

„Mér finnst Brynja alltaf flott og með puttann á púlsinum. Klassakona með sinn eigin stíl.“ - Heba Hallgrímsdóttir



3-4

Best klædda kona ársins 2010 valin:

Frjálsllegar og frumlegar

Árið er á enda og fólk keppist við að gera það upp á ýmsan hátt. Föstudagur fékk til liðs við sig nokkra góða tiskuspekúlanta til að aðstoða við valið á best klæddu konu ársins 2010. Álitsgjafarnir voru Heba Hallgrímsdóttir, Stefán Svan Aðalheiðarson, Una Hlín Kristjánsdóttir, Ellen Loftsdóttir, Andrea Magnúsdóttir og Andrea Brabin.

Söngkonan Ragnildur Gísladóttir var kosin best klædda kona ársins og sigraði með yfirburðum. Í öðru sæti var Svala Björgvinsdóttir og þriðja sætinu deildu smekkonurnar Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, og Brynja Nordquist flugfreyja.

Ragna Árnadóttir fyrrverandi dómsmálaráðherra

„Sláandi glæsileg kona, stílhrein en megatöffari. Kann að velja sér klassískar flikur með tvisti og hárgreiðslan er alveg að gera topp hluti.“

- Stefán Svan Aðalheiðarson



3-4

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þessar voru einnig tilnefndar:

Tinna Bergsdóttir fyrirsæta „Tinna er alltaf skrefinu á undan þegar kemur að tísku. Algjör töffari og það er alltaf eins og hún sé nýstigin af tískupallinum.“ - Heba Hallgrímsdóttir

Björk Guðmundsdóttir söngkona „Einn mesti tiskumógull sem landið hefur alið af sér. Hún hefur komið einhverjum af færustu hönnuðum heims á framfæri, eins og Marjan Pejovski, Alexander McQueen, Jeremy Scott og nú síðast Michel Van Der Ham.“ - Ellen Loftsdóttir

Dorrit Moussaieff forsetafrú „Alltaf flott. Klassadama.“ - Una Hlín Kristjánsdóttir



Við byrjum 25 ÁRA afmælisárið MEÐ FLUGELDASÝNINGU!

Nú fer sólin að hækka á lofti og gleðin tekur öll völd á Stöð 2. Pressa 2, Steindi jr., Mannasiðir Gillz og heimsreisa Arnars og Ívars eru hluti af metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð á afmælisári Stöðvar 2. Við bjóðum líka upp á bombur á borð við Boardwalk Empire, American Idol og njótum stundanna með gömlum vinum eins og Glee, Grey's Anatomy, Two and a half men og öllum hinum.

Tryggðu þér áskrift og skemmtu þér með okkur á nýju ári!



skemmtilegri



HELGARRÁÐIN

Nanna Rögnvaldardóttir,
höfundur bókarinnar
Smáréttir Nönnu

1 Skipuleggðu veitingarnar vel fyrirfram. Ekki fara bara út í búð samdægurs til að kaupa eitthvað í partíð. Skrifaðu niður hugmyndir, farðu yfir listann og athugaðu hvað er hægt að gera með fyrirvara.






2 Gættu þess að hafa hæfilega fjölbreytni í veitingum en vertu ekkert að stressa þig á að hafa þær ofurflottar eða tegundirnar mjög margar. Flestir gestanna hafa áreiðanlega borðað fylli sína af góðgæti um kvöldmatarleytið og vilja gjarna eitthvað létt og einfalt þegar líður á kvöldið.



3 Ef þú ert með ídýfur og annað slíkt sem á að standa á borðinu allt kvöldið og fram á nótt er gott að skipta ídýfunni í tvær minni skálar, breiða plastfilmu yfir aðra og geyma í ísskápnum. Þannig helst ídýfan fersk.

4 Eftir áramót er upplagt að nýta afganga ársins. Er ekki eitthvað sem hægt væri að nýta? Hrærðu einhverju krukumauki saman við sýrðan rjóma eða gríska jógúrt og búðu til ídýfu. Eða búðu til eða kaupu pitsudeig, bökudeig eða smjördeig, skerðu eða stingdu út litlar kökur og búðu til smápitsur, litlar bökur eða fyllta böggla.



FÖÐUNARSKÓLINN

STOFNAÐUR 1997

Nýtt 14 vikna námskeið hefst 31. janúar

Kennt er mánudaga til fimmtudaga, í morgun- og kvöldhóp.

Hver nemandi fær föðunartösku með NN Cosmetics-vörum og leikhúsföðunarpakka.

Kennarar hafa áralanga reynslu í faginu.

Kennd er tísku- og ljósmyndunarföðun með áhrifum frá leikhúsföðun.

Einnig er kennt airbrush- og líkamsföðun.

Spennandi gestakennarar verða á námskeiðinu og óvæntir gestir munu koma í heimsókn.

Verkefni sem nemendur á haustönn tóku þátt í:

Buddy Holly-söngleikurinn

Frostrósir

Forvarnarauglýsing með

100 þjóðþekktum Íslendingum

Forsíða fyrir Vikuna

Tónsprotinn

Föðun fyrir erlenda

hárgreiðslumeistara frá L'Oréal



SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖÐUNARSKÓLI - FÓTAADGERDASKÓLI

HJALLABREKKU 1 | 200 KÓPAVOGI
WWW.SNYRTIAKADEMIAN.IS
SKOLI@SNAK.IS | Sími: 553 7900

ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
30-70% afsláttur

BOLIR/TOPPAR 990,- HETTUPEYSUR 1.990,- GALLABUXUR 3.500,- JAKKAR 4.195,- LEGGINGS 1.195,-
TÖSKUR - KJÓLAR - PEYSUR - HÚFUR - SKART - SILLY BANDZ 100,- PK., OFL. OFL.

SOHO/MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14-19. Laugd. 12-17

SOHO
MARKET

Notaleg tangóstemning

Menningarmiðstöðin í Gerðubergi býður upp á ljúfa tónlist um miðjan dag á morgun. Þá treður hópurinn Fimm í tangó upp en hann er sá eini hér á landi sem spilar tangótónlist að staðaldri.

„Það er léttur húmor í hópnum enda höfum við gaman af því sem við erum að gera og það skilar sér vonandi til áheyrenda,“ segir Kristín Lárusdóttir sellóleikari glaðlega. Þá er hún að lýsa sveitinni Fimm í tangó sem ætlar að spila íslenskan og finnskan tangó í Gerðubergi á morgun klukkan tvö. „Það hefur ekki borið mikið á lifandi tangótónlist hér á landi en dansinn hefur verið mjög vinsæll um nokkurra ára skeið,“ segir Kristín. „Hann hefur bara verið dansaður við tónlist af plötum.“

Kristín rekur sögu sveitarinnar aftur til 2007. Þá kveðst hún sjálf hafa verið nýflutt til Íslands frá Finnlandi og söngvarinn Ágúst Ólafsson líka. „Við tókum finnska tangóinn með okkur,“ segir hún brosandi. „Í grunninn er hann auðvitað argentískur en Finnar hafa gert hann að sínum og svo samið sinn eigin, marskenndari, svolítið ákveðnari og rytmiskari.“

Nú er að þróast íslenskur tangó að Kristínar sögn því Fimm í tangó hafa fengið hina ýmsu tónsmiði til að semja fyrir sig sérstaklega. „Hafðís Bjarnadóttir er þegar búin að semja þrjá tangóa við texta eftir Einar Mhá Guðmundsson og einn þeirra verður frumfluttur á morgun,“ upplýsir hún og heldur áfram. „Haraldur Vignir Sveinbjörnsson hefur líka samið fjóra tangóa fyrir okkur. Hafðís og hann eru ólík en höfða bæði vel til okkar. Við höfum líka fengið tangó frá Steingrími Þórhallssyni og Gunnari Kristinsyni.“

Fleira er á döfinni hjá Fimm



Íris Dögg Gísladóttir fiðluleikari, Kristín Lárusdóttir sellóleikari, Ágúst Ólafsson söngvari og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari skipa Fimm í tangó ásamt Vadim Fedorov harmóníkuleikara sem vantar á þessa mynd.

í tangó er Gerðubergsstuðið því sveitin er að taka upp geisladisk um næstu helgi að sögn Kristínar. En þar sem flestir setja tangó í samband við hinn tilkomumikla dans er hún spurð hvort til standi að slá upp balli bráðlega. „Við höfum fengið þar með dansatriði á tónleika til okkar,“ upplýsir hún. „En höfum hingað til haft okkar spilamennsku í tónleikaformi.“

Kristín tekur fram að veitingastaðurinn í Gerðubergi verði opinn á tónleikatímanum á morgun klukkan 14 og leyfilegt verði að taka með sér veitingar í salinn. „Við erum með kaffihúsa-stemningu og hlökkum til að eiga notalegt upphaf á árinu með góðu fólki.“

Þess má geta að aðgangseyrir er 2.000 krónur. gun@frettabladid.is



RISAÚTSALA

RISAÚTSALA AF SKÓM Í GYLLTA KETTINUM

~~ÁÐUR 12.800,-~~

NÚ 6.400,-

Stærðir 36–41



GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 • SÍMI 5340005

PRÓTÍNBOOMBUR!

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT



Fæst í Bónus

Samkvæmt skýrslu Matís er harðfiskur hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.



GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



PLANID
Alíasala
517 0000

**Bílasalan Planid
Breiðhöfða, Reykjavík**
Sími: 517 0000
www.planid.is



100bilar.is
Cadillac ESCALADE ULTRA LUXURY
COLLECTION, árg.2008, ek39þús.
km, Einn með öllum aukahlutum,
Störglæsilegur bíll sem lítur út sem
nýr, Ásett verð 9390þús.kr, er í salnum
hjá okkur,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og
laugardaga 12-16
www.100bilar.is

STÓRA
BÍLASALAN



Skoda Fabia NÝR! Eigum nokkra nýja
1,2l beinskípta Skoda Fabia á hreint út
sagt frábæru verði aðeins 1.890.000kr
staðgreitt! Sérstakt tilboð til bilaleiga
aðeins 1.390.000kr án VSK.



Suzuki Alto NÝR! Eigum nokkra nýja
Suzuki Alto beinskípta á frábæru
verði aðeins 1.790.000kr staðgreitt!
Sparneytnir bílar sem fá frítt í stæði!
Sérstakt tilboð til bilaleiga aðeins
1.270.000kr án VSK.



Nissan Double Cab DIESEL Árgerð
07/2006, ekinn 114þ.km, bsk, góður
bíll! Er á staðnum. Ástandsskoðun
til. Frábært verð aðeins 1.590.000kr!
Raðnúmer 151238. Nánari upplýsingar
á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirilit á plani
http://www.stora.is



Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala
í hjólum. Komdu við, láttu okkur
ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir
þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

Harley-Davidson umboðið
Grensásvegí 16, 108 Reykjavík
Sími: 510 9090
http://www.harley-davidson.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LAND ROVER DISCOVERY II SE.
Árg 2003, ekinn 82 þ.km, bensín,
Sjálfskiptur. skipti möguleg Verð 2.690.
þús Rnr.152360

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn
og á skrá.
www.hofdabilar.is

Bílar til sölu



Ford F350 King Ranch 2008 með öllu.
Góð 37" dekk og fallegar felgur, bretta-
kantar, pallhús og margt fleira. Ekinn
46000 km. Bíll í toppstandi og nýskoð-
aður. Ásett verð er kr. 5.400.000,-Ekkert
áhvlandi og skipti koma til greina.
Uppl. í s. 821 6386.




Suzuki Balena 4X4 1.6 5 gíra ,97 árg. 11
mánaða. Ekinn 150þ.km. S. 616 2597.



VW Golf 4x4 ,98 árg. 1.6 Ek. 115þ.km.
S. 616 2597.



Til sölu Nissan Almera árg.'96,
ek.195þús, ssk. Græn að lit, skoðuð.
Uppl. í s. 898 1649.



Toyota Land Cruiser VX árg'92 dies-
el, sjálfskiptur, ekinn 170þús.km., vél
og skipting 55 þús.km., ný 46" dekk,
Bedlock felgur, aukamilligir, úrheyp-
ingabúnaður, Webasto miðstöð, 4 T
Warn-spil, sterkari öxlar, stærri F-hás-
ing, serkari S-skipting, aflmeiri túrbína,
og fl. o.fl. Bíll í algjörum sérflokki, sjón
er sögu ríkari, verð kr. 6,3 m. Uppl. s.
821-6292.



Tilboð 185 þúsund
Hyundai Elentra árg. '95 sk., 11. Sjsk.,
1.800. Ek. 230 þús. Öryðgaður bíll að
norðan. S. 891 9847.



TILBOÐ 230 ÞÚS STGR!
PEUGEOT 306 BREAK STW árg'00
ek.130 þús.skoðaður 2011 ásett verð
430 þús TILBOÐ 230 ÞÚS S.841 8955



Ódýr Subaru Legacy
Subaru legacy station 4x4 árg.'96,
ek.200 þús. Ssk, krókur. Ásett verð
350 þús, tilboð 165 þús. Uppl. í s.
891 9847.



Discovery 3 S. G4 breyting. Árg. 2007.
Ekinn 75 þ. Diesel 2,7 Sjsk. Verð kr.
5.400.000. Uppl. í síma 822 0022.



Musso Sport 2004 dísil ek. 113þ/km ssk
ásett 1.390.000.- uppl. s: 892 8809.



M-Benz E200 2.0L árg.'97 ek. 230þ.km
sjálfsk. Verð 600þ.kr sími 662 0510.



Ford Transit 2.0 DÍSEL árg. '02, mikil
yfírfarin, ek. 140þ.km Verð 900þ.kr
sími 693 2991.



Toyota Corolla '03 silfurlituð. Ek.150þ.
Bsk. 1400vél. Verð 890þ. Áhv. 400þ.
S.823 4769.



Ford Transit 2.0 DÍSEL árg. '02, mikil
yfírfarin, ek. 140þ.km Verð 900þ.kr
sími 693 2991.

Toyota Corolla '03 silfurlituð. Ek.150þ.
Bsk. 1400vél. Verð 890þ. Áhv. 400þ.
S.823 4769.

0-250 þús.



TILBOÐ 230 ÞÚS STGR!
PEUGEOT 306 BREAK STW árg'00
ek.130 þús.skoðaður 2011 ásett verð
430 þús TILBOÐ 230 ÞÚS S.841 8955

Ódýr Subaru Legacy
Subaru legacy station 4x4 árg.'96,
ek.200 þús. Ssk, krókur. Ásett verð
350 þús, tilboð 165 þús. Uppl. í s.
891 9847.

Tilboð 185 þúsund
Hyundai Elentra árg. '95 sk., 11. Sjsk.,
1.800. Ek. 230 þús. Öryðgaður bíll að
norðan. S. 891 9847.

250-499 þús.



Tilboð 290 þús !!!
Daewoo Nubira 2.0 árg. 2000, ekinn
aðeins 97þús, 4 dyra, beinskíptur, álf-
elgur, cd, bíllinn er skoðaður, verð
480þús, Tilboðsverð aðeins 290þús.
Allar uppl. í 659 9696.



!! Sparigrís !!!
VW Polo 1.4 árg. '00, ekinn 170þús,
beinskíptur, 5 dyra, cd spilarí, bíllinn er
á vetrardekkjum, skoðaður 2011, góður
bíll í snattið sem eyðir rosalega litlu !
Tilboðsverð aðeins 380þús. Uppl. s:
659 9696.

Bílar óskast

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að
250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða
skoðunar, helst ekki eldri enn ,98,
skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-
250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl.
s. 615 1810.

ÓSKA EFTIR BÍL

Á 0-150 ÞÚS STGR!
Óska eftir bíl á 0-150 þús. stgr. má
þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja
Sendibílastöðin sími 568-5000.

Pallhýsi

Fis Pallhýsi með webasto bensínmið-
stöð. Árgerð 2006. Verð 1,5 milj. Uppl. í
síma 822 1920.

Bátar

Grásleppunet -

Grásleppunet
Ný sending af grásleppunetum.
Flotteinar, blyteinar, flotkleinuhringir.
Heimavík ehf. S. 892 8655. www.
heimavik.is

Bílaþjónusta



Hjólbarðar



Varahlutir

Hringbraut.is
Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC,
VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda,
Renault ofl. hringbraut.is S.420-1200.



Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með
notaða varahluti í nýlega bíla www.
netpartar.is



Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga
9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir
Urvinnslujóð. Eigum bíla til sölu.
Bilapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat
Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar.
Bremsuviðgerðir, renni diskur og skálar.
Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4,
Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30,
Honda Jazz, CRV, Toyota Avensis, Yaris,
M-Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki
Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant,
Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu
Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05.
Musso og margt fleira. Kaupum bíla
til niðurris. S. 555 6666 & 898 8835.
Hvaleyjarbraut 20 Hafnarfjörð.

Partabílar.is 770-6400

Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-
02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep
grand 00 kia sportage 99 mazda323 96
m.benz e 1980 almera 99 terrano 01
vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-
2010 xl7 05yaris 05 vw tt 35 98 kango
99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno
99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurris eða
uppgerðar.

VW, Skoda, Audi,

varahlutir og viðgerðir
S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla.
Kaupum bíla til niðurris. Sérhæfum
okkur einnig í viðgerðum á sömu teg-
undum. Bílabúíð, Suðurhella 10, Hfj.

Bíllutir, Kaplahrauni 14,

S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda
og Daihatsu. Eigum einnig varahluti
í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til
niðurris.

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglaerðir píparar geta bætt við sig
verkefnum í bæði viðhaldi og nýlgöng-
um. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í
síma 663 5315.

Hreingerningar

Heimilisþrif
Eingöngu hjá einstaklingum,
vönduð vinna. Lágmark 2 tímar
Uppl. 693 4517



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og
vanir menn.

A-Ö Þrif & Hreinlæti

Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif,
Gólfbónun, Teppahreinsun og
Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og
stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð og
sanngjörnu verð. Bókhald og þjónusta
ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverk-
efnum. Vönduð vinnubrögð og góð
umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið
Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi,
planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj.
Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

N & V Verktakar.
Flísalögn á frábæru tilboði.
4.000kr. fermeterinn.
Upplýsingar í síma 661 3149.




HAMRABORG ehf
Þakpappajónusta
Almennar húsviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @
simnet.is



Trésmiði
Öll almenn
trésmiðavinna
innan sem utan.
20 ára reynsla.
Tilboð/tímavinna
ALPAR síf.
Uppl. hjá Guðmundi
í síma 895 6820 eða
alparsif@hotmail.com



Óli smiður
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti
sem inni, mikil reynsla og sanngjart
verð. Óli smiður, sími 698 9608.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem
á staðinn. Gott verð. S. 699 6735
Baldvín.

Nudd

Líkamsnudd !
Frábær þjónusta. Tilboð í dag. S. 693
0348 eða 661 8272.

Nudd í boði. S. 844 0253.

Gott nudd - good massage. S. 857
4850 & 844 0329.

Spádómar

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður,
draumar.

Hvað viltu vita á nýju ári.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Múrarar

Getum bætt við okkur inni og úti verk-
efnum, flísalagnir og alhiða múrverk.
uppl. gefur Finnur. S:698 6009.

Rafvirkjun

RAFVIKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Önnur þjónusta



50% afsláttur af öllum jóla og áramótavörum. Partybúðin Faxafeni 11.

Advertisement for DVD and CD services with various offers and prices.

Til sölu



Snjókeðjusala SKM. Við vorum að flytja í nýtt og betra húsnæði! En betra verð! - Fáðu Tilboð!



Bergiðjan minigolf 9 holu minigolfvelli til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félags-samtök, útihátíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar.

Advertisement for Vatnseimingartæki (water purifier).

Fullþurrkað gæðarúlluhay til sölu. Heimastur á höfuðborgarsvæðinu.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Óska eftir ódýrum þurrkara. S. 868 7522.

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til efl/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

Advertisement for bathmate cleaning products.



Útsalan er hafin í Gula Húsinu, Pessi frábræra Saiko úlpa á aðeins 4990 kr. var 7990 kr. Gula Húsið Faxafeni 8."



Tilboð Dömskór úr leðri, stærðir 36 - 42 Verð: 3.500.- Misty skór, Laugavegi 178, sími 551 2070

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Herbalife, fyrir alla. www.dagamunur.is Sendið SMS 8918902 eða asta@dagamunur.is

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í 8916447 Óli

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Perfect massage with two or four hands 693 7597.



TANTRA MESSAGE Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples.

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro



Nýtt grunnnámskeið hefst þann 11. jan. Menntaður hundabjálfafrí. www.hundaskoli.net Uppl. 897 1992.

Hreinræktaður labrador Hreinræktaðir HRFI labradorhvolpar til sölu. Tilbúin til afh. 15. jan. Frábærir fjölskyldu- og veiðihundar.

Ýmislegt

Lærið að mála á postulín Skráning er hafin á postulínsmálunarskeiði sem haldið verður 6 mánu-dagskvöld það fyrsta mánudaginn 17. janúar kl. 19-22. Námskeiðsgjaldið greiðist við skráningu. Uppl. í síma 544-5504. Art Postulín, Nýbýlavegi 14.

Leigumiðlanir

Advertisement for Leiguliðar ehf Fossaleyni 16, offering various services and equipment.

Leigumiðlun-Leigumiðlun Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Húsnæði í boði

Advertisement for www.leiguherbergi.is, offering various accommodation options.

Björt og rúmgóð 3. herb. íb. í Seljahv. Laus frá 15. jan. Leiga 130þ. m/ hússjóð. 2. mán. trygging. S. 892 4254

Til leigu í Hamrahverfi 112 einbýli 222fm á útsýnistað. Langtíma leiga með eða án húsgagna. S.898 2189.

Er með til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir í Kópavogi, lausar nú þegar. GSM: 896-1067.

Til leigu 107 fm íbúð í nýlegu raðhúsi í Hveragerði. V. 100 þús. Laus 1. feb. Uppl. í s. 892 4370 & 864 3736.

Húsnæði óskast

Reglusamri stelpu úr Eyjum vantar íbúð nærri Hl. Uppl.á sas24@hi.is/849-4794.

3-4ra herbergja íbúð óskast strax í Kópavogi sem næst Snælandsskóla. Örrugg greiðsla. Langtímaleiga. Upplýsingar í s. 897 4250 vth@sim-net.is

Erum þar með 2 börn og 1 á leiðinni vantar íbúð til langtíma sem fyrst S:770 7288.

Vantar studio eða 2herb íbúð í Rvk. Reykl, reglusamur og skilvis.Sigursteinn S:660 7983.

Atvinnuhúsnæði

TILLEIGU 20 FMTIL50FM VINNUSTUDIO I MIDBÆ REYKJAVIK UPPL HANNES 660 1050

Geymsluhúsnæði



!! Geymslusvæði !! Geymslusvæði til leigu, 250 kr ferm. Upplýst og vaktað. Upplýsingar 694-3899.

www.geymslaeitt.is Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is Búslóðageymsla Olivars 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

Bílskúr Bílskúr til leigu í Kópavogi í ekkri íbúð) upplýsingar í síma 891-8258

Atvinna í boði

Advertisement for Saga Film óskar eftir heimilum, par eðarað-hús. Til að nota í sjónvarpsseríuna PRESSA



Óskum við eftir vönun járnsmiðum(pipe fitters) og rafsuðumönnum (electrode pipewelders)Til vinnu strax uppl í síma 693-5459 og 693-5455



Kornið Afgreiðslukonur vantar í Borgartún

Vinnutími 08 - 13 og 13 - 18.

Einnig vantar í Ögurvharf vinnutími 13 - 18. Verða að geta byrjað strax!

Íslenskukunnátt algjört skil-yrði. Upplýsingar í síma 864 1593 Jón

Ert þú fyrirsæta? Nú geta (djarfar) fyrirsætur (karlar og konur) komið sér á framfæri hérlendis og erlendis með milligöngu kaninunnar, PurpleRabbit.eu. Þjónustan er ókeypis. Frekari upplýsingar á PurpleRabbit.eu, á krækjunni „Fyrirsætur“.

Óskum eftir því að ráða sölu- og þjónustufulltrúa í fulla eða hálfá stöðu. Áhugasamir sendi póst á gardlist@gardlist.is.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Uppl gefur Haraldur í síma 553-6688 eða haraldur@tmi.is

Stýrimaður Stýrimann vantar á M-B Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða. Uppl. í s. 894 2013.

BIFVÉLAVIRKJAR. Vegna mikillar aukningar vill KvikkFix ráða góða bifvélaþjónu með reynslu sem fyrst. Þeir sem hafa áhuga sendi umsókn ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælendur til kvikkfix@kvikkfix.is fyrir 14. Jan.

Óskar eftir að ráða vana menn við skipaafgreiðslu/löndun og einnig vana lyftamenn. Í boði eru bæði framtíðar og hlutastörf á stór reykjavíkarsvæðinu. Áhugasamir sendi umsókn á kjartan@kletturskip.is s:564-6900; www.kletturskip.is

Meðalstórt matvælaframtækni í Kópavogi óskar eftir starfsmanni til að sjá um hráefna- og umbúðalager, þ.m.t. pantanir og móttöku vöru, bókanir og tiltekt - auk annarra verka. Mikilvægt er að viðkomandi starfsmaður hafi gott vald á íslensku og sé sjálfstæður og skýpulagður. Lyftarpróf er skilyrði. Áhugasamir sendi umsóknir til smáauglýsingaáskrá Fréttablaðsins (thjonusta@365), merkt „Birgðir 200“.

Atvinna óskast

35 ára gamall karlmaður óskar eftir starfi á sjó. Er með skipstjórnar réttindi. Allt kemur til greina. S. 868 7522.

Einkamál



SÍMAPJÓNUSTUR Stefnumót 905 2000 (símatorg) 535 9920 (kreditkort) 535 9923 (fritt karlar) 555 4321 (fritt konur) Spjall 904 5454 (símatorg, karlar) 535 9940 (kreditkort karlar) 555 4321 (fritt, konur) Gay spjall 535 9988 (kreditkort) Sögur 905 2002 (símatorg) 535 9930 (kreditkort) Spjalldömur 908 6000 (símatorg) 535 9999 (kreditkort)

Spjalldömur 908 2000 Erum við meira enn áður.

Tilkynningar

Advertisement for FISKISTOFA, including information about building permits and public works.

Advertisement for Reykjavíkurborg Skipulags- og byggingarsvið, regarding the change in the municipal council for 2001-2024.



47

SVAVA JOHANSEN kaupmaður er 47 ára.
„Upp til hópa eru íslenskar konur mjög vel klæddar og huga vel að útlitinu innan sem utan.“

NÝTT NAFN EFTIR 25 ÁR: BARNASMIÐJAN VERÐUR KRUMMA

Byrjuðu tvö í bílskúrnum

Hjónin Elín Ágústsdóttir og Hrafn Ingimundarson stofnuðu lítið fyrirtæki í bílskúrnum hjá sér, Barnasmiðjuna, árið 1986. Þar smíðuðu þau leiktæki fyrir börn undir merkinu Krummagull. Þau fagna 25 ára starfsafmæli í ár og af því tilefni breyttu þau nafni fyrirtækisins í Krumma.

„Með því vildum við einfalda hlutina en vörulínan okkar hefur alltaf heitið Krummagull. Við erum ekki að breyta neinu nema nafninu,“ segir Elín.

Elín og Hrafn vildu sameina krafta sína en Elín er leikskólakennari og Hrafn vélaverkfræðingur. Hrafn sá alfarið um hönnun og smíði leiktækjanna til að byrja með og bar leikgildi þeirra undir Elínu. Fyrsta leiktækið var tvöfalt vegasalt sem fór á leikskólann Marbakka í Kópavogi. Hrafn sneri sér fljótlega alfarið að smíðinni því fyrirtækið fékk strax stórar pantanir.

„Við fluttum fljótlega úr bílskúrnum í húsnæði á Kársnesbraut og árið 1993 flytjum við hingað í Grafarvoginn,“ útskýrir Elín. „Þá opnuðum við líka leikfangaverzlun. Í dag eru helstu breytingarnar að gerast á verkstæðinu en við erum með alveg nýja vörulínu í smíðum,“ segir Elín leyndardómsfull og vill ekkert gefa nánar upp, línan verði kynnt í febrúar. Elín segir þó að hún sé séríslensk og eitthvað sem ekki hafi sést á leikvöllum hér áður. Aðalhönnuður á bak við nýju vörulínuna er Jenný Rut Hrafnadóttir vélaverk-



UNDIR NÝJU NAFNI Hjónin Elín Ágústsdóttir og Hrafn Ingimundarson stofnuðu fyrirtækið fyrir aldarfjórðungi. Nú hefur Jenný Rut Hrafnadóttir vélaverkfræðingur bæst í hópinn og ný vörulína er í smíðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fræðingur, en hún kom inn sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins á síðasta ári eftir fimm ára starf hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri.

„Við Hrafn vorum lengi vel bara tvö í öllu en Jenný kemur með mikla efnisþekkingu inn í fyrirtækið sem býður upp á alveg nýja útfærslu á leik-

föngum. Við höfum ekki áður verið mönnum fagfólki í þróun vörulínu og fleiru en hjá okkur starfa meðal annars trésmiðir, járnsmiðir, verkfræðingur, bílasprautari og markaðsfræðingur, svo það má segja að við séum að opna fyrirtækið meira á þessum tímamótum.“

heida@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Guðrún Jósepsdóttir
Stóragarði 10 Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 4. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Jón Einarsson
Skúli Einarsson
Pórir J. Einarsson
Svanborg G. Einarssdóttir
Jóhann A. Einarsson
Porsteinn Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn

Guðrún Þorsteinsdóttir
Ólöf Ólafsdóttir
Unnur Ragnarsdóttir
Úlfar Reynisson
Rut Kristjánsdóttir
Ingibjörg Hreiðarsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Halldóra Ólafsdóttir
Þingskálum 12, Hellu,

sem andaðist á Dvalarheimilinu Lundi 29. desember sl., verður jarðsöngin frá Árbæjarkirkju í Holtum, laugardaginn 8. janúar kl. 11.00.

Jóhanna Hannesdóttir
Erna Hannesdóttir
Árni Hannesson
Sigríður Hannesdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Jón Ingi Guðmundsson
Hjörtur Egilsson
Guðbjörg Ísleifsdóttir
Þorsteinn Ragnarsson



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Danival Finnbogason
Garðavegi 2, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 5. janúar á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju, mánudaginn 17. janúar kl. 15.00.

Guðný Ólafsdóttir
Ólafur Danivalsson
Laufey Danivaldsdóttir
Katrín Danivaldsdóttir
Herðís Danivaldsdóttir
Guðný H. Danivaldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tómas Ibsen
Sveinbjörn Björnsson
Páll R. Valdimarsson
Egill H. Lárusson



Ástkær vinkona mín, móðir okkar og tengdamóðir

Hafrún Ingvarsdóttir
Suðurhólum 14 Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 11. janúar kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Elliði Magnússon
Finnbogi Oddur Karlsson
S. Ingibjörg Karlsdóttir
Jóhanna María Karlsdóttir

Jakob Jónsson
Sigmundur Hagalín Sigmundsson
Halldór Jónsson

Sigurður Hólmar Karlsson
Valgerður Lísa Gestsdóttir
Hlynur Þór Gestsson

Björn Auðunn Magnússon

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Anton Helgason
Minni-Grund,

lést sunnudaginn 2. janúar sl. Útför verður frá Fossvogskapelli mánudaginn 10. janúar kl. 15.00.

Maggý Sigurðardóttir
Irmý Dómhildur Antonsdóttir



Elskulegur frændi okkar, bróðir og mágur,

Árni Björn Jónsson
frá Þorvaldsstöðum í Breiðdal, Fells múla 18,

lést á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 30. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. janúar 2011 kl. 13.00.

Guðný Elín Jónsdóttir
systkini hans og aðrir aðstandendur.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

Liselotte Gunnarsson
áður til heimilis að Skólbraut 5 Seltjarnarnesi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 3. janúar. Útförin auglýst síðar.

Olga Guðmundsdóttir
Björn Óli Pétursson
Liselotta E. Pétursdóttir
langömmu- og langalangömmubörn

Pétur Björnsson
Birna Sigurðardóttir
Einar Kristján Jónsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýbug og samúð vegna andláts og útfarar

Jóns Jónssonar
frá Grundargili.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erla Kristjánsdóttir.



Elsku maðurinn minn og faðir okkar

Helgi Markús Kristófersson
Silfurteigi 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 31. desember.

Anna M. Jensdóttir
Guðný Á. Helgadóttir
Áslaug Helgadóttir
Hulda Helgadóttir
Jens B. Helgason



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýbug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

Braga Friðriks Bjarnasonar

Hlíðartúni 11 Höfn í Hornafirði.

Aðalheiður Aðalsteinsdóttir
Ómar Ingi Bragason
Ingunn Sigurrós Bragadóttir
Bjarni Friðrik Bragason
og barnabörn.

Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir
Magnús R. Kristjánsson
Hrönn Þorgeirsdóttir

LAGGER

ÚTSAULA

50%

afsláttur af öllu
Á KORRPUTORGI
ALLA HELGINA



Fyrstir koma fyrstir fá!
Afsláttur reiknast á kassa

Ég ætla að
spara í ár!

Office **OUTLET**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

MINNA EN 1% FITA

PÝSK KALKÚNABRINGA



1998
kr. kg

FRYSTI
VARA



259
kr. 500g

SOLLU LÍFRÆNT HVEITIKÍM

Hveitikím (Wheat germ) er einstaklega ríkt af næringarefnum, vítamínum, járni og trefjum. Hveitikím er próteinríkara en flestar kjötvörur. Leggja má að jöfnu 30g af Hveitikími og 250g af fersku grænmeti. Hveitikím er gott fyrir uppbyggingu líkamans og hentar sérlega vel fyrir íþróttafólk. Næringarefni í Hveitikími eru m.a. A, B1, B3 vítamín, sink, magnesíum, fitusýrur, járn og kalsíum. Hveitikím má nota í stað hveitis í flesta rétti.



398
kr. 500ml

KÓKOSHNETUVATN VÖKVI LÍFSINS

CoCo drink er frískandi svaladrykkur, beint úr brunni náttúrunnar, náttúrulegur drykkur sem svalar þorstanum, unnin úr lífrænt ræktuðum kókoshnetum. CoCo kókosdrykkurinn er án allra aukaefna, án mjólkursykurs, rotvarnarefna og kólesteróls! CoCo kókoshnetudrykkurinn er stútfullur af aminosýrum

100 KR. VERÐLÆKKUN
10 PÚS FERNUR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI



157
kr. 250ml

HÁMARK PRÓTEINDRYKKIR

250ML ÞRJÁR GERÐIR

HOLLUSTAN Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



179
kr. 1 ltr.

20 PÚSUND LTR
í boði á þessu verði 179 kr. 1



Bónus Engiferdrykkurinn
Tvær flöskur á verði einnar
298 kr.



298
kr. 250ml

FROOSH DRYKKIRNIR 250ml **298 KR**



498
kr. 1 kg

FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG
498 kr. 100 kr lækkun,
Tvö tonn í boði á þessu



498
kr. 1 kg

FROSNIR ANANASBITAR 1 KG
498 kr. 100 kr. lækkun,
Tvö tonn í boði á þessu verði.



69
kr. 500g

E.S HAFFRAMJÖL 500g

BRAGÐBETRA BÓNUS LÝSI
BÓNUS LÝSI 500ml **398 KR.**
BÓNUS LÝSISPERLUR 300 STK. **398 KR.**



398
kr. 500ml



398
kr. 300 stk



249
kr. 250g

FROSN BLÁBER
250g



498
kr. 1.2 kg

FROSN JARÐARBER 1.2 KG
498 kr. pokinn.
Aðeins 415 kr. klíoið



295
kr. 750g

E.S KORNFLEKS 750g



179
kr. 500g

KJARNABRAUÐIÐ 500g



GULLOSTUR 250g
498 kr.

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



898
KR. kg

GRÍSAKÓTILETTUR

NÝTT
ÍSLENSKT
GRÍSAKJÖT



998
KR. kg

ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR

KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR EÐA FROSNAR



KJÖRFUGL FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR/KG.



EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR/KG.



DANSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1398 KR/KG. FRYSTI VARA



ALLT Í SPAGHETTI BOLOGNESE:
NAUTAVEISLU NAUTAHAKK
898 KR.KG
BARILLA SPAGHETTI 1.KG
259 KR.1



RAUTT GRAPE **195 KR/KG.**



APPELSÍNUR **195 KR/KG.**



AKURSELS GULRÆTUR
359 KR./500g.

Tolli: Landslag hugans.
Listaverkabók **Aður: kr.4990.-**



50%
AFSLÁTTUR

Tolli


Nú:
kr. 2495

♥ ÞAÐ KOSTAR
28 KR. AÐ SKEMMTA
SÉR HEIMA



HANDY SMOKKAR
18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR
498 KR.PK/28 KR.STK

ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA



DÖNSK PEKINGÖND
2.4 kg. **1698 KR.**



149
kr. 2 ltr.

198
kr. 750ml

EPLA SJAMPÓ 750 ML

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. gas, 6. óreiða, 8. nudda, 9. heyskaparamboð, 11. karlkyn, 12. deyfa, 14. einkennis, 16. í röð, 17. gagn, 18. kæla, 20. búsmali, 21. sæla.

LÓDRÉTT

1. smæl, 3. öflug röð, 4. pensillín, 5. verkur, 7. niðurstaða, 10. fálæti, 13. of lítið, 15. bakhluti, 16. tala, 19. tvíhljóði.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. loft, 6. rú, 8. núa, 9. ort, 11. ká, 12. slæva, 14. aðals, 16. tu, 17. nýt, 18. ísa, 20. fé, 21. unun.
LÓDRÉTT: 1. bros, 3. on, 4. fúkalýf, 5. stél, 7. úrlausn, 10. fæð, 13. van, 15. au.

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað
alla laugardaga

Lífið er auðvelt á Íslandi

Íslensk fjölskylda með brennandi áhuga á Úganda ákvað að spara í jólagjöfum í ár og bjóða þess í stað ungum ugönskum vini sínum, Kajjaba David, til landsins yfir jól og áramót.



Meðal annars efnis:

HM að hefjast

Heimsmeistaramótið í handbolta verður sífellt stærra í sniðum.

Háskóli í hundrað ár

Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands í helgarviðtali.



Mótmælarpjóðin

BAKÞANKAR
Þórunnar
Elisabetar
Bogadóttur

Þegar þetta er skrifað hafa tæplega þrjátíu og fimm þúsund Íslendingar skráð nafn sitt á undirskriftalista gegn fyrirhuguðum veltolum á Suðurlandi. Til samanburðar eru það rúmlega tíu þúsund fleiri en hafa skrifað undir áskorun til stjórnvalda um þjóðar-atkvæðagreiðslu um orkuauðlindir Íslands.

SANNAST þar með enn og aftur að Íslendingar taka aðeins þátt í mótmælum þegar þeirra eigin hagsmunum er ógnað með þráðbeinum hætti. Nú sér fólk fram á að þurfa að borga meira fyrir að keyra bílinn sinn – og þá verður allt vitlaust.

VIÐ erum ekki þjóðin sem mótmælir ranglátum eftirlaunafrumvörpum, sölu á auðlindum okkar eða niðurskurði í mennta- og heilbrigðiskerfinu í stórum stíl, þó litlir hópar reyni sem betur fer. En sé ráðist á einkabílinn og peningana, þá nennir fólk að gera eitthvað.

EDA er fólk búið að gleyma því hvernig mótmælaárið 2008 byrjaði? Nefnilega með mótmælum vegna bensínhækkana. Einmitt. Ef það hefði nú

verið það eina sem við hefðum þurft að hafa áhyggjur af ...

EKKI svo að skilja að ég hafi ekki alveg samúð með fólkinu sem þessir veltolar munu koma hvað harðast niður á. Það er auðvitað fáránlega ósanngjarnt að hægt sé að valsa í gegnum margra milljarða króna göng úti á landi ókeypis en um leið og við nálgumst höfuðborgina á að skella á tollum á einfalda (eða tvöfalda) vegi. Enda eru samgöngumál mála-flokkur sem virðist í hugum þónokkurra stjórnámamanna eingöngu vera tæki til að ota sínum tota í kjördæminu. Og þá er alveg bannað að vera of hliðhollur höfuðborgarsvæðinu.

ÞAD sem er samt einna umhugsunarverðast í þessu öllu saman er hvers vegna við urðum samfélagið þar sem það er sjálfsagt mál að allir eigi bíl. Að það sé sjálfsagt mál að unglingar skuldbætji sig til að eignast fyrsta bílinn, að allir komi saman í pírtingi yfir skorti á bílastæðum hér og þar. Að fólki þyki það algjörlega ómögulegt að notast við almenningsgöngur, hvort sem er innan borgar eða utan. Af hverju teljum við sem ódýrasta notkun á einkabílum til einhverra grundvallarmannréttinda? Og það er bannað að segja veðrið.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





*Vertu í góðu formi
Fáðu þér Fitty brauð*

Náðu þér í Fitty brauðtvennu í næstu verslun

Nú færð þú tvö Fitty samlokubrauð eða tvö Fitty kjarnabrauð á verði eins í næstu verslun. Taktu heilsuna föstum tökum og náðu þér í Fitty-tvennu í næstu verslun núna.

meira magn
sama verð



Nýtt frá Myllunni



2 fyrir 1
Fitty Kjarnabrauð

2 fyrir 1
Fitty Samlokubrauð

Nú færð þú tvö Fitty samlokubrauð eða tvö Fitty kjarnabrauð á verði eins í næstu verslun

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í SALNUM Hátíðartónleikar Rótarý verða haldnir í Salnum í Kópavogi klukkan 20 í kvöld. Fram koma Sigríður Ósk Kristjánsdóttir messósópran, Peter Máté píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari, Hrönn Þránsdóttir píanóleikari og Guðni Franzson klarinettuleikari. Jónas Ingimundarson setur saman efni tónleikanna.



VEL KLÆDDUR Japanski listamaðurinn Hiroshi Egami leggur lokahönd á skúlptúra sem hann hefur til sýnis á menningarhátíðinni. Þrátt fyrir fimbulkulda lét Egami engan bilbug á sér finna heldur gætti þess að klæða sig eftir veðri.



PRJÓNLESIÐ Verkin setja nýjan svip á bæinn, til dæmis þessi prjónaskúlptúr í grennd við hjúkrunarheimili aldraðra í Garði.



Í GARÐINUM HEIMA Reynir Katrínarson er eini listamaðurinn sem tekur þátt í sýningunni sem búsettur er í Garði.



LITRÍKT Þema hátíðarinnar, norðurljósin, kemst sterkt til skila í skúlptúrnum Plastic Attack, sem er unninn úr plastpokum.

Ferskir vindar suður með sjó

Blásið var til menningarhátíðarinnar Ferskra vinda í Garðinum á Suðurnesjum í gær.

Um fimmtíu listamenn af átján þjóðernum hafa búið og starfað í Garðinum á undanförunum vikum í tengslum við alþjóðlega listasmíðju sem Mireya Samper stendur að. Hátíðin er smíðshögg- ið á þá vinnu og má sjá afrakst- ur listamannanna víðs vegar um

bæinn. Þema listasmíðjunnar var norðurljósin.

Verkin eru fjölbreytt. Sum eru aðeins til sýnis á meðan á sýningunni stendur en öðrum er ætlað að standa um aldur og ævi og verða varanlegur hluti af ásýnd bæjarins. Valgarður Gíslason ljósmyndari brá sér suður með sjó og myndaði brot af því sem ber fyrir augu á hátíðinni. Nánari upplýsingar um listamenn og dagskrá hátíðarinnar má finna á fresh-winds.com.

- bs

Pant ver'ann – pant ekki...

Danslist ★★★

Kandíland

Hreyfipróunarsamsteypan í samvinnu við Þjóðleikhúsið

Höfundur: Hreyfipróunarsamsteypan – byggt á konungaverkum Williams Shakespeare. Flytjendur: Katrín Gunnarsdóttir, Melkorka Sigríður, Ragnheiður Bjarnarson, Vigdís Eva Guðmundsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Leikstjóri: Víkingur Kristjánsson.

Í Kandílandi er gósentíð. Þar ræður glamur og glys ríkjum og allir eru hamingjusamir, eða hvað. Valdabaráttan er hörð og miskunnarlaus í landinu. Einstaklingar ná völdum á mis friðsaman hátt, beita þeim og/eða misbeita á meðbræður sína og -systur en verða síðan að láta völdin af hendi í síundurteknum valdaránum. Samkvæmt höfundum er verkið innblásið af konungaverkum Shakespeares. Sjá mátti Shakespeare bregða fyrir á sviðinu en atriði verksins töluðu samt aðallega sínu eigin máli. Valdafíknin og valdniðslan var í sumum tilfellum sett í sakleysislegt samhengi eins og leiki barna og notaðar beinar vísanir eins og setningarnar „pant ver'ann“ og „pant ekki“. Í öðrum

tilfellum voru átökin grófari og sýndu á táknrænan hátt ofbeldið, yfirganginn, undirlægjuháttinn, fagurgalann og svikin sem skapa valdabaráttu.

Umgjörð verksins var mjög flott, einföld og stílhrein. Allt var svart og hvítt nema mislitar flögur sem skreyttu bómu sem hékk niður úr loftinu. Þátttakendurnir fimm voru klæddir svörtum jakkafötum og hvítum skyrtum sem höfðu þó nokkuð látið á sjá vegna atgangsins í verkinu. Hvítt kandíflos skapaði í raun umgjörð verksins þar sem því hafði verið komið fyrir eins og kyndlum á hliðarveggjunum og ljóskúplum á baktjaldinu. Það hafði síðan mikilvægu hlutverki að gegna sem táknmynd valdsins og allra nægtanna á meðan hæð bómunnar sýndi ris og fall samfélagsins.

Dansverkið byggði ekki á samfelldri frásögn heldur var það samansafn atriða sem höfðu sama þema. Mörg þessara atriða voru áhrifamikil og vel unnin en á stundum vantaði upp á flæði og tengingar á milli þeirra.

Tjáningarform verksins lá á rófínu: mjög leikrænir tilburðir til flókinnar nútímadanstjáníningar, enda aðstandendur sýningarinnar bæði leikarar (einn sýnandinn og leikstjórinn leikarameintaðir) og dansarar (aðrir sýnendur og dramatúrginn eru dansmenntaðir).



Samvinna leiklistar og dans hafa gefið af sér skemmtilegar sýningar undanfarið. Sýningar þar sem hvorki er verið að leika sér að orðum né hreyfingum eingöngu, heldur hefur verið sköpuð fagurfræði einhvers mitt á milli sem vert er að gefa gaum.

Frammistaða þátttakendanna var góð enda gaf uppbygging verksins hverjum og einum færi á að sýna sínar sterku hliðar. Líkamstjáníningin var sterk og skýr og þó orð kæmu fyrir í sýningunni þá var það líkaminn sem sagði það sem segja þurfti.

Kóréografían var flott ekki

síst í smærri hreyfingum og það gladdi augað þegar dansararnir á sviðinu leyfðu dansfærni sinni að njóta sín. Fyrir forfallna dansáhugamanneskju var full lítið af þess konar atriðum því fátt er unaðslegra en að horfa á vel samsettar og vel útfærðar hreyfingar dansara, sem hafa vald yfir líkama sínum og tungumáli hans.

Sesselja G. Magnúsdóttir

Niðurstaða: Kandíland er flott og vel samið verk sem vonandi á eftir að eiga sér líf eftir þær fáu sýningar sem nú eru í boði.

TJARNARBIÓ
JANÚAR 2011
 7. jan. kl. 20
Mojito SÍÐUSTU SÝNINGAR
 NÆSTA VÍKA:
FRUMSÝNING 14. JAN.
Súldarsker
 Nýtt leikverk eftir Sölu Guðmundsdóttur
SIRKUS ÍSLAND
Sirkus Sóley
 Miðsalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMFRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is

Íþróttaskóli Latabæjar 2011

**Frábær skemmtun
fyrir káta krakka á
aldrinum 3 - 6 ára**

**Námskeið að hefjast
um allt land.**

Reykjavík, Reykjanesbær,
Mosfellsbær, Akranes,
Ísafjörður, Egilsstaðir,
Akureyri, Vestmannaeyjar
og Selfoss.

**Nánari upplýsingar á
www.sporthusid.is**

**12 vikna námskeið
á 12.900 kr.
Hátið í lok námskeiðsins.**



Nokkrir kennarar íþróttaskóla Latabæjar



Skráning og nánari upplýsingar í
afgreiðslu Sporthússins, í síma **564-4050** eða
á heimasíðu Sporthússins www.sporthusid.is
Einnig er hægt að senda tölvupóst á skólastýru
Íþróttaskóla Latabæjar: heida@sporthusid.is

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

**LATI
BAER
íþróttaskóli**

Jarðlagna-tækni

300 stunda nám fyrir þá sem starfa við jarðlagnir og jarðvinnu

- » Lagnir og lagnaefni
- » Jarðvegsfræði
- » Efnisfræði
- » Vélfræði
- » Rafmagnsfræði
- » Tölvur

Starfsmenntasjóðir greiða stærstan hluta námskeiðsgjalds

Meta má námið til allt að 24 eininga í framhaldsskóla

Verð: 51.000 kr.

Næstu námskeið hefst 11. jan.

Skráning stendur yfir í síma 580 1800



Skeifan 8 - 105 Reykjavík
Sími 580 1800 - á www.mimir.is

fólk

folk@frettabladid.is


Útbrunninn eftir Joey

Matt LeBlanc var útbrunninn eftir að hafa leikið hinn vit-granna Joey í gamanþáttunum Friends og síðar meir í þáttunum Joey. „Eftir að ég hætti að leika Joey langaði mig ekki að vinna. Ég á sex ára dóttur. Ég fór með hana í skólann, hitti vini mína og lék mér. Ég var líka útbrunninn eftir að hafa leikið sama náungann í tólf ár. Ég var orðinn þreyttur,“ sagði LeBlanc. „Flestir hringja í umboðsmanninn og spyrja hvað sé að gerast. Ég hringdi í minn og sagði: „Geturðu týnt símanúmerinu mínu í nokkur ár?“ LeBlanc leikur næst skáldaða útgáfu af sjálfum sér í þáttunum Episodes á bresku sjónvarpsstöðinni BBC Two.



MATT LEBLANC LeBlanc var útbrunninn eftir að hafa leikið Joey í tólf ár.

360 MILLJÓNIR íslenskra króna fær leikkonan Leighton Meester fyrir að vera andlit nýja ilmsins frá Veru Wang, Beauty and Spirit.



TILBÚNAR Á STÓRA SVIÐIÐ Stúlknasveitin The Charlies söng nokkur vel valin lög fyrir áhorfendur á skemmtistaðnum Esju.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Nýtt útlit hjá The Charlies

Stúlknasveitin The Charlies hefur nýtt jólafríð sitt hér á Íslandi vel og hélt meðal annars tónleika á skemmtistaðnum Esju kvöldið fyrir gamlárskvöld. Stúlkurnar buðu vinum og vandamönnum á tónleikana og voru þeir vel sóttir líkt og sjá má á meðfylgjandi myndum.

Að sögn Ölmú Guðmundsdóttur, söngkonu í The Charlies, gengu tónleikarnir vel og var stemningin sömuleiðis mjög góð. „Þetta var eiginlega prufukeysla á því sem við ætlum að gera í framtíðinni og þetta gekk vonum framar,“ segir hún.

Þegar hún er spurð út í bún-ingana sem stúlkurnar klæddust segir hún þá hannaða af Elísabetu Ingu Kristófersdóttur. „Hún er að læra fatahönnun úti í Seattle og við ákváðum að prófa að vinna með henni að þessari sýningu og við munum örugglega halda því áfram, enda er hún alveg ótrúlega fær.“

Stúlkurnar halda aftur utan til Bandaríkjanna á mánudaginn þar sem þær munu halda áfram að vinna að sinni fyrstu breiðskífu.

sara@frettabladid.is



Þær Kristín, Sandra, Nanna og Jóhanna skemmtu sér vel á tónleikum The Charlies.



Kristján, Brynja Pétursdóttir danskennari og Katrín létu sig að sjálfögðu ekki vanta í veisluna.



Jóhanna, Erla, Dagbjört og Kristín Edda voru á meðal tónleikagesta.



Óskar Páll Sveinsson, fyrrverandi kærasti Ölmú, og Einar Bárðarson, fyrrverandi umboðsmaður stúlkanna, voru góðir saman á tónleikunum.



Þær Heiða, Eva og Yesmine Olsen, kokkur og dansari, litu inn á Esjuna til að hlýða á söng The Charlies.

Katy Perry vann tvönn verðlaun

Þrátt fyrir að síðasta plata Katy Perry, Teenage Dream, hafi ekki farið vel ofan í gagnrýnendur virðast lesendur glamúrmaritsins People vera sáttir við hana, því þeir völdu hana söngkonu ársins og netsmell ársins á árlegri verðlaunahátíð blaðsins. Verðlaunin eiga sér 36 ára sögu en það voru þau John Wayne og Barbra Streisand sem hlutu þau fyrst. Með tilkomu netsins kjósa lesendur blaðsins fyrst og fremst gegnum vefsíðu þess. Samkvæmt fyrstu tölum höfðu 175 milljónir atkvæða verið greiddar.

Kynnir síðustu fimm ára hefur verið bandaríska leikkonan Queen Latifah og á því var engin undantekning þetta árið. Meðal helstu sigurvegara ársins má nefna að The Twilight Saga: Eclipse var valin besta kvikmyndin og leikkona myndanna besta leikkonan. Johnny Depp hreppti hins vegar nafnbótina besti karlleikari ársins og besti grín-

leikarinn var kjörinn Adam Sandler. Bestu sjónvarpsþættirnir voru House og Glee og lagið Love the Way You Lie með Rihönnu og Eminem var bæði valið besta lagið og besta myndbandið.

Það skal þó tekið fram að verðlaunin þykja ekki gefa góða vísendingu um það sem koma skal á Óskarnum eða Golden Globe en meðal annarra verðlaunahafa má nefna að Taylor Swift var kjörin besta kántrísöngkonan og hefur væntanlega getað notað verðlaunin til að hugga sig eftir sambandslit hennar og Jake Gyllenhaal.

ÁGÆTIS SÁRABÓT Taylor Swift var valin besta kántrísöngkonan af lesendum People-tímaritsins, sem er væntanlega ágæt sárabót eftir sambandslit hennar og Jake Gyllenhaal. Katy Perry hlaut tvönn verðlaun, fyrir að vera söngkona ársins og eiga netsmell ársins.



yoga shala
reykjavík

Ashtanga vinyasa yoga byrjendanámskeið hefst 11. janúar

Skráðu þig núna á yoga@yogashala.is



Ingibjörg



María

FRÍTT Í YOGA
Jógadagurinn
8.janúar
frítt í yoga
allan laugardaginn



Sigga



Eva



Natalie

Meðgönguyoga hefst 10. janúar

Fullt af opnum tímum í boði fyrir byrjendur og lengra komna
Skráðu þig núna á yoga@yogashala.is

Yoga shala

Engjateig 5, 2. hæð, sími 553 0203, www.yogashala.is

SO YOU THINK YOU CAN
DANCE

GLEÐILEGT NÝTT DANSÁR!

DansGleðin hefst 17.janúar!

GLÆSILEG SÝNING Í LOKIN!

Fáðu útrás og skráðu þig strax á dancecenter.is!



Linda



Dóra Júlía



Nanna



Helga Ásta



Arnar Orri



Auður



Nancy



Olga



REYKJAVÍK - GARDABÆR

Í GLÆSILEGRI AÐSTÖÐU á nýjum stað
REYKJAVÍK – PRÓTTI, ENGJAVEGI 7
GARDABÆ – SJÁLANDSSKÓLA, SALUR 2.HÆÐ. LÖNGULÍNU 8.

SKRÁÐU ÞIG
NÚNA!
dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is
og facebookgrúbbu DanceCenter RVK.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á
dancecenter@dancecenter.is eða hringja í
síma 861 5658.

NÝTT! Leikræn tjáning & sviðsframkoma |
Jazzfunk | Street | Hip hop | Freestyle |
Barnadansar | Modern | Ballett & break |
Hip Hop/Locking

DÖNSUM svo lengi sem lífum!

Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára,
10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára,
20-24 ára, 25-35 ára, 35+

DANSSTJÖRNURNAR LEGACY & TWITCH MÆTA Á SVÆÐID!!! ÁRSKORTSHAFAR njóta sérkjara!



www.dancecenter.is

Ellefu íslenskar myndir frumsýndar á þessu ári

Árið 2011 átti að vera eitt erfiðasta árið í íslenskrum kvikmyndagerð og var jafnvel talað um kvikmynda-vefur í bransanum. Hins vegar er nú allt útlit fyrir að veturinn verði ansi blíður.

Þegar ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna ákvað að skera niður starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar um þrjátíu prósent mátti heyrja saumnál detta meðal kvikmyndagerðarmanna. Þeir risu upp, það var fundað og skrifað í blöðin og talað um að kvikmynda-gerð í landinu myndi næstum leggjast af ef niðurskurðurinn næði fram að ganga. Hins vegar er ljóst að árið 2011 verður enginn kjarnorkuvefur hvað íslenska kvikmyndagerð varðar því ellefu íslenskar kvikmyndir verða frumsýndar á árinu.

„Þessi fjöldi segir nú ekki alla söguna,“ segir Ólafur Jóhannesson, sem frumsýnir tvær myndir á árinu, Kurteist fólk og Borgríki. Fyrri myndin er gerð eftir hefðbundnum leiðum, meðal annars með styrk frá Kvikmyndamiðstöð. Sú seinni er alfarið unnin með sjálfboðavinnu og frjáls-um fjárframlögum en hún fékk eftirvinnslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð. „Og það varð til þess að við gátum klárað hana og búið til góða vöru.“ Ólafur bendir á að aðeins fjórar kvikmyndir séu gerðar með hefðbundnum styrk frá Kvikmyndamiðstöð: Okkar eigin Osló, Djúpið, Kurteist fólk og Rokland. Og það verði að teljast fremur lítið miðað við undanfarin ár. „Þegar verið var að tilnefna til Eddunnar fyrir kannski tíu árum höfðu menn kannski ekkert mikið val en síðustu ár hafa þetta verið sjö myndir á ári,“ segir Ólafur.

Leikstjórnir mælir ekki með því að fara út í gerð kvikmynda eins og gert var með Borgríki. Það reyni mikið á sálartetrið, sé alltaf mikil áhætta og raunar hafi ekki miklu mátt muna að myndin hyrfi út í veður og vind. Höpurinn á bak við myndina, leikarar og tókulið, hafi átt stærstan þátt



TÖKUR Á ROKLANDI Ólafur Jóhannesson segir fjölda kvikmynda ekki segja alla söguna um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar. Aðeins fjórar af kvikmyndunum ellefu séu gerðar eftir hefðbundnum leiðum, hinar nýti sér erlent fjármagn eða treysti einfaldlega á góðvillja samstarfsfólksins. Sjálfur frumsýnir Ólafur tvær myndir á árinu: Kurteist fólk sem er framleidd með styrk frá Kvikmyndamiðstöð og Borgríki en hún er gerð fyrir frjáls fjárfrelög og í sjálfboðavinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í því að myndin varð að veruleika. „Og þú gerir svona mynd bara einu sinni.“ Ólafur skilur raunar ekkert í þeim fjölda kvikmyndagerðarfólks sem í ár hefur ráðist út í gerð kvikmynda með óhefðbundnum hætti. „Það sem er að gerast þarna er að fólk er haldið einhverri sjálfspíningsarhvetu og heldur að kvikmynd veiti því einhverja sjálfsvirðingu eða tilgang með lífinu.“

freyrgrjia@frettabladid.is



KVIKMYNDAÁRIÐ MIKLA

Rokland
Leikstjóri: Marteinn Þórsson
Kurteist fólk
Leikstjóri: Ólafur de Fleur
Djúpið
Leikstjóri: Baltasar Kormákur
Borgríki
Leikstjóri: Ólafur de Fleur
Þetta reddast
Leikstjóri: Börkur Gunnarsson
Á annan veg
Leikstjóri: Hafsteinn Gunnar Sigurðsson

Okkar eigin Osló
Leikstjóri: Reynir Lyngdal
Eldfjall
Leikstjóri: Rúnar Rúnarsson
L7 hrafnar, sóleyjar og myrra
Leikstjórar: Helgi Sverrisson & Eyrún Ósk Jónsdóttir
Algjör Sveppi
Leikstjóri: Bragi Hinriksson
Þór
Leikstjóri: Óskar Jónasson

Engar ballöður á plötu Foo Fighters

Upptökum á sjöundu hljóðversplötu Foo Fighters er lokið og að sögn forsprakkans, Daves Grohl, er útkoman verulega kraftmikil. Platan var tekin upp í bílskúrnun heima hjá Grohl og er væntanleg í vor. „Það eru ellefu lög á plötunni og þarna er ekki ein svefndrúkkinn ballaða,“ sagði Grohl.

Upptökur hófust í september en síðasta plata Foo Fighters, Echoes, Silence, Patience & Grace, kom út 2007. Upptökstjóri var Butch Vig sem tók upp Nevermind, meistarastykki Nirvana, fyrrum sveitar Grohls. „Butch segist ekki hafa skemmt sér eins vel við gerð neinnar plötu á ævinni og það eru ansi margar plötur,“ bætti Grohl við.



FOO FIGHTERS Upptökum er lokið á sjöundu hljóðversplötu Foo Fighters og kemur hún út í vor. NORDICPHOTOS/GETTY

Eminem söluhæstur

Rapparin Eminem átti söluhæstu plötu síðasta árs í Bandaríkjunum, Recovery, sem seldist í 3,42 milljónum eintaka. Eminem er þar með fyrsti flytjandinn sem kemst tvisvar á toppinn með söluhæstu plötuna síðan fyrirtækið Nielsen SoundScan hóf að taka saman sölulistann árið 1991. Eminem seldi 7,61 milljón eintaka af The Eminem Show árið 2002. Platan Need You Now með Lady Antebellum varð næstsöluhæst og í þriðja sæti varð sveitasöngkonan Taylor Swift með plötuna Speak Now. Þar á eftir komu ungstirnir Justin Bieber og breska söngkonan Susan Boyle.



SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI! **HÁSKÓLABÍÓ**

THE TOURIST
THE TOURIST LÚXUS
GULLIVER'S TRAVEL 3D
LITTLE FOCKERS
GAURAGANGUR
MEGAMIND 3D
NARNIA 3 3D
NIKO OG LEIBIN TIL STJARNANNA

GLÆNNI SÉL SÉR Nánar á Mid.is

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Mid.is

BORGARBÍÓ Nánar á Mid.is

Nánari upplýsingar og miðasala á **mid.is** facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE TOURIST
LITTLE FOCKERS
MEGAMIND

SÝNINGARTÍMAR

THE TOURIST	5.50, 8 og 10.10	12
GULLIVER'S TRAVEL 3D	4 og 6	L
LITTLE FOCKERS	4, 6, 8 og 10.10	L
DEVIL	8 og 10	16
MEGAMIND 3D	4	L

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

MATT DAMON Nýjasta meistarverk Clint Eastwood
HEREAFTER

JACK BLACK
GULLIVER'S TRAVELS 3D

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

Þetta er einfaldlega ákveðningagata danskra teikmyndin sem ég man eftir að hafa séð - Extra Blátt

„Nátturvöðvarnir munu halda veislu í einn og hálfan tíma“ - Politiken

TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS - ATH. SELT Í NÚMERUÐ SÆTI Í KRINGLUNNI

TRON **Little Fockers** **MEGAMIND 3D**

SAMBIO.ÍS ALFABAKKA

KLOVN - THE MOVIE	kl. 3:30 - 5:50 - 8 - 10:20	14
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
HEREAFTER	kl. 5:30 - 8 - 10:40	12
TRON: LEGACY-3D	kl. 3:30 - 5:30 - 8 - 10:40	10
TRON: LEGACY-3D	kl. 3:30	VIP
MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 3:40 - 5:50	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8 - 10:20	L
HARRY POTTER	kl. 5:20 - 8 - 10:40	10
FURRY VENGEANCE	kl. 3:30	L

EGILSHÖLL

KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:40 - 8 og 10:20	14
HEREAFTER	kl. 8 og 10:40	12
TRON: LEGACY-3D	kl. 5:20 - 8 og 10:40	10
GULLIVER'S TRAVEL-3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 5:40	L

KRINGLUNNI

KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10	14
TRON: LEGACY-3D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
LITTLE FOCKERS	kl. 5 - 7	12

AKUREYRI

MEGAMIND-3D M/Ísl. Tali	kl. 6	L
HEREAFTER	kl. 8	12
TRON: LEGACY-3D	kl. 10:40	10
KLOVN - THE MOVIE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á **WWW.SAMBIO.IS**

CAFÉ BÍÓ PARADÍS

THE NEXT THREE DAYS (12) 18:00, 22:40
BLEIKI PARADÍS: A SHOT IN THE DARK (L) 18:10
THE PINK PANTHER (L) 20:10
PINK PANTHER STRIKES AGAIN (L) 22:30
UPPSTANDSSTELPUR-UPPSTAND (L) 20:20
THE KILLER INSIDE ME (16) 18:00, 20:10, 22:20
GNARR (L) 18:00, 20:20, 22:40

MUNID ADGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur

THE PINK PANTHER SNÝR AFTUR 7-13. JAN. EIN VÍKA-FIMM MYNDIR TRYGGDU ÞÉR MIÐA Á MID.I.S

BT

Tilboðs-bombur !!



74.999
áður 89.999

Acer 15.6" 5734-4386
Intel Pentium T4500
2GB DDR3 - 250GB



107.999
áður 114.999

Packard Bell EasyNote TM81
15.6" LED - AMD Athlon II X2 P320
4GB DDR3 - 320GB

Vaxtalaugar
raðgreiðslur
til allt að 9 mánuða



114.999
áður 129.999

Acer 15.6" 5542-304G
AMD Athlon II X2 processor M300
4GB DDR3 - 320GB



34.999
áður 39.999

DM Tech spjaldtölva
7" snertiskjár - Myndavél
WiFi - Android stýrikerfi



Full HD

32" 99.999
áður 129.999

SAMSUNG LCD C535 - 1920x1080p Full HD



Full HD

takmarkað magn
189.999
áður 229.999

LG 42" LCD 650 1920x1080 Full HD

10.000 kr. afsláttur
ef keypt er með sönvarpi

59.999



SAMSUNG HT-C350 5.1 heimbíó
330W rms.

Verðhrun á spilum um helgina!



1.999

3000 kr.
verðlækkun

2.499

2.499

Ódýrt DVD - enn ódýrara!



áðeins brot
af úrvalinu

eitt verð
449

Tölvuleikir á ruglverði



PS3
5.999
áður 7.999

PC: 4.999 Xbox 360: 5.999 Wii: 4.799



7.999
áður 10.999



7.499
áður 10.999



7.499
áður 10.999



PC
1.999
áður 5.999



PC
1.999
áður 5.999



PC
1.999
áður 5.999



3.999



EINAR ÞORVARÐARSON hefur tekið þátt í sex heimsmeistarakeppnum og hefur verið í hinum ýmsu hlutverkum. Hann stóð í marki íslenska liðsins á HM í Sviss 1986 og á HM í Tékkóslóvakíu 1990 og var síðan aðstoðarpjálfi á HM í Svíþjóð 1993 og á HM á Íslandi 1995. Einar fór síðan á HM 2003 og 2007 sem framkvæmdastjóri HSÍ og mun endurtaka leikinn nú í Svíþjóð.



GUÐMUNDUR Vonar að menn hafi lært af reynslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur Guðmundsson: Það dagar ekkert hálfkák

HANDBOLTI Landsliðið missteig sig illilega í undankeppni EM í fyrra. Það rétt marði þá sigur á Lettum en tapaði illa gegn Austurríki.

Guðmundur vonar að þessir leikir hafi verið góð áminning fyrir leikmenn landsliðsins og að þeir læri af þeim leikjum.

„Það var þörf lexía svo við gerum okkur grein fyrir því að það dagar ekkert hálfkák í þessum bransa,“ segir Guðmundur.

„Við höfum alltaf þurft að hafa mikið fyrir hlutunum og meira en önnur landslið í heiminum. Við vitum það sjálfir að við þurfum að gera allt betur en aðrir til þess að ná þeim árangri sem við höfum verið að ná.“

- hbg

Munum sjá hvar við stöndum

Lokahnykkurinn í undirbúningi íslenska landsliðsins fyrir HM er tveir leikir gegn sterku liði Þjóðverja. Landsliðspjálfi svara í þessum leikjum við þeirri spurningu hvar liðið stendur í undirbúningnum.

HANDBOLTI Lokaleikir íslenska landsliðsins fyrir HM fara fram í dag og á morgun. Þá mæta Íslendingar feykisterku liði Þjóðverja. Báðir leikirnir fara fram í Laugardalshöll. Leikurinn í kvöld er klukkan 18.45 en á morgun spila liðin klukkan 17.00.

Guðmundur Guðmundsson landsliðspjálfi segir undirbúning landsliðsins hafa verið jákvæðan og markvissan þó svo að hann hafi verið knappur. Önnur lið fái ekki lengri undirbúning þannig að það þýði lítið að væla yfir því.

„Við byrjuðum fyrr núna að negla niður varnarleikinn hjá okkur. Áður höfum við gefið okkur lengri tíma í það en tímaskorturinn gerði það að verkum að við urðum að byrja að vinna í honum strax,“ segir Guðmundur, sem hefur ekki gleymt sóknarleiknum.

„Ég var óánægður með sóknarleikinn gegn Lettum og Austurríkismönnum. Þá var hann slakur.“

Þjóðverjar hafa verið í lægð síðan þeir urðu heimsmeistarar árið 2007. Þeir eru þó að koma upp aftur með hörkulið sem margir spá að muni gera góða hluti í Svíþjóð.

„Það reynir virkilega á okkur gegn góðu liði núna. Eftir þá leiki sjáum við hvar við stöndum nákvæmlega gegn bestu liðunum. Mér finnst Þjóðverjar vera með



LÉTTUR Það var létt yfir Guðmundi landsliðspjálfa á æfingu í gær. Hann kemst að því hvar liðið stendur í leikjunum tveimur gegn Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

frábært lið sem getur farið langt á HM. Þeir hafa háklassamarkverði, eru sterkir í vörn og eiga síðan tvo

sterka menn í hverri stöðu. Allt heimsklassamenn.“ Miklar væntingar eru gerðar til

íslenska liðsins á HM enda hafa strákarnir gert það afar gott í síðustu mótum. Guðmundur er duglegur að minna á að árangur næst ekki fyrirhafnarlaust.

„Við erum að fara að spila við sterk lið í riðlinum og einnig óþægilega andstæðinga eins og Ungverja sem okkur gengur nánast alltaf illa með. Það þarf að gefa allt í alla leikina, annars getum við brennt okkur,“ segir Guðmundur en komist liðið í milliriðil mun það líklega mæta Frakklandi, Spáni og Þýskalandi.

„Þeir leikir verða enn erfiðari en leikirnir í riðlinum. Það segir sína sögu hversu leiðin að árangri er grýtt og erfið. Þetta er langur vegur og menn verða að hafa báða fætur á jörðinni. Þess vegna hef ég minnt menn á að taka eitt skref í einu í stað þess að horfa of langt fram á veginn.“

Leikirnir gegn Þjóðverjum eru ekki bara æfingaleikir heldur eru leikmenn einnig að keppa um sæti í HM-hópnum þar sem 19 leikmenn eru í hópnum núna en aðeins 16 fara til Svíþjóðar. Guðmundur er með þrjá markverði, þrjá vinstri hornamenn og þrjá línumenn. Hann mun að öllu óbreyttu aðeins taka tvo í hverja stöðu og þeir leikmenn munu því slást um sæti í HM-hópnum. henry@frettabladid.is

ÍSLAND-ÞÝSKALAND

HM 2011 | Vináttuleikir

Síðustu heimaleikir Íslands fyrir HM í Svíþjóð.

Íslenska karlalandsliðið í handbolta undirbýr sig nú af kappi fyrir HM og leikur tvo síðustu heimaleiki sína fyrir utanför gegn Þjóðverjum á föstudag og laugardag. Hér mætast tvö af sterkustu handboltalandsliðum heims, lið sem eru líkleg til afreka á HM og þetta er handboltaveisla sem enginn má láta framhjá sér fara.

Mættu í Höllina og taktu þátt í að skapa ógleymanlega stemmningu sem hvetur **STRÁKANA OKKAR** til afreka í Svíþjóð.

Laugardalshöll

Föstudagur 7.janúar Kl.18.45

Laugardagur 8.janúar Kl. 17.00

Miðasala á midi.is

MEDIA GROUP EHF | AUGLÝSINGAR | HSI 2011

Jói útherji

síðan 1999

ÚTSALAN HEFST Í DAG.....

30 – 50%

AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRU

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM

FÓTBOLTASKÓR HANDBOLTASKÓR KÖRFUBOLTASKÓR

MARKMANNSHANSKAR OG LEGGHLÍFAR
FRÁ REUSCH NIKE ADIDAS MITRE 30 – 50% AFSLÁTTUR

Ekki missa af þessari útsölu – hún stendur aðeins yfir í nokkra daga.

Vertu snöggur/snögg 😊

Jói útherji

síðan 1999

Ármúla 36 - 108 Reykjavík s. 588 1560

www.joiutherji.is



HÆTTI VIÐ Brock Gillespie fór illa með Grindvíkinga. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Gillespie sveik Grindvíkinga

KÖRFUBOLTI Brock Gillespie, leikstjórnandinn sem Grindvíkingar voru búnir að semja við um að spila með liðinu í Iceland Express deild karla, hætti við að koma til Íslands þegar hann fékk betri samning frá rúmensku liði.

„Brock hafði samband við Grindavík í gær, tjáði okkur að hann hafi fengið betra tilboð og kæmi því ekki,“ segir í frétt á heimasíðu Grindavíkur. Gillespie átti að vera þriðji Kani Grindavíkurlíðsins en Grindavík þurfti að skipta um Bandaríkjamann um áramótin þar sem Jeremy Kelly meiddist í síðasta leik líðsins fyrir jól.

Grindvíkingar leita nú að nýjum Bandaríkjamanni en þeir hafa verið óheppnir með Kanada sína í vetur; sá fyrsti, Andre Smith, það um að fara heim af persónulegum ástæðum og Kelly meiddist síðan á dögnum. - óóó

Gerard Houllier:

Verður ekki rekinn

FÓTBOLTI Gerard Houllier, stjóri Aston Villa, er öruggur í starfi sínu eftir því sem fram kemur á fréttavef BBC.

Villa er í fallsæti í ensku úrvalsdeildinni í fyrsta sinn í níu ár en liðið tapaði í gær, 1-0, fyrir Sunderland á heimavelli.

Houllier tók við í september en síðan þá hefur liðið aðeins unnið þrjá af sextán deildarleikjum og tapað sex af síðustu átta.

Ónefndur heimildarmaður úr innsta hring félagsins segir þó við BBC að stjórinn styðji enn við bak Houllier.

Houllier sjálfur var handviss um að liðið myndi ekki falla úr deildinni. „Við erum í fallslag og að ganga í gegnum erfitt tímabil. En við munum lifa þetta af.“ - hbó



EKKERT GEFIÐ EFTIR Fannar Ólafsson er hér í kröppum dansi gegn tveimur Stjörnumönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stóðust fyrsta próf ársins

KR-ingar hristu af sér útivallarvandræðin með 19 stiga sigri á Stjörnunni, 95-76, í Garðabænum í gær. Þá mátti sjá skýr merki þess í gær að KR-ingar hafi notað hátíðarfríð til þess að leita lækninga á meinum sínum fyrir áramót.

KÖRFUBOLTI Það leit út fyrir að nýársheit KR-inga hafi verið að bæta leik sinn á útivöllum því það var einbeitt og baráttuglatt KR-lið sem hóf leik í Garðabænum í gær. KR-ingar fóru á kostum í byrjun leiks, breyttu stöðunni úr 2-2 í 16-2 og voru 28-6 yfir eftir aðeins rúmlega sjö mínútna leik.

KR var 31-11 yfir í hálfleik og þrátt fyrir að Stjörnumenn hafi gert vel í að ná að minnka muninn niður í fjögur stig áttu þeir ekkert eftir á tanknum á síðustu fjórum mínútunum sem KR-ingar unnu 14-2 og tryggðu sér aðeins sinn annan útisigur í sex leikjum í vetur.

„Þetta var mjög flottur leikur til þess að byrja nýja árið á því þetta er sterkur útivöllur og var ákveðið próf fyrir okkur hvort við værum menn til þess að bregðast við slökugengi okkar fyrir áramót. Við ætludum að sýna hverju við ætlum að breyta og ég held að við höfum staðist það próf í kvöld,“ sagði KR-ingurinn Pavel Ermolinskij sem setti tóninn frá byrjun og átti mjög góðan leik.

„Við unnum í því að breyta hugarfarinu hjá okkur því þetta var ekkert spurning um einhverjar taktískar breytingar eða nýja leikmenn. Þetta var spurning um að byrja að berja aðeins frá okkur og

láta eins og lið sem þarf að sanna eitthvað en ekki lið sem er búð að sanna eitthvað í byrjun tímabils eins og við létum í ágúst,“ sagði Pavel sem var með 24 stig, tók 12 fráköst og gaf 6 stoðsendingar í gær.

Annað mein KR-liðsins fyrir áramót var að missa frá sér leiki í lokin en í gær kláraði KR-liðið leikinn með stæl. „Ég var líka mjög ánægður með að við skyldum ná að losa okkur frá þeim aftur því það er eitthvað sem við höfum ekki náð að gera nógu oft í vetur,“ sagði Pavel.

KR-ingurinn Marcus Walker fór á kostum í fyrri hálfleik, skoraði 17 stig í sókninni og hélt Justin Shouse stigalausum fyrstu fimm mínútum leiksins. Justin nýtti sér það hinsvegar vel að Marcus lenti í villuvandræðum og skoraði meðal annars 8 stig á síðustu 95 sekúndunum í fyrri hálfleik, þar á meðal þriggja stiga flautukörfu frá miðju. Stjarnan skoraði tólf síðustu stig hálfleiksins og minnkaði muninn í 9 stig í hálfleik.

Lykilatriði í leiknum var að KR-liðið lokaði á samvinnu þeirra Justins Shouse og Jovans Zdravevski en sá síðarnefndi skoraði ekki stig í leiknum. „Við vorum búnir að vinna mjög vel í þeirra sóknarleik

og þeirra áherslum og við vissum alveg hvernig við áttum að bregðast við þeim. Það gekk fullkomlega upp í fyrsta leikhlutanum,“ sagði Hrafn Kristjánsson, hjálpari KR. „Við höfum lent í ansi mörgum erfiðum útitöpum í vetur en þetta var mjög kærkominn sigur sem við unnum mjög vel fyrir. Við fáum á okkur 31 stig í öðrum leikhluta en þess utan erum við að fá á okkur 45 stig í hinum þremur leikhlutanum. Það er varnarleikur sem ég vil alltaf fá frá þessu liði,“ sagði Hrafn ánægður.

„Við komum til baka og erum bara klaufar þegar við erum komnir aftur inn í leikinn,“ sagði Fannar Freyr Helgason, fyrirliði Stjörunnar, en Stjarnan minnkaði muninn niður í fjögur stig í fjórða leikhluta.

„Við vorum mjög óánægðir með fyrri hlutann og þess vegna erum við að bæta við okkur manni. Það var rosalega margt gott í þessum leik hjá okkur og ég ætla ekki að fara í þunglyndi yfir þessu. KR er með topplið og flotta stráka en mér finnst við ekkert vera lélegri og eigum alveg að geta unnið þá. Við þurfum bara að taka aðeins til í hausnum á okkur og slípa okkur betur saman,“ sagði Fannar.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Stjarnan-KR 76-95

Stjarnan: Justin Shouse 19/5 fráköst/7 stoðsendingar, Fannar Freyr Helgason 16/3 varin skot, Renato Lindmets 16/10 fráköst/3 varin skot, Marvin Valdimarsson 12/6 fráköst, Daniel G. Guðmundsson 7, Kjartan Atli Kjartansson 3, Ólafur Aron Ingvason 3.

KR: Pavel Ermolinskij 24/12 fráköst/6 stoðsendingar, Marcus Walker 23, Brynjar Þór Björnsson 17/6 fráköst/6 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 8, Jón Orri Kristjánsson 7/6 fráköst, Fannar Ólafsson 6/5 fráköst, Ólafur Már Egiðsson 3, Skarphéðinn Freyr Ingason 3, Hreggviður Magnússon 2, Páll Fannar Helgason 2

Grindavík-Njarðvík 86-78

Grindavík: Páll Axel Vilbergsson 21, Þorleifur Ólafsson 17/10 fráköst/7 stoðsendingar, Guðlaugur Eyjólfsson 14, Ómar Örn Sævarsson 12/6 fráköst, Ármann Vilbergsson 9, Ryan Pettinella 6/11 fráköst, Ólafur Ólafsson 6/8 fráköst, Helgi Björn Einarsson 1.

Njarðvík: Christopher Smith 24/6 fráköst/3 varin skot, Hjörtur Hrafn Einarsson 14/4 fráköst, Guðmundur Jónsson 10/5 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 9/4 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 5/5 fráköst, Friðrik E. Stefánsson 5/7 fráköst, Kristján Rúnar Sigurðsson 4, Egill Jónsson 3, Rúnar Ingi Erlingsson 2, Lárus Jónsson 2

Snæfell-Fjölínir 97-86

Snæfell: Ryan Amaroso 27/16 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 20/12 fráköst, Sean Burton 17/13 stoðsendingar, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16/5 fráköst/5 stoðsendingar/5 stolnir, Egill Egiðsson 5, Sveinn Arnar Davíðsson 5, Atli Rafn Hreinsson 5, Emil Þór Jóhannsson 2/4 fráköst.

Fjölínir: Brandon Ja Juan Springer 20/10 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinnsson 16/7 fráköst, Sindri Káragón 14/7 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 14, Egir Þór Steinarsson 10/10 stoðsendingar, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Jón Sverrisson 5/6 fráköst, Sigurður Þórarinnsson 2

ÍR-Keflavík 88-112

ÍR: James Bartolotta 26, Eiríkur Öundurson 20/5 fráköst, Kelly Biedler 16/16 fráköst/5 stolnir, Nemanja Sovic 15, Sveinbjörn Claesson 6, Hjalti Friðriksson 2, Kristinn Jónsson 2, Niels Dungal 1.

Keflavík: Hörður Axel Vilhjálmsson 27/9 fráköst/12 stoðsendingar, Thomas Sanders 24/5 fráköst/5 stoðsendingar, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20/6 fráköst, Þróstur Leó Jóhannsson 16/4 fráköst, Almar Stefán Guðbrandsson 6/4 fráköst, Jón Nordal Hafsteinnsson 6, Halldór Örn Halldórsson 5, Gunnar Einarsson 5, Gunnar H. Stefánsson 3.

Tindastóll-KFÍ 85-71

Tindastóll: Friðrik Hreinsson 25, Hayward Fain 19/14 fráköst/6 stoðsendingar, Dragoljub Kitanovic 13/4 fráköst, Svavar Atli Birgisson 12, Helgi Rafn Viggósson 9/10 fráköst, Halldór Halldórsson 3, Sean Kingsley Cunningham 2/5 stoðsendingar, Helgi Freyr Margeirsson 2.

KFÍ: Darco Milosevic 18/5 fráköst, Carl Josey 14/4 fráköst, Marco Milicevic 13/8 fráköst, Craig Schoen 8, Nebojsa Knezevic 7, Richard McNutt 7/6 fráköst/5 stolnir, Ari Gylfason 4.

Haukar-Hamar 82-74

Haukar: Gerald Robinson 29/19 fráköst, Semaj Inge 15/11 fráköst/6 stoðsendingar/4 varin skot, Sveinn Ómar Sveinsson 11/6 fráköst, Emil Barja 11/9 fráköst/3 varin skot, Haukur Óskarsson 9/5 fráköst, Sævar Ingi Haraldsson 3, Davíð Páll Hermannsson 2, Örn Sigurðarson 2.

Hamar: Andre Dabney 28/8 fráköst, Kjartan Kára-son 13, Ragnar Á. Nathanaelsson 10/19 fráköst/5 varin skot, Ellert Arnarson 9/6 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 7/8 fráköst, Snorri Þorvaldsson 3, Hilmar Guðjónsson 2, Svavar Páll Pálsson 2/4 fráköst.

STAÐA EFSTU LÍDA:

Snæfell	12	1	1	11193-1068	22
Grindavík	12	10	2	1056-936	20
Keflavík	12	8	4	1075-1015	16
KR	12	8	4	1163-1026	16
Haukar	12	6	6	1016-1053	12
Stjarnan	12	6	6	1039-1041	12
Tindastóll	12	5	7	953-1007	10





GUÐBJÖRG Verður áfram í Svíþjóð.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðbjörg Gunnarsdóttir: Áfram hjá Djurgården

HANDBOLTI Guðbjörg Gunnarsdóttir markvörður hefur gert nýjan eins árs samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Djurgården.

Þetta kom fram á Fótbolti.net í gær. Guðbjörgu stóð til boða að ganga til liðs við lið í þýsku úrvalsdeildinni og hún fékk einnig tilboð frá öðrum liðum í Svíþjóð.

„Ástæðan fyrir því að ég var svona lengi að ákveða mig var að ég íhugaði alvarlega að flytja og fara til Þýskalands,“ sagði hún.

Alls verða fjórir íslenskir markverðir í sænsku úrvalsdeildinni á næsta tímabili. Auk Guðbjargar í Svíþjóð er Þóra B. Helgadóttir sem ver mark Malmö en þær María Björg Ágústsdóttir og Sandra Sigurðardóttir sömdu í haust við sænsk lið. - esá



VANTAR ÞRJÁR STÖÐSENDINGAR Helena hefur spilað uppi félagana í TCU. MYND/AP

Helena Svverrisdóttir hjá TCU: Fellur skólamet í næsta leik?

KÖRFUBOLTI Helena Svverrisdóttir gældi við tvöfalda þrennu í 49-47 útisigri TCU á San Diego State í bandaríska háskólakörfuboltanum í fyrrinótt. Þetta var fyrsti leikur TCU-liðsins í Mountain West deildinni á þessu tímabili.

Helena var með 7 stig, 12 fráköst, 8 stöðsendingar og 5 stolna bolta í leiknum og stöðvaði síðustu sókn San Diego.

Helenu vantar nú aðeins þrjár stöðsendingar í viðbót til þess að jafna metið yfir flestar stöðsendingar í sögu TCU-skólans og það gæti því fallið í næsta leik. - óóó

SPORT
besta sætið

ENSKI BIKARINN, LAUGARDAG KL. 12:35

ARSENAL – LEEDS

**HM Í HANDBOLTA
HEFST Á FIMMTUDAGINN**

ENSKI BIKARINN, SUNNUDAG KL. 13:20

MAN. UTD. – LIVERPOOL



BARIST UM BIKARANA!



FYRSTA STÓRMÓT ÁRSINS - ALLA HELGINA!

Föstudag kl 9, laugardag kl 9, sunnudag kl 9.

THE ROYAL TROPHY

Úrvalslið Evrópu mætir fremstu kylfingum Asíu í fyrsta stórmóti ársins - í anda Ryder Cup.

Colin Montgomerie fer fyrir liði Evrópu og Naomichi 'Joe' Ozaki leiðir lið Asíu.



VILDARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Súperform
Peak Pilates
Hot Rope Yoga
Mömmutímar

Fitnessbox
TRX Combó
Zumba Fitness
CrossFit

SpinningFit
Ketilbjöllur
Herþjálfun
Lífstíll 20+

**World Class
ICELAND**

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

> Tom Cruise

„Verðlaun eru frábær. Ég hef oft verið tilnefndur og oft unnið, en ég er ekki að beina ferð minni að þeim. Ef ég hlýt verðlaun er það frábært, en ef ekki, þá er það samt frábært.“

Tom Cruise leikur mann sem grunaður er um glæp sem hann framdi ekki og þarf að fletta ofan af sökudólgnum í hasarmyndinni Mission: Impossible sem er á Stöð 2 í kvöld kl. 21.45.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FÆR KJÁNAHROLL YFIR CHASE

Boots fær stígvélið

Chase er ný þáttaröð sem er á dagskrá Stöðvar tvö. Þar fæst lögreglukonan Annie Frost ásamt félögum sínum við að elta uppi glæpamenn á flótta undan réttvísinni. Söguvæðið er Texas og því er Annie að sjálfsögðu klædd í gallabuxur og kúrekastígvél, hún er meira að segja með viðurnefnið Boots, sem þýðist svo skemmtilega „Stígvél“.

„Þetta var flott hjá þér, Stígvél,“ sagði nánasti samstarfsmaður hennar við hana þegar hún hafði hlaupið uppi bófa, á kúrekastígvélunum, gegnum leikvang þar sem kúrekar eltust við naut. Hún kefði líka bófan með brúna leðurbeltinu sínu eins og kálf. Ég fékk kjánaheild yfir nánast hverju einasta atriði í þættinum.



„Stígvél“ fræddi nýliðann í hópnum um það að til að skilja hugarheim flóttamanns þyrfti að skilja tónlistina hans! Með iPod í eyrunum söng hún dimmrödduð kántrilag meðan hún fór yfir málsöggnin, hún var að kynna flóttamanninum. Enda náði hún til hans þegar hún söng fyrir hann kántrilag í símann meðan tæknimennirnir reyndu að rekja samtalið. „Ég held að þér líki þetta lag... eins og mér,“ sagði hún áður en hún brast í tregafullan sönginn. Ekki svalt, enda fannst mér hún alls ekkert hafa náð að skilja hugarheim glæpamannsins þar sem hann gekk henni aftur og aftur úr greipum. En „Stígvél“ náði honum að lokum, henti sér á eftir honum ofan í straumharða á, synti hann uppi og sló hann í hausinn með spýtu. „Vel gert, Stígvél,“ sagði samstarfsmaður hennar þegar hann tók við flóttamanninum uppi á bakkanum.

SJÓNVARPIÐ

- 16.10 Leyndardómar Scoresbysunds** Íslensk heimildarmynd þar sem farið er með Þór Jakobssyni hafisfræðingi um Scoresbysund á Grænlandi. Textað á síðu 888 Textavarpí. (e)
- 16.50 Otrabörninn** (3:26) (PB&J Otter)
- 17.15 Frumskógarlíf** (11:13) (Jungle Beat)
- 17.20 Danni** (1:4) (Danni)
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 Fréttir**
- 18.30 Veðurfréttir**
- 18.45 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Þýskaland) Bein útsending frá leik Íslendinga og Þjóðverja í handbolta karla í Laugardalshöll.
- 20.35 Útvarp – spurningakeppni sveitarfélaganna** Lið Akureyrar og Grindavíkur eigast við.
- 21.40 Júnó** (Juno) Bandarísk bíómynd frá 2007. Unglingsstúlka sem verður ófrísk tekur óvenjulega ákvörðun um ófætt barn sitt. Leikstjóri er Jason Reitman og meðal leikenda eru Ellen Page, Michael Cera, Jennifer Garner, Jason Bateman og Allison Janney. (e)
- 23.15 Barnaby ræður gátuna – Byggðardeilur** (Midsomer Murders: Country Matters) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímur við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og John Hopkins.
- 00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

BÍÓ

- 08.00 Elf**
- 10.00 The Tiger and the Snow**
- 12.00 Happy Gilmore**
- 14.00 Elf**
- 16.00 The Tiger and the Snow**
- 18.00 Happy Gilmore**
- 20.00 12 Men Of Christmas**
- 22.00 Skeleton Man**
- 00.00 Missionary Man**
- 02.00 The U.S. vs. John Lennon**
- 04.00 Skeleton Man**
- 06.00 Hannah Montana: The Movie**

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
- 08.15 Oprah**
- 08.55 Í finu formi**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 The Doctors**
- 10.15 Mercy** (12:22)
- 11.00 60 mínútur**
- 11.50 Hopkins** (6:7)
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (7:8)
- 13.50 La Fea Más Bella** (296:300)
- 14.30 La Fea Más Bella** (297:300)
- 15.15 La Fea Más Bella** (298:300)
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp
- 17.10 Bold and the Beautiful**
- 17.33 Nágrannar**
- 17.58 The Simpsons** (19:22)
- 18.23 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.47 Íþróttir**
- 18.54 Ísland í dag**
- 19.11 Veður**
- 19.20 Auði og Sveppi**
- 19.50 Total Wipeout** (5:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Hér er á ferð ómengið skemmtun, gamall og góður buslugangur.
- 20.55 Logi í beinni**
- 21.45 Mission: Impossible** Hörkuspennandi njónnamynd sem er þrýdd einhverjum þeim mestu tæknibrællum sem sést hafa og skartar Tom Cruise í aðalhlutverki.
- 23.35 Things We Lost in the Fire** Áhrifamikil mynd með Halle Berry og Benicio del Toro. Audrey er hamingjusöm og á hið fullkomna fjölskyldulíf þangað til eiginmaður hennar fellur skyndilega frá. Þá birtist Jerry, æskuvinur eiginmanns hennar sem er heróín-fíkill og á nóg með sig en gerir þó allt sem hann getur til að hjálpa henni í gegnum þetta erfiða tímabil sorgar og reiði.
- 01.35 Romance and Cigarettes** Stjörnum hlaðin gamansöm mynd um mann sem er ótrúur konu sinni og þegar hún kemst að svikunum, ákveður hann að reyna endurheimta ástina sem var þeirra á milli.
- 03.20 Hitman**
- 04.55 Hopkins** (6:7)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

- 09.00 The Royal Trophy**
- 18.10 Without Bias** Einstök heimildarmynd um körfuboltamanninn Len Bias sem lést langt fyrir aldur fram.
- 19.05 Einvígið á Nesinu** Sínt frá einvígina á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla- og kvennaflokki voru samankomnir.
- 20.00 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í FA bikarkeppninni.
- 20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
- 21.00 The Royal Trophy** Fyrsta stórmót ársins í golfi fer fram í Taílandi þar sem úrvalslið Evrópu og Asíu mætast en keppnisfyrirkomulagið er það sama og í Ryder-bikamum. Þetta er í fimmta sinn sem þetta mót er haldið en síðast sigraði Evrópulíð með minnsta mögulega mun þar sem úrslitin réðust með síðasta puttinu á síðustu holunni.
- 00.00 Main Event** Sínt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilara heims.
- 00.50 European Poker Tour 6 - Poker**

SPORT 2

- 17.00 Man. Utd. - Stoke**
- 18.45 Arsenal - Man. City**
- 20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sínt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilbrifin krufin til mergjar.
- 21.00 PL Classic Matches: Man United - Middlesbrough, 1996**
- 21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 22.00 Platini** Í þessum þætti verður fjallað um Platini sem gerði garðinn frægan með Juventus og franska landsliðinu á árum áður.
- 22.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1997**
- 23.00 Premier League Review 2010/11**
- 23.55 Blackburn - Liverpool**

SKJÁREINN

- 08.00 Dr. Phil** (e)
- 08.45 Rachael Ray** (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist**
- 15.50 Rachael Ray**
- 16.35 Dr. Phil**
- 17.20 Seven Ages of Pregnancy** (e)
- 18.15 Life Unexpected** (5:13) (e)
- 19.00 Melrose Place** (10:18) (e)
- 19.45 Will & Grace** (3:22)
- 20.10 Rules of Engagement** (9:13)
- 20.35 The Ricky Gervais Show** (9:13) Bráðfyrindir teiknimyndasería.
- 21.00 Got To Dance – NYTT!** (1:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurferð um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli um að verða besti dansarinn. Þessi fyrsti þáttur er upphitun fyrir það sem koma skal.
- 21.50 The Bachelorette – NYTT!** (1:12) Bandarísk raunveruleikasærija þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi 25 myndarlegra piparsveina.
- 23.20 30 Rock** (5:22) (e)
- 23.45 Law & Order: Special Victims Unit** (21:22) (e)
- 00.35 The L Word** (3:8) (e)
- 01.25 Saturday Night Live – The Best of Alec Baldwin** (24:24) (e)
- 02.50 The Ricky Gervais Show** (9:13) (e)
- 03.15 Whose Line is it Anyway?** (e)
- 03.40 Will & Grace** (3:22) (e)
- 04.05 Jay Leno** (e)
- 05.35 Pepsi MAX tónlist**

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America**
- 08.00 Tournament of Champions** (1:4) Allir keppnisdagarnir á þessu fyrsta móti PGA-mótaraðarinnar verða í beinni.
- 11.25 Golfing World**
- 12.15 Tournament of Champions** (1:4)
- 16.45 Golfing World**
- 17.35 Inside the PGA Tour** (1:42)
- 18.00 Tournament of Champions** (1:4)
- 22.30 Tournament of Champions** (2:4)
- 03.00 ESPN America**

EXTRA

- 19.35 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey.
- 20.15 Smallville** (8:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2**
- 21.25 Ísland í dag**
- 21.50 NCIS: Los Angeles** (20:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systerdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
- 22.35 Human Target** (10:12) Ævintýrlegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
- 23.20 Life on Mars** (6:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórnann Sam sem lendir í bílsýsi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
- 00.05 Smallville** (8:22) Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum.
- 00.50 Hopkins** (6:7) Vandaðir þættir um lífið á Hopkins-sjúkrahúsinu í Baltimore og gefur raunsæja mynd af því hvernig spítalalífið er í raun.
- 01.35 Auði og Sveppi**
- 02.15 Fréttir Stöðvar 2**
- 03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

N4

18.15 Föstudagsþátturinn Með Hildu Jönu Gísladóttur.

Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn.

INN

20.00 Hrafnaping Heimastjórnin afslöppuð sem aldrei fyrr.

21.00 Ævintýraboxið Stefán Drengsson og félagar.

21.30 Heilsuþáttur Jóhönnu Skoðum fyrirmyndarnar Benedikt og Kristján aftur til að trú á eigin augum.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Candida sveppasýking Nútíma skaðvaldur

Kynningarfyrirlestur um einkenni og áhrifaríkar lausnir




Í **Bíosal Hótel Loftleiða**
laugardaginn 8. janúar, kl. 13.30 – 15.00

Verð: 1000 kr.

Hallgrímur P. Magnússon, lækni,
og Guðrún G. Bergmann,

höfundur sjálfræktarbóka, kynna bók sína

Candida sveppasýking
einkenni og lyfjalaus meðferð



Nýkomin!

Vegna mikillar
eftirspurnar er bókinn
nú gefin út aftur,
betrubætt og
endurskrifuð í ljósi
nýrra rannsókna um
þennan algenga en
leynda kvilla.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55
Logi í beinni

Pátturinn hjá Loga verður á óhefðbundnum tíma í kvöld og verður helgaður handbolta en HM í Svíþjóð hefst fimmtudaginn 13. janúar. Meðal gesta í þættinum verða Ólafur Stefánsson, Aron Pálmarsson og Snorri Steinn Guðjónsson sem koma beint úr erfiðum leik gegn Þjóðverjum og láta allt flakka fyrir átökin á HM.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn 07.03 Vítt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Óskastundin 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfreginir 10.15 Sagnaslóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 13.00 Tilraunaglasíð 14.03 Gírn, grúsk og glóriur 15.03 Útvarpssagan: Höll minninganna 15.25 Heiðursdoktorahátíð 16.00 Sídegisfréttir 16.05 Fimm fjórðu 17.03 Konungur á móti stormi 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Spjallinn 18.50 Veðurfreginir 18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Eyðieyjan 21.10 Hríngsól 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð kvöldsins 22.13 Litla flugan 23.00 Kvöldgestir 00.05 Næturtónar

BBC entertainment

12.45 Fawly Towers 13.15 Only Fools and Horses 13.45 MDA 14.15 QI 14.50 Lark Rise to Candleford 15.40 Lark Rise to Candleford 16.30 The Weakest Link 17.20 Deal or No Deal 17.55 Deal or No Deal 18.30 Only Fools and Horses 19.00 Live at the Apollo 19.45 Live at the Apollo 20.30 QI 21.00 QI 21.30 The Weakest Link 22.20 Fawly Towers 22.55 Fawly Towers 23.25 Only Fools and Horses 23.55 Only Fools and Horses 00.25 Live at the Apollo 01.10 Live at the Apollo

DR 1

12.30 Chris på Skolebænken 13.00 Vores Liv 13.30 Forsvindne danskere 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.05 Aftenshowet 15.00 Noddy 15.10 Bøvs! siger den lille bamse 15.15 Babar 15.30 Det kongelige spektakel 15.40 Peddersen og Findus 16.00 Landsbyhospitalet 16.50 Det søde liv 17.00 Tæt på dyrene på giraffangst 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Disney Sjov 19.00 X Factor 20.00 TV Avisen 20.30 Casino Royale 22.50 En lyslevende jul

NRK 1

12.05 FBI 12.35 Unix 13.00 NRK nyheter 13.05 Ut i naturen 13.35 Perspektiv. Og nå. Reklame! 14.00 NRK nyheter 14.05 EM skøyter 16.00 NRK nyheter 16.10 Filmavisen 1960 16.20 V-cup skiskyting 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.40 Norge rundt 19.05 Lyngbo og Hærlands Big Bang 19.55 Nytt på nytt 20.25 Mordene i Whitechapel 21.55 Kveldsnytt 22.15 Mordene i Whitechapel 23.00 Paul McCartney - god aften New York 00.00 Sognepresten

SVT 1

13.10 Upptäcktsresan 13.55 Veronica Mars 14.40 Rapport 14.45 Matilda 16.20 Skidskytte: Världscupen Oberhof 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Cirkus Maximum 18.15 Infor Idrottsgalan 2010 18.20 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 På spåret 20.00 Hasse Alfredson - ett porträtt 21.00 Den enfaldige mördaren 22.45 Räddningspatrullen 23.40 The Pacific 00.30 Veronica Mars 01.15 Ställd mot väggen



Hreinsaðu nefið og náðu andanum á ný



Ef þú ert með stíflað nef og nærð ekki andanum, skaltu nota Otrivin. Þegar þú getur dregið andann óhindrað að þér að nýju fyllist líkaminn af lofti og orku.



Otrivin®
Hvílíkur léttir

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu íennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 10-12 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. eringu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Otrivin 1 mg/ml: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Otrivin 0,5 mg/ml: Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfi nu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Söðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Gullkálfurinn Kiddi seldi þrjátíu þúsund



„Það myndi vera lagið Don't Stop Believin' með Journey. Það er mjög fint þegar vaktinni er lokið.“

Andri Jónsson, barþjónni á Austri.

„Við vorum duglegir strákarnir,“ segir gítarleikarinn og upptökustjórinn Guðmundur Kristinn Jónsson, eða Kiddi í Hjálmum.

Plötur þar sem Kiddi og félagar hans héldu um stjórnartaumana seldust í yfir þrjátíu þúsund eintökum á síðasta ári. Mest seldust nýjar plötur með Hjálmum, Baggalút og Diskóeyjunni, ásamt jólaflötu Sigurðar Guðmundssonar. Söluhæst var Baggalútsplatan Næstu jóla sem seldist í um 9.500 eintökum. Hinar þrjár plöturnar seldust í um fjögur þúsund eintökum hver um sig. Þar fyrir utan seldust eldri plötur ágætlega á árinu, þar á meðal með Hjálmum og barnaplatan Gilligill.

Kiddi stjórnaði að stórum hluta upptökum á plötunum og spilaði einnig inn á þær.

Spurður hvort allt sem hann snerti verði ekki hreinlega að gulli segir hann: „Alls ekki. Ég gerði tribute-plötu til heidurs Tony Joe White árið 2008 [Minni karla] og hún hefur ekki farið yfir tvö hundruð eintök. Það er stærsta floppið mitt. En það er góð plata og ég er sáttur við hana.“

Á ekki að reyna að gera enn betur en þrjátíu þúsund eintök á nýju ári?

„Verður maður ekki að dubbla þetta?“ segir hann og hlær.

„Við erum að gera alls konar skemmtilegt. Janúar og febrúar fara oft í að prufa alls konar hluti. Núna kemur tímabil þar sem maður leikur sér.“

Þess má geta að þrjú gigg



hafa verið bókuð erlendis hjá Hjálmum á árinu. Fyrst spila þeir á norsku bransahátíðinni by:Larm um miðjan febrúar og skömmu síðar í Sviss. Í júní verða þeir svo á reggihátíð í Noregi. „Þeir eru búnir að biðja okkur mjög oft en það hefur aldrei hitt vel á. Núna sögðum við já.“

GOTTAR AÐ BAKI Kiddi og félagar hans seldu yfir þrjátíu þúsund eintök á síðasta ári. -fb

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tobba Marinósdóttir, blaðakona og rithöfundur, var áberandi í þjóðlífinu á síðasta ári. Svo áberandi reyndar að mörgum þótti nóg um. Hafi einhverjir gert sér vonir um að Tobba ætlaði að halda sig til hlés á árinu þá verður þeim alls ekki að ósk sinni. Þær fregnir berast nú að stúlkan sitji sveitt við skriftir á leikriti og ætli að koma því á fjálfar fyr en síðar.



SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR: DORRIT ÁHUGASÖM UM HOLLUSTU

Forsetafrúin í sjónvarpið

„Dorrit er virkilega klár og skemmtileg kona sem hefur alltaf haft mikinn áhuga á hollum mat og heilbrigðum lífsstíl,“ segir Sólveig Eiríksdóttir, eða Solla eins og hún er gjarnan nefnd.

Í dag hefjast tukur á nýrri þriggja þátta sjónvarpsþáttaröð sem Saga Film framleiðir fyrir Stöð 2. Solla verður aðalstjórnaði þáttarins en henni til halds og trausts er engin önnur en forsetafrúin, Dorrit Moussaieff. „Við verðum oftast saman á skjánum en ég verð líka stundum ein,“ segir Solla, himinlifandi með að hafa sjálfa Dorrit sér við hlið fyrir framan sjónvarpsvélarnar.

Að sögn Solla verða þær stöllur í Gnúpverjahreppi í dag og ætla að heimsækja þar Skaftholt, sem hún segir vera eitt flottasta lífræna býlið á landinu og þótt víðar væri leitað. „Það er sextíu eða sjöttu prósent sjálfbært og þau eru að gera alveg stórkostlega hluti þar,“ segir hún.

Solla lýsir þáttunum sem blöndu af matreiðslu og fræðslu. Þær sækja bændur heim, skoði lífræna ræktun og kynni sér sjálfbærni. „Við ætlum að hitta fólk sem er að gera jákvæða og skemmtilega hluti og svo eldum við úr vörunum heima. Mig langar að sýna hvernig fólk getur nýtt sér hluti eins og þara og gera það á sérstakan hátt, eins og að setja þara í ís.“

Solla hlakkar augljóslega mikið



Í SJÓNVARP Dorrit Moussaieff verður Solla Eiríks til halds og traust í nýjum sjónvarpsþáttum um hollustu og heilbrigðan lífsstíl. Tukur á þættinum hefjast í dag og verða þær stöllur í Gnúpverjahreppi að skoða Skaftholt sem þykir í fremstu röð hvað lífræna ræktun varðar og sjálfbærni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALU

til og efast ekki um að það verði mjög gaman hjá sér og forsetafrúinni. „Hvernig svo sem útkoman verður,“ bætir hún við og hlær. Leiðir Solla og Dorritar lágu saman á athafnavikunni fyrir skemmstu þar sem forsetafrúin bar fram ljúffenga drykki úr smíðju Solla. Sá viðburður vakti mikla athygli og

óskipta gleði þeirra sem tóku þátt.

Þær Dorrit og Solla ætla einnig að heimsækja leikskóla og grunn-skóla. „Mig langar að sýna að krökkum þykir hollt fæði oft miklu betra en óhollt og að matreiðsla á hollum mat sé ekki jafn flókin og fólk vill stundum meina,“ segir Solla.

freyrgigja@frettabladid.is

Tónræktin

Fjölbreytt og skemmtilegt tónlistarnám fyrir alla.

Kennslugreinar:

- Píanó/hljómborð
- Gítar
- Söngur
- Rafbassi
- Trommur
- Harmóníka
- Upptökutækni og hljóðvinnsla

Músiksmiðja – fjölbreyttir tónlistartimar fyrir börn 4 til 7 ára.

Við í Tónræktinni leggjum metnað okkar í:

- að fólk hafi ánægju og gagn af náminu.
- að kenna nemendum að spila bæði eftir nótum/hljómum og eftir eyranu
- að námið nýtist hverjum og einum sem allra best

Nemendur okkar eru á öllum aldri og allir hjartanlega velkomnir.

Kennsla á vorönn hefst 17. janúar.

Umsóknir á tonraektin.is

Símar: 4621111

Björn Þórarinnsson skólustjóri, 6953217

Tónræktin-tónlistarskóli
Hafnarstræti 101 Akureyri

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



„Að búa til barnaefni er langskemmtilegasta vinna sem ég hef prófað,“ segir Brynhildur sem stjórnar Geymslunni í morgunsjónvarpi barnanna á Rúv ásamt Kristínu Evu.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

Ríkir Íslendingar kaupa lúxusbíla

„Sem betur fer er fullt af fólkum sem á pening,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota.

Sala á nýjum bílum hefur farið nokkuð greitt af stað þessa fyrstu viku ársins. Alls hafa 37 bílar selst, en af þeim eru fjórtán sem geta talist lúxusbílar. Þá er átt við bíla á borð við Audi, Porsche Jeep Cherokee og síðast en ekki síst Toyota Land Cruiser, en fjórir slíkir hafa selst í vikunni á ný til tólf milljónir króna hver. Páll segir Land Cruiserinn hafa selst vel undanfarn misseri, á meðan smærri bílar seljast ekki eins vel. „Hann er sá bíll sem seldist best á landinu til einstaklinga,“ segir Páll.

Á meðal þess sem orsakir góða bílasölu er að um áramót var lögum um vörugjöld breytt þannig að gjöld lækka á bílum með minni skráða losun á koltvísýringi. Þannig hefur verið lækkað á ýmsum bílum, en þó mest í krónum talið á dýrum lúxusbílum. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi til að mynda frá því í vikunni að verð á Porsche Cayenne jeppanum lækkaði um allt að

milljón krónur. Markaðurinn var ekki lengi að taka við sér en fjórir bílar hafa selst á árinu. Land Cruiser lækkar ekki jafn mikið. „Hann fer úr 45% vörugjalda-flokki í 44% þannig að hann er að lækka um 50 þúsund kall. Vinsælasti bíllinn,“ segir Páll.

Minni bílar seljast minna en áður og Páll segir ástæðuna fyrir því vera að hópurinn sem keypti þá hafi minni fjárráð en áður. „Þeir sem eru að kaupa bíla eru fyrst og fremst þeir sem hafa sparað og eiga pening. Og þeir kaupa stærri bíla.“

atlifannar@frettabladid.is



LÚXUSINN HELDUR VELLI Sala á bílum eins og Land Cruiser og Porsche Cayenne fer greitt af stað á árinu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu eru þeir Casper Christensen og Frank Hvam komnir til landsins eftir



að hafa flogið með Saga Class frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Casper og Frank eru í hópi vinsælustu sjónvarpsstjarna

hérlandis og eru hér til að kynna myndina sína, Klavn: The Movie. Casper og Frank hafa haldið mikilli tryggð við íslenska aðdáendur enda hafa dreifingaraðilar Klavnþáttanna lýst því yfir við danska fjölmiðla að vinsældir þeirra hér séu óútskýranlegt fyrirbæri.

Fjöldi fólks hefur óskað eftir nærveru þeirra, veitingastaðir vilja fá þá til sín og þá hafa Jöklaferðir boðið þeim í ferð á sinn kostnað. Grínistinn Steindí Jr. falaðist einnig eftir því að fá að gera stutt grínatriði með þeim en honum varð víst ekki kápan úr klæðinu enda virðist þeim Casper og Frank vera ákaflega annt um tíma sinn hér á landi og vilja nota hann vel og vandlega. -fsg



ÚTSALA

Frábær
tilboð!

ótrúlegt vöruúrval á brandaraverði!

Barnabuxur
Stærðir 4-14 ára

Áður 1.999
1.499



2.999

2
fyrir
1



Dömubuxur
Stærðir 36-46

Allt að
70%
afsláttur

SAIKO
Dömuúlpur

Áður 7.990
4.990

Stærðir xs-xxl



Áður 4.990
2.994

Hettupeysa


Loðfóðruð stærðir 1-6 ára



Áður 1.990
1.699

Hettupeysa

Stærðir 1-6 ára



GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11-19 alla daga vikunnar nema sunnudaga 12-17



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NÝTT ÍSLENSKT



ÞÓSVÆRSMÍÐJAN ★ KLETTUR www.gosogvatn.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kristinn dæmir á bumbumóti

Á laugardaginn munu vongóð „bumbulið“ berjast um farseðilinn til Abu Dhabi þar sem sigurliðið mun keppa á alþjóðlegu móti. Til mikils er því að vinna og eins og gjarnan er háttur á í áhugamannafótbolta verður hart barist og öllum brögðum beitt. Til að gæta allrar sanngirni hafa mótshaldarar því brugðið á það ráð að fá **Kristin Jakobsson**, fremsta dómara landsins, til að dæma úrslitaleikinn en hann dæmdi síðast opinberlega leik



Liverpool og Utrecht á Anfield. Meðal þeirra sem hafa skráð sig til leiks er lið skipað þeim Auðuni Blöndal, Ívari Guðmunds-syni, Hjörvari Hafliðasyni, Jóni Gunnari Geirdal og Heiðari Austmann.

Bogi að verða afi

Fréttahaukurinn góðkunnir **Bogi Ágústsson** er að verða afi í fyrsta sinn þar sem **Ágúst** sonur hans, útvarpsmaður á Rás 2, á von á barni með kærustu sinni, Valgerði Árnadóttur. Ekki nóg með það heldur eru nokkrar líkur á því að Bogi fái barnabarnið í 59 ára afmælisgjöf því að fyrirhugaður fæðingardagur barnsins er um sama leyti og afmæli hans í aprílbyrjun.

- fgg. þj



Mest lesið VISIR.IS

- 1 Gunnar Rúnar fluttur á Sogn
- 2 Þekkið þið ræningjana
- 3 Sonurinn lamaður fyrir neðan mitti – „Hrikalegt áfall“
- 4 FÍB um Kristján: „Hann ber sig karlmannlega“
- 5 Lögreglan í útkall vegna gítarleiks
- 6 Meintur nauðgari flutti til útlanda – rannsókn á lokastigi

skemmtilegri LAUGARDAGA SPAUGSTOFAN

Hollari



Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á því að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.

Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfnum,

hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru mikilvæg næringarefni, 14 fjörefni og steinefni, og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.